# Bændablaðið

9. tölublað 2026 • Fimmtudagur 14. maí • Blað nr. 702 • 32 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: www.bbl.is



**66°N hundrað ára** 100 einstaklingar fæddir á hverju ári í sögu fyrirtækisins, 1926–2026, ljósmyndaðir. 26



**Árbók Þingeyinga** Ritið er heimildabrunnur um lífið í Þingeyjarsýslum, segir Sverrir Haraldsson. 34



**Mennska skáldsins sigrar** Ný bók Gyrðis Elíassonar, Ótíð í víti. Lífsreynslusaga, sætir tíðindum. 52






SAUÐBURÐUR OG VORKOMA Birna Viðarsdóttir, bóndi á Norður-Hvoli í Mýrdalshreppi, tekur hér á móti lambi. Ærin bar tveimur mormögóttum hrútum, en sá litur er einnig þekktur sem golsótt. Birna og maðurinn hennar, Einar Magnússon, eru á kafi í sauðburði um þessar mundir, rétt eins og sauðfjárbændur um allt land. Þar að auki eru þau í gulrófnarækt og eru byrjuð að setja fræ í jarðveg. Á miðopnu blaðsins er rætt við sauðfjárbændur um allt land sem eru samála um að vorið sé gott þrátt fyrir lágt hitastig. Mynd / Einar Magnússon

## Hættulegar gröfur á netinu

**Á erlendum vefverslunum fást vinnuvélar á afar hagstæðu verði. Kaupendur hafa hins vegar lent í vandræðum með að fá þær skráðar þar sem þær uppfylla ekki öryggiskröfur.**

Vinnueftirlitið telur sérstaka ástæðu til að vara fólk við að kaupa vinnuvélar sem ekki eru CE-merktar. Upp hafa komið tilfelli þar sem Íslendingar hafa keypt vinnuvélar í góðri trú á sölutorgum utan EES, eins og AliExpress, en þegar eftirlitsfulltrúar taka vélarnar út fyrir skráningu vantar merkingar og gögn til þess að geta skráð vélarnar inn í landið. Í sameiginlegum gagnagrunni sem Vinnueftirlitið hefur aðgang að sést að það sama er að gerast um alla Evrópu. Helst er um að ræða smágröfur, liðléttinga og véldrifna aukahluti.

Veltigrindur á vinnuvélunum eru oft úr afar þunnu stáli og hafa sést öryggishús sem passa illa og eru ekki fest með fullnægjandi hætti. Öryggisbelti getur vantað, eða þá að þau eru fest á sæti sem er á löm og laus að aftan. Innan EES eru gerðar miklar kröfur um öryggisprófanir og rekjanleika, en oft vantar gögn til þess að staðfesta hvort búnaður vélanna uppfylli staðla. Ódýrar vinnuvélar af þessu tagi hafa sloppið inn í landið, en dæmi er um að nýleg vinnuvél sem keypt var af netinu hafi verið illa ryðguð og slitin eftir litla notkun.

*– Nánar á síðum 20–21.* */ál*

### Innflutt sumarblóm:

# Grunsemdir um ranga tollflokkun

## – Innflytjendur komist hjá 200 króna stykkjagjaldi

**Innflutningur á sumarblómum virðist í síauknum mæli fara fram undir röngu tollnúmeri sem ekki ber 200 króna stykkjagjald til viðbótar við þrjátíu prósenta toll.**

Í bréfi sem Bændasamtök Íslands hafa sent tollayfirvöldum og Bændablaðið hefur undir höndum er lýst áhyggjum af mögulegri brotalöm í framkvæmd tollflokkunar við innflutning á sumarblómum. Þau skal flokka í tollflokk sem ber 200 króna stykkjagjald til viðbótar við þrjátíu prósenta toll en markmiðið með því að skilgreina sérstakt tollskrárnúmer fyrir sumarblóm er að vernda innlenda framleiðslu sumarblóma, eins og segir í bréfinu, en þessi flokkur hefur verið í gildi frá 1. janúar 2020. Á sama tíma dró hins vegar verulega úr innflutningi sumarblóma í þessum tollaflokki og var hann orðinn enginn árið 2022 eftir því sem fram kemur í bréfi Bændasamtakanna. Um leið jókst innflutningur á tollskrárnúmerum fyrir 0602.9089, sem hefur skilgreininguna „Annað“, og 0602.9099, sem hefur yfirskriftina „Annars“.

Á fyrrnefnda númerinu var ekkert flutt inn á árunum 2017 til 2019 en strax árið 2020 voru flutt inn 8.319 kg og 12.645 kg á árinu 2025.

Innflutningur á síðarnefnda tollskrárnúmerinu fór svo stigvaxandi frá árinu 2017 til 2020, eða úr 51.483 kg í 126.522 kg. Innflutningur á því númeri fór hæst upp í 140.331 kg árið 2023 en var 125.737 árið 2025.

Í bréfinu taka Bændasamtökin fyrir að um einhvern rugling gæti verið að ræða en í veftollskrá sé að finna tæmandi upptalningu á þeim plöntum sem falla undir þann tollflokk sem ber stykkjagjald og ætti því ekki að leika neinn vafi á því við tollflokkun. Enn fremur segir í bréfinu: „Í ljósi þess að framboð af innfluttum sumarblómum hefur verið mikið í innlendri smásölu og heildsölu á umræddu tímabili, vekur framangreint að mati Bændasamtakanna óhjákvæmilega upp grunsemdir um að sumarblóm séu við innflutning flokkuð í aðra tollflokka sem ekki njóta markaðsverndar í formi stykkjagjalds.“

Í bréfinu er bent á að röng tollflokkun rýri þá vernd sem tollurinn á að hafa fyrir íslenska framleiðslu auk þess sem ríkissjóður verði af tekjum.

Axel Sæland, formaður garðyrkjudeildar Bændasamtaka Íslands, segir þetta grafa verulega undan innlendri framleiðslu en mál af þessu tagi þar sem röng tollflokkun er notuð til að komast hjá gjöldum hafi komið upp áður. */þh*

*– Sjá nánar á síðu 8.*


VÉLFANG
CLAAS
FENDT
KUHN
JCB
Kverneland
Schäffer
STRAUTMANN

Bændablaðið | Fimmtudagur 14. maí 2026

## Borgarráð:

# Víkur Mörk af lóðinni

**Borgarráð samþykkti á síðasta fundi sínum fyrir kosningar á fimmtudag í síðustu viku að víkja Gróðrarstöðinni Mörk af lóð sinni við Stjörnugróf í áföngum. Knattspyrnufélagið Víkingur fær lóðina til frekari uppbyggingar í Fossvogsdalnum en félagið hyggst byrja á því að malbika bílastæði á lóðinni. Borgarstjóri svarar ekki spurningum blaðsins um málið.**

Gróðrarstöðin Mörk á að víkja af lóðinni í þremur áföngum, fyrst nú í lok þessa árs og svo árið 2032 en hún á að vera alfarin árið 2050. Endanlegum flutningi Markar af lóðinni hefur því verið frestað um áratug frá fyrri kröfum borgarinnar.

Guðmundur Vernharðsson, annar eigenda Gróðrarstöðvarinnar Markar, segir að niðurstaða málsins hefði mátt vera betri. „En við leggjum okkur fram um að taka þessu með jákvæðu hugarfari.“ Það sem Guðmundur segir jákvætt er að þeim er gert mögulegt að vera með rekstur í Fossvoginum til 2050.

„Við eigum í þessu samhengi mikið undir, að Kópavogsbær verði okkur áfram hliðhollur varðandi land sem við höfum haft til afnota þeirra megin. Þetta er mikil blóðtaka fyrir okkur að missa um helming af okkar framleiðslusvæði í Reykjavík og þurfa að flytja ræktunarreiti, plastbogahús og 200 fm stálgrindarhús á okkar kostnað og koma fyrir annars staðar á lóðinni. Þessi minnkun hefur veruleg áhrif á framleiðslugetu fyrirtækisins,“ segir Guðmundur og bætir við að stöðin muni þurfa að hætta með einhverjar tegundir eða skera verulega niður í magni.

Eins og fram hefur komið í fréttum ætlar Víkingur að byrja á því að malbika bílastæði á þeim hluta lóðarinnar sem félagið fær afhentan um næstu áramót.

### Borgarstjóri svarar ekki

Heiða Björg Hilmisdóttir borgarstjóri svarar ekki spurningum sem blaðið sendi til hennar um málið, þrátt fyrir ítrekaðar óskir um svör.

Þar var meðal annars spurt hvort skoðaðar hafi verið aðrar lausnir á málinu en að vísa Mörk af lóð sinni. Hvort snúa hefði mátt þessari ákvörðun borgarráðs frá 2008 við og finna aðra lausn á lóðavanda Víkings. Hvort borgin hafi skoðað að bjóða Mörk aðra lóð innan borgarmarkanna til leigu. Hvort borgarstjóri væri sáttur við að græn starfsemi af þessu tagi, sú síðasta sinnar tegundar í borginni, myndi leggjast af. Hvort hugað hafi verið að hagsmunum Gróðrarstöðvarinnar Markar við afgreiðslu málsins og hvernig þá. Og hvernig brotthvarf Gróðrarstöðvarinnar Markar úr borgarlandinu félli að stefnu Reykjavíkurborgar um sjálfbæra þróun, uppbyggingu grænna svæða, trjárækt og vistvænt borgarumhverfi til framtíðar. */þh*



**Mynd af þeim svæðum sem Mörk missir í áföngum. Hluti A. sem Mörk missir næstu áramót. er um 3.460 fermetrar. Hluti B, sem Mörk missir 2032, er um 6.775 fermetrar. Hluti C, sem Mörk heldur til 2050, er um 8.698 fermetrar.**

***- Sjá nánar á síðum 7 og 8***

## Ólafur búsettur í Fossvogsdal

Ólafur F. Magnússon var búsettur í Fossvogsdal þegar hann lofaði knattspyrnufélaginu Víkingi stækkun lóðar árið 2008.

Ólafur var borgarstjóri þegar hann mætti í hundrað ára afmæli Víkings árið 2008 og hét því að félagið fengi stærri lóð í Fossvogsdal til þess að hefja frekari uppbyggingu félagsins á svæðinu.

Ólafur lagði svo tillögu fyrir borgarráð í júlí þetta sama ár um að Víkingur fengi lóð Gróðrarstöðvarinnar Markar í Stjörnugróf þegar lóðarsamningur hennar rynni út árið 2016. Borgarráð samþykkti tillöguna. */þh*




# Innbrot í svínabú Stjörnugríss

## – Miklar skemmdir og talsvert tjón

**Brotist var inn í svínabú Stjörnugríss í Brimnesi á Kjalarnesi aðfararnótt 11. maí, stíur opnaðar og hurðir skildar eftir opnar þannig að dýrin gengu laus um húsin og úti á túni við búið.**

Miklar skemmdir voru unnar við innbrotið, segir í tilkynningu frá Geir Gunnari Geirssyni, forstjóra Stjörnugríss, á skrifstofuaðstöðu starfsfólks og í svínahúsum búsins. „Afleiðingar innbrotsins fyrir dýrin eru mjög alvarlegar. Tíu smágrísir drápust í ringulreiðinni sem skapaðist og t.a.m. þurfti að aflífa einn grís vegna kjálkabrots. Þá eru fjölmargar gyltur með áverka, meðal annars haltar og rispaðar, og eitt fósturlát hefur þegar orðið. Búast má við frekari afleiðingum á næstu dögum og vikum, meðal annars vegna streitu, mjólkurmissis hjá gyltum og mögulegra fleiri fósturláta.

Ljóst er að verulega var brotið gegn smitvörnum búsins þar sem dýr úr mismunandi hópum blönduðust saman og sum þeirra fóru út fyrir húsakynni búsins. Umfang og framkvæmd verknaðarins benda til þess að fleiri en einn hafi staðið að innbrotinu. Af verksummerkjum má ráða að brotið hafi verið framið undir yfirskini dýravelferðar, þrátt fyrir að afleiðingar gjörðanna hafi valdið dýrunum verulegu tjóni og þjáningum,“ segir í tilkynningunni. Handskrifað bréf var skilið eftir sem komið er í hendur lögreglu, en innbrotið var kært.

### Engar eftirlitsmyndavélar

Geir Gunnar Geirsson, forstjóri Stjörnugríss, segir í samtali við Bændablaðið að í kjölfar innbrota inn á nokkur íslensk minkabú í mars hafi Geir sent útkall til annarra svínabænda um að vera meira á verði gagnvart þessari hættu. Hann viti ekki til þess að settar hafi verið upp eftirlitsmyndavélar, það hafi í það minnsta ekki verið gert á hans búi en mögulega sé það næsta skref sem verði tekið.

Hann segir að svínabændur hafi þurft að þola ómaklega orðræðu sem skotið hafi upp kollinum aftur og aftur, um meintan slæman aðbúnað svína. Það sé hættuleg umræða og geti orðið til þess að æra óstöðuga, sem kannski sannist í þessum verknaði. Það sé líka afar ósanngjörn umræða því svínaræktendur á Íslandi hafi á undanförnum árum ráðist í úrbætur á sínum búum í þágu betri aðbúnaðar. Búgreinin sé auk þess undir ströngu eftirliti Matvælastofnunar og lúti raunar hvað mestu eftirliti Matvælastofnunar af þeim búgreinum þar sem fengist er við dýraeldi. Opinberir aðilar verði að bregðast málefnalega við þegar slík orðræða láti á sér kræla.


**Geir Gunnar Geirsson.**

Geir Gunnar segir að tjónið sé mest tilfinningalegt fyrir þá sem standa að búinu og starfsfólkið og svo hafi þetta mikil áhrif á líðan dýranna en óvíst sé hversu alvarleg eða langvinn þau verði.

### Spenagrísir viðkvæmir

Í tilkynningunni segir að dýrin hafi verið í miklu uppnámi þegar starfsfólk kom til vinnu morguninn eftir. Í óreiðunni hafi þau slasað sig sjálf en einnig hvert annað. Sérstaklega hafi verið þungbært að finna dauða grísi eftir nóttina.

„Mjög alvarlegt er þegar ró raskast hjá gyltum með got. Spenagrísir eru afar viðkvæmir fyrstu dagana og ef þeir týna móður sinni eða lenda hjá rangri gyltu getur hún hafnað þeim. Þá fá þeir hvorki næga næringu né vernd og geta veikst eða drepist á skömmum tíma. […] Við viljum jafnframt hvetja þá sem stóðu að þessum verknaði til að gefa sig fram og axla ábyrgð á gjörðum sínum. Við skiljum vel að fólk hafi áhuga á og áhyggjur af dýravelferð og það er af hinu góða að velferð dýra sé í hávegum höfð í samfélaginu.

Það er eitt að mótmæla eða hafa skoðanir á búrekstri, en allt annað að valda dýrum þjáningu, meiðslum og dauða, raska ró þeirra og eyðileggja umhverfi þeirra í nafni málstaðar síns.

Ég tel að allir hljóti að fordæma verknað af þessu tagi. Mótmæli eiga aldrei að bitna á dýrunum sjálfum,“ segir í tilkynningunni. */smh*

## Stuðningur við landbúnað:

# Ráðuneytið telur ástæðu til ítarlegrar yfirferðar flokkunar

**Í 7. tölublaði Bændablaðsins var greint frá samanburðartölum úr skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) frá síðasta ári, um stuðning ýmissa landa til almennrar þjónustu við landbúnað, þar sem fram kom að hlutfallið á Íslandi er mun lægra en í öðrum Evrópulöndum. Atvinnuvegaráðuneytið gerir ekki athugasemd við tölur OECD, en segir gögnin ekki hafa verið endurskoðuð um árabil.**

Þennan stuðningsflokk, General Services Support Estimate (GSSE), skilgreinir OECD í skýrslunni Agricultural Policy Monitoring and Evaluation 2025 sem stuðning sem sé utan við beinan framleiðslustuðning við bændur. Á árunum 2022–2024 var þetta hlutfall 3,9% af heildarstuðningi við landbúnað á Íslandi en 4,7% í Noregi, 12,9% í Evrópusambandinu og 12,6% í Bretlandi. Innan þessa flokks fer um 11% til þekkingar- og nýsköpunarstarfa landbúnaðarins (knowledge and innovation system) á Íslandi, en um 67% til eftirlits og stjórnunar (inspection and control). Í Noregi og Evrópusambandinu fer meira en 50% til þekkingar- og rannsóknarstarfa landbúnaðarins.

Í skýrslunni eru samanburðartölur við árin 2000–2002, þegar Framleiðnisjóður landbúnaðarins var enn starfandi en hann var lagður niður þegar Matvælasjóður var stofnaður árið 2020. Á þessum árum var hlutfall GSSE af heildarstuðningi við landbúnaðinn 7,4% og hlutfall stuðnings við þekkingar- og nýsköpunarstörf þar innanborðs rúmlega 45%.

### Ástæða til ítarlegrar yfirferðar

Í svari ráðuneytisins við fyrirspurn um hvort þessi þróun sé talin ásættanleg, segir að ekki sé að svo stöddu hægt að taka afstöðu til hennar fyrr en nýtt stöðumat hafi farið fram. Ekki séu gerðar athugasemdir við tölurnar sem vísað sé til frá OECD, en hafa beri í huga að flokkunin á því hvað teljist til GSSE hafi ekki verið endurskoðuð um árabil. Telur ráðuneytið að ástæða sé til ítarlegrar yfirferðar á þeirri flokkun. Slík endurskoðun krefjist ítarlegrar rýni og samráðs við OECD og sé tímafrekt verkefni.

Ástæða þess að þörf sé á endurskoðunar sé ekki síst vegna þess að Framleiðnisjóður landbúnaðarins hafi verið sérmerktur landbúnaði en Matvælasjóður sé það ekki.

### Virk þátttaka landanna

Í formála skýrslunnar segir að niðurstöður hennar byggi á umfangsmiklu kerfi OECD til að mæla og flokka stuðning við landbúnað. Þau gögn gefi samanburðarhæfar upplýsingar á milli landa.

Í þakkarorðum segir að skýrslan hafi verið unnin með virkri þátttöku landanna sem hún nær til og stjórnvöldum sérstaklega þakkað vegna framlag þeirra varðandi upplýsingargjöf, gagnaskil og yfirlestur af ýmsu tagi. */smh*



**Skýrsla OECD Agricultural Policy Monitoring and Evaluation 2025. Atvinnuvegaráðuneytið segir að flokkunin á því hvað telst stuðningur til almennrar þjónustu við landbúnað hafi ekki verið endurskoðuð um árabil og ástæða talin til ítarlegrar yfirferðar.**

# ÞETTA SNÝST UM SAMFÉLAGIÐ




Kynntu þér stefnumál B lista Framsóknar í þínu sveitafélagi á framsokn.is

Akranes - Akureyrarbær - Árborg - Borgarbyggð - Dalvíkurbyggð - Fjarðabyggð - Garðabær - Grindavík - Grundarfjörður - Hafnarfjörður - Hornafjörður - Húnabyggð - Húnaþing vestra - Hveragerði - Ísafjarðarbær - Kópavogsbær - Mosfellsbær - Múlaþing - Norðurþing - Rangárþing eystra - Reykjanesbær - Reykjavíkurborg - Skagafjörður - Skagaströnd - Strandabyggð - Suðurnesjabær

Framsókn



Mynd sem fylgdi auglýsingu á Facebook-síðunni Bútækni Finnboga þar sem innfluttar dekkjahliðar voru auglýstar til sölu. Mynd / Bútækni Finnboga

# Dekkjahliðar fluttar inn

**Þrátt fyrir að mikið falli til af vörubíladekkjum á Íslandi svarar ekki kostnaði að framleiða dekkjahliðar innanlands.**

Við votheysverkun á heyi í útistæðum þurfa bændur að leggja farg ofan á stæðuplastið, bæði til að koma í veg fyrir að það fjúki og að minnka pláss fyrir súrefni. Algengt er að nota svokallaðar dekkjahliðar, sem eru búnar til úr gömlum vörubílsdekkjum. Þegar dekkin hafa verið skorin á þennan hátt eru þau bæði þægilegri í meðförum og skapast minni hætta á að stálþræðir úr sólanum geri agnarsmá göt á plastið.

Nokkra athygli vakti þegar Finnbogi Magnússon, sem selur búvélar og tæki, auglýsti á Facebook að hann hefði hafið innflutning á dekkjahliðum erlendis frá. Þar kom fram að við kaup á einu búnti með 50 hliðum kostaði hver hlið 540 krónur án virðisaukaskatts og að meðalþyngd á hverri hlið sé 13 kílógrömm. Skrifuðu margir athugasemdir þar sem þeir lýstu undrun sinni á því að ekki væri hægt að kaupa dekkjahliðar af innlendum aðilum, enda fellur til mikið af dekkjahliðum á Íslandi.

Guðmundur Árni Jónsson, sérfræðingur í endurvinnslu hjá Hringrás, kannast vel við notkun á dekkjahliðum sem farg á heystæður. Hann segir fyrirtækið hafa skorið hliðar af vörubíladekkjum til þess að selja bændum, en hafi hætt því þar sem það svaraði ekki kostnaði. Hringrás sendir dekk til endurvinnslu erlendis og fær rúmlega 80 króna úrvinnslugjald fyrir hvert kíló sem skilar sér í meiri afkomu. „Við fáum allt að tíu sinnum minna fyrir þetta ef við leggjum í vinnuna við að skera dekkin," segir Guðmundur. Hann bætir jafnframt við að þessi vara sé ekki seld í miklu magni og því borgi sig ekki fyrir fyrirtækið að koma sér upp tækjabúnaði sem geti gert þetta á hagstæðari hátt.

Fura er eitt þeirra fyrirtækja sem tekur við hjólbörðum til endurvinnslu. Samkvæmt svörum þaðan var skoðað fyrir þónokkrum árum að fara út í framleiðslu á dekkjahliðum, en ákveðið að gera það ekki. */ál*

# Norskir búvörusamningar

**Viðræður eru í gangi um árlega búvörusamninga á milli norskra bænda og ríkisins.**

Norskir bændur settu fram kröfu um greiðslur upp á 4,2 milljarða norskra króna, þar af 2,6 milljarða vegna verðhækkana á tilbúnum áburði og dísilolíu í kjölfar innrásar Bandaríkjamanna og Ísraels á Íran. Verð á áburði hefur þegar hækkað um 15% í Noregi og verð á gjaldfrjálsri dísilolíu um 35%.

Ríkið bauð bændum 3,2 milljarða. Í tilboðinu er meðal annars áhersla á aukna sjálfbærni, fræbirgðir og að norska þingið ákvað að tekjur bænda verði jafnar tekjum annarra launþega árið 2027. Samningsfrestur er til 16. maí. Samningar síðasta árs hljóðuðu upp á 1,1 milljarð.

Í svari atvinnuvegaráðuneytisins við fyrirspurn um hvort tekið sé mið af hækkun á verði á innfluttum nauðsynjavörum til landbúnaðarframleiðslu, í samningum um framlenginu búvörusamninga segir að „við ársframlengingu búvörusamninga er ekki gert ráð fyrir efnislegum breytingum nema að litlu leyti".

„Tölur fjárlaganefndarinnar sýna greinilega að sú framleiðsla sem leggur mest af mörkum til sjálfbærni og nýtingar norskra auðlinda býr við ömurlega fjárhagsstöðu," segir Tor Jacob Solberg, leiðtogi norsku bænda- og smábændasamtakanna, í samtali við NRK.

Matvælaframleiðsla heimsins minnkar umtalsvert verði langvarandi vöntun á tilbúnum áburði. Sameinuðu þjóðirnar vara nú við vaxandi hungursneyð opni Hormússundið ekki. */eks*








Náttúruverndarsamtök Íslands segja kortlagningu íslenskra víðerna vera „ákaflega mikilvægt skref í verndun náttúru í bæði íslensku og alþjóðlegu samhengi". Myndin er tekin á Lónsöræfum. Mynd / þh

Kortlagning:

# Skiptar skoðanir á reglugerðardrögum

**Náttúruverndarfólk er almennt ánægt með drög að reglugerð um kortlagningu óbyggðra víðerna sem umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur lagt fram til Alþingis en orkugeirinn setur fyrirvara við drögin.**

Reglugerðardrögunum er ætlað að kveða á um þau viðmið og forsendur sem liggja til grundvallar kortlagningu óbyggðra víðerna á landinu. Markmiðið er að setja fram samræmda aðferðafræði við kortlagningu víðerna landsins sem „byggir á skýrum viðmiðum og forsendum" eins og segir í kynningartexta á samráðsgátt stjórnvalda. „Kortlagningin skal byggja á hlutlægum viðmiðum um áhrif mannvirkja og annarrar landnotkunar á lífríki, náttúrulega ferla og upplifun fólks af víðernum."

Þar er sömuleiðis bent á að skort hafi á skýra skilgreiningu viðmiða og forsendna frá setningu laga um náttúruvernd frá 2013 og því hafi „tilraunir til samræmdrar kortlagningar þessara svæða verið með nokkuð ólíkum hætti og byggst á mismunandi túlkun á því hvaða áhrif einstök mannvirki skuli hafa á afmörkun víðerna".

### Veruleg framför

Þorvarður Árnason, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði, hefur bent á það í bók sinni Víðerni – verndun hins villta í náttúru Íslands að þessi viðmið og forsendur skorti til þess að hægt sé að afmarka víðerni landsins. Í bókinni segir hann meðal annars: „Við vitum ekki hvar víðerni landsins fyrirfinnast, hversu mörg þau eru, hvar draga skuli mörkin á milli þeirra, hversu umfangsmikil þau eru í heild né hvað sérkennir þau, í það minnsta í náttúrulegu tilliti."

Í umsögn sinni um reglugerðina segir Þorvarður hana „marka verulega framför í náttúruvernarmálum á Íslandi". Segir hann ekki síst mikilvægt að „reglugerðin heggur á ýmsa hnúta sem hafa bæði torveldað tilraunir til kortagerðar á fyrri árum og valdið óvissu sem hefur, í vissum tilfellum, magnað upp deilur á milli ólíkra hagaðila".

Náttúruverndarstofnun fagnar sömuleiðis reglugerðardrögunum og segir að það megi líta á þau „sem verkfæri til að vernda náttúru og bæta ákvarðanatöku". Enn fremur segir þar: „Kortlagning hjálpar m.a. við að skilgreina hvaða svæði teljast raunverulega víðerni (án manngerðra áhrifa) og styður við vernd á viðkvæmum vistkerfum og ósnortnum landsvæðum. Kortlagning eykur gæði við ákvarðanatöku um landnýtingu þar sem til verða sameiginleg viðmið."

Náttúruverndarsamtök Íslands segja kortlagningu íslenskra víðerna vera „ákaflega mikilvægt skref í verndun náttúru í bæði íslensku og alþjóðlegu samhengi".

„ ... reglugerðin heggur á ýmsa hnúta sem hafa bæði torveldað tilraunir til kortagerðar á fyrri árum og valdið óvissu sem hefur, í vissum tilfellum, magnað upp deilur á milli ólíkra hagaðila.

### Hafi ekki bindandi áhrif á landnýtingu

Í umsögn Landsvirkjunar er lögð áhersla á að ákvæði reglugerðarinnar „haldist innan þess lagaramma sem náttúruverndarlög setja og að þess sé gætt að kortlagningin hafi ekki bindandi áhrif á landnýtingu". Áformuð kortlagning megi þannig ekki leiða til „sjálfvirkrar útilokunar svæða frá uppbyggingu orkuvinnslu, sér í lagi svæða sem teljast nú þegar röskuð eða á skilgreindum iðnaðarsvæðum".

Landsvirkjun bendir enn fremur á „mikilvægi þess að reglugerðin samræmist áherslum stjórnvalda um einföldun stjórnkerfis sem og leyfisveitinga orkuvinnslu". Reglugerðin megi ekki auka flækjustig. Í umsögn Samorku er tekið í svipaðan streng. Lagt er til að endurskoða reglugerðardrögin með það að markmiði að „skýra betur hlutverk kortlagningar og takmarka íþyngjandi áhrif hennar". Mikilvægt sé að kveða skýrt á um það að „kortlagning sé fyrst og fremst upplýsingagagn, en ekki sjálfstæð takmörkun á landnotkun", segir í umsögn Samorku.

### Ákveðið jafnvægi

Í reglugerðardrögunum er skilgreind aðferðafræði við kortlagningu víðerna. Þar er meðal annars gert ráð fyrir að afmörkun víðerna byggi meðal annars á svokölluðum skerðingarsvæðum umhverfis mannvirki og önnur tæknileg ummerki, svo sem vegi, byggingar og orkumannvirki. „Þessi skerðingarsvæði geta verið misstór eftir því hversu áberandi umrædd mannvirki eru talin vera í landslagi. Við afmörkun hluta þessara svæða er heimilt að beita sýnileikagreiningu til að meta hvort mannvirki eru sýnileg í landslagi", segir í kynningartexta.

Þar segir sömuleiðis að við vinnslu reglugerðardraganna hafi verið leitast við að ná ákveðnu jafnvægi við ákvörðun viðmiða og skerðingarvegalengda einstakra mannvirkja. „Annars vegar var litið til þess að gera ekki of strangar kröfur varðandi stærð skerðingarsvæða eða sýnileikaáhrif, þar sem of ströng viðmið gætu leitt til þess að fá og tiltölulega lítil svæði yrðu í raun skilgreind sem óbyggð víðerni á Íslandi. Hins vegar var jafnframt varast að hafa viðmiðin of rúm þannig að stór svæði yrðu skilgreind sem víðerni þrátt fyrir að upplifun og gæði slíkra svæða væru skert af mannvirkjum eða annarri landnotkun". */þh*

# TRAUSTUR FERÐAFÉLAGI

SUZUKI



## FJÓRHJÓL

**Suzuki KingQuad**
**verð frá: 2.290.000 kr,-**

Valmöguleikar:
- Traktorskráning
- Torfæruskráning




## BÁTAR

Stórt úrval báta,-
**Zodiac, AKA Marine og Bombard.**

Við eigum lím, bætur, hreinsi og bónvörur fyrir Zodiac.



## UTANBORÐS-MÓTORAR

Eigum til utanborðsmótara frá **2,5 til 300 hestöfl** á lager.

Kynntu þér verðlistann á heimasíðunni okkar: www.suzuki.is

## MÓTORHJÓL

Fyrir þá sem vilja **þjóta og njóta.**



ZODIAC

SUZUKI HF.
SUZUKISPORT@SUZUKI.IS

SKEIFAN 17

S: 568 5100

Bændablaðið

**Ritstjóri:** Þröstur Helgason (ábm.) throstur@bondi.is – **Sími:** 563 0300
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Blaðamenn:** Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Edda Kristín Sigurjónsdóttir edda@bondi.is
Katrín Lilja Jónsdóttir katrinlilja@bondi.is – Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is
Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is
**Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: bbl@bondi.is
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf.
**Upplag:** 33.000 **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

# Skrílsháttur

Sláandi fréttir bárust af innbroti í svínabúið Stjörnugrís í vikunni. Eins og fram kemur í blaðinu hér í dag bendir umfang og framkvæmd verknaðarins til þess að fleiri en einn hafi verið að verki. Af verksummerkjum megi einnig ráða að brotið hafi verið framið undir yfirskini dýravelferðar. Samt sem áður bitna afleiðingar innbrotsins ekki síst á dýrunum en tíu smágrísir drápust og einn þeirra þurfti að aflífa vegna kjálkabrots. Þá eru fjölmargar gyltur með áverka, meðal annars haltar og rispaðar, og tvö fósturlát höfðu þegar orðið þegar síðast fréttist. Búast má við frekari afleiðingum á næstu dögum og vikum, meðal annars vegna streitu, mjólkurmissis hjá gyltum og mögulegra fleiri fósturláta, eins og segir í fréttatilkynningu frá Stjörnugrís.

Ef það er rétt að innbrotið sé framið undir yfirskini dýravelferðar er augljóst að það gengur gegn málstaðnum. Aðgerðir sem skaða dýrin, sem yfirlýst markmið er að verja, geta einfaldlega ekki talist forsvaranlegar. Með þeim vinna aðgerðarsinnar þvert á móti gegn málstað sínum.

Greinilega er hér um brot að ræða gegn löglegri atvinnustarfsemi í landinu. Auk þess hafa svínabændur á undanförnum árum ráðist í miklar úrbætur á búum sínum í þágu betri aðbúnaðar eins og lög og reglugerðir gera ráð fyrir. Eftirlit er sömuleiðis strangt af hálfu Matvælastofnunar og forstjóri Stjörnugríss bendir raunar á að svínaeldi lúti hvað mestu eftirliti af þeim búgreinum þar sem fengist er við dýraeldi.

Bændum er annt um velferð dýra sinna. Þeir fara að lögum og reglum um dýrahald þó að einstaka undantekningar megi finna þeirra á meðal eins og á öllum sviðum mannlífsins. Sé fólk ósátt við lög og reglur um dýravelferð væri rétt að það beindi spjótum sínum að löggjafanum en ekki bændum, búum þeirra og dýrum. Annað er skrílsháttur og lögbrot sem taka verður hart á.

### Hvað segja bændur?

Ríflega helmingur bænda, eða 53%, telur aðstæður í efnahagslífinu á Íslandi vera slæmar fyrir búrekstur sinn. Aðeins 8% telja þær góðar og 39% segja þær hvorki góðar né slæmar.

Þetta eru niðurstöður könnunar sem birtist í síðasta Bændablaði og hljóta að teljast afdráttarlausar um rekstrarumhverfi íslensks landbúnaðar.

Bændablaðið hefur varpað ýmsum spurningum á bændur innan Bændasamtaka Íslands undanfarna mánuði og birt í blaðinu undir yfirskriftinni Hvað segja bændur? Tilgangurinn með þessu er einfaldlega að kanna viðhorf bænda til ýmissa hluta sem snerta rekstur þeirra, störf og daglegt líf.

Á meðal athyglisverðra niðurstaðna er til dæmis sú að meira en helmingur bænda sinna störfum utan bús. Sú staðreynd segir kannski meira en mörg orð um afkomu íslenskra bænda.

Bændablaðið mun halda áfram að kanna viðhorf bænda til ýmissa hluta á næstu mánuðum og misserum. Blaðið þakkar þeim sem hafa tekið þátt í þessum könnunum og hvetja alla sem vilja hafa áhrif á upplýsta umræðu að svara þeim.

*Þröstur Helgason*




# Heildstætt söfnunarkerfi fyrir dýraleifar

**Fréttaljós** | Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is

**Stjórnvöld ætla að setja upp heildstætt söfnunarkerfi fyrir dýraleifar sem mun ná bæði til heilla skrokka úr áhættuflokkum og annarra dýraleifa. Safnað verður á öllu landinu og verður söfnunarsvæðum skipt upp eftir landshlutum.**


**Söfnunarkerfið mun ná til dýraleifa af sauðfé, nautgripum, hrossum, svínum, geitum og alifuglum. Dýraleifarnar geta verið heilir skrokkar eða skrokkhlutar af aflífuðum eða sjálfdauðum dýrum eða efni sem fellur til við heimaslátrun.** Mynd / smh

Samkvæmt upplýsingum úr atvinnuvegaráðuneytinu er vinna við útboðsgögn og fyrirkomulag söfnunarkerfisins í gangi og verður lokið eins fljótt og kostur er. Stefnt sé að því að dýraleifarnar verði fluttar í brennslustöðina Kölku á Reykjanesi til förgunar, eftir að þeim hefur verið safnað saman.

### Um 84% hræja til urðunar

Í febrúar var í Bændablaðinu fjallað um það mikla magn dýrahræja sem fór ólöglega til urðunar árið 2024, sem var alls um 84% þeirra hræja sem var fargað það ár samkvæmt opinberum skráningum. Um 16% fóru lögformlega leið til brennslu. Á mælaborði Umhverfis- og orkustofnunar um úrgang sést að heildarmagn dýrahræja sem féll til á árinu 2024 voru 1.410 tonn.

Matvælastofnun ber ábyrgð á eftirliti með þessum flokki úrgangs, sem skilgreindur er sem „aukaafurðir dýra“. Það er þó á ábyrgð bænda og annarra eigenda þessa úrgangs að koma honum í viðeigandi förgun. Í umfjölluninni í febrúar fengust þær upplýsingar frá Matvælastofnun að stjórnvöld hafi gert ráð fyrir tímabundnu fjárframlagi fyrir árin 2026–2028 til að bjóða út og fjármagna rekstrarkostnað á samræmdu söfnunarkerfi fyrir dýraleifar. Sagði í svari stofnunarinnar að þrátt fyrir að ýmis sveitarfélög hefðu á undanförnum árum sett upp vísi að söfnunarkerfi fyrir dýrahræ væri enn ekki til heildstætt söfnunarkerfi í landinu sem sjái um að taka við dýrahræjum og koma þeim í viðeigandi meðhöndlun. Ómögulegt sé því fyrir stóran hluta bænda að uppfylla kröfur regluverksins. Í svari atvinnuvegaráðuneytisins sagði í febrúar, við fyrirspurn um fyrirhugað söfnunarkerfi, að ráðuneytið og Matvælastofnun hafi unnið að mótun fyrirkomulags á landsvísu fyrir slíkt kerfi. Markmið verkefnisins væri að skilgreina útfærslu þjónustunnar þannig að hún henti öllum aðilum í keðjunni, bændum, flutningsaðilum, móttöku og brennslustöðvum. Fyrirhugað væri að bjóða verkefnið út á næstu vikum væri unnið að frágangi útboðsgagna vegna málsins.

### Engin svör um kostnað bænda

Um miðjan apríl var leitað upplýsinga um stöðu á þessu verkefni hjá atvinnuvegaráðuneytinu. Spurt var meðal annars um mögulegan kostnað bænda við að losa sig við úrganginn í gegnum nýja söfnunarkerfið, hvort hann yrði að einhverju leyti niðurgreiddur af stjórnvöldum miðaði við núverandi förgunarkostnað. Engin svör fengust við þeim spurningum en fram kom að unnið væri að gerð útboðsgagna og því lægi endanlegt fyrirkomulag enn ekki fyrir.

Ljóst væri þó að gert sé ráð fyrir að söfnunarsvæði verði skipt upp í afmörkuð útboðssvæði tiltekinna landshluta. Þeim sem vilja bjóða í verkin verði heimilt að skila tilboðum í eitt, tvö eða öll svæðin – en tilboðin verði að ná í heild yfir hvert svæði. Ekki verði heimilt að bjóða eingöngu í söfnun eða flutning.

### Þrír áhættuflokkar dýraleifa

Atvinnuvegaráðuneytið segir að söfnunarkerfið muni ná til dýraleifa af sauðfé, nautgripum, hrossum, svínum, geitum og alifuglum. Dýraleifarnar geti verið heilir skrokkar eða skrokkhlutar af aflífuðum eða sjálfdauðum dýrum eða efni sem fellur til við heimaslátrun.

Dýraleifar séu flokkaðar í þrjá áhættuflokka, CAT1, CAT2 og CAT3. Í CAT1 flokki eru dýraleifar af fullorðnum jórturdýrum, sauðfé, geitum og nautgripum og taka verður sýni af hluta dýranna. Hausar af öllum jórturdýrum sem falla til við heimaslátrun flokkast líka sem CAT 1 og taka verður sýni af hluta dýranna. Í CAT2 flokki eru dýraleifar af lömbum, kiðlingum og ungnautum, hrossum, svínum og alifuglum.

Loks eru í CAT3 flokki efni sem falla til við heimaslátrun, nema höfuð jórturdýra sem eru í flokki CAT1 sem fyrr segir.

Eins og gefur að skilja verður umtalsvert meira magn af dýraleifum sem fer um söfnunarkerfið en eingöngu það magn úrgangs sem flokkast sem dýrahræ á mælaborði Umhverfis- og orkustofnunar.

### Líforkuver á Dysnesi

Um sumarið 2022 féll dómur við EFTA-dómstólinn þar sem úrskurðað var að fyrirkomulag á söfnun, flutningi og förgun á aukaafurðum dýra á Íslandi væri ekki í samræmi við EES-löggjöf. ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, áminnti íslensk stjórnvöld í júní 2024 um að hafa ekki aðhafst í málinu.

Fyrirhugað var að reisa líforkuver á Dysnesi í Eyjafirði sem taka átti við öllum dýraleifum úr áhættuflokkum CAT1 og CAT2 og var unnið að undirbúningi þess á árunum 2023 og 2024. Upplýsingavefurinn liforka.is var opnaður af því tilefni af þáverandi matvælaráðherra, Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur. Líforkuverið vann að tillögum að söfnunarkerfi á þessum dýraleifum en þegar því var lokið tók matvælaráðuneytið við tillögunum og áfram verið unnið að verkefninu innan ráðuneyta umhverfis og atvinnuvega.

### Líforkuverið ekki brennslustöð

Líforkuverið á Dysnesi var ekki hugsað sem brennslustöð heldur átti að umbreyta dýraleifunum í orkugjafana kjötmjöl og fitu. Ekki má nýta afurðir úr þessum áhættuflokkum til áburðar.

Nú er ljóst að ekki verður haldið áfram með verkefnið á Dysnesi, að svo stöddu. Í minnisblaði úr atvinnuvegaráðuneytinu til atvinnuvegaráðherra 20. mars 2025 segir að talið sé að Kalka geti nú við meira af lífrænu efni en áður og telur sig geta annað öllu efni af þessari gerð sem fellur til í landinu næstu 3-7 árin.

Í blaðinu segir að aðkallandi sé að leysa málið og uppbygging líforkuvers geti verið skynsamlegur kostur með tilliti til sjálfbærni en sé ekki ábatasöm fjárfesting miðað við fyrirliggjandi greiningar og taki að auki einhvern tíma að koma á laggirnar. Það sé því mat ráðuneytisins að æskilegasta og fljótlegasta lausnin í þessu máli sé að fá brennslustöðina Kölku sf. til þess að sjá um þessa móttöku og förgun á dýraleifunum. Á næstu 3-7 árum geti hagaðilar skoðað betur hvort ráðast eigi í uppbyggingu líforkuvers.

Þess skal getið að Orkugerðin í Flóanum tekur einnig við dýraleifum, til framleiðslu á kjötmjöli sem nota má með skilyrðum til áburðar. Fyrirtækið tekur þó eingöngu við dýrleifum úr flokkunum CAT2 og CAT3, en ekki heilum skrokkum jórturdýra.

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári. Upplýsingar um dreifingarstaði: www.bbl.is** Áskrifendur fá blaðið sent heim gegn greiðslu burðargjalds sem er kr. 19.800 m/vsk á ári. Eldri borgarar og öryrkjar kr. 15.500 m/vsk.
**Heimilisfang:** Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík. **Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279 – **Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.




Á Reykjarvíkurflugvelli má sjá sovéska Antonov AN-2 flugvél frá 1957 sem hefur verið með vetursetu þar. Þessi flugvél er í eigu hollensks flugfélags og kom hingað í fyrra til þess að taka þátt í leit að braki bandarískra herflugvéla sem hurfu á Grænlandsjökli árið 1942. Mynd / ál

# Framfarir í dýravernd byggja ekki á ofstæki

Vinkill | Margrét Ágústa Sigurðardóttir
margret@bondi.com

Það er með ólíkindum hvernig ákveðinn hópur „dýraverndunarsinna“ hagar sér í opinberri umræðu hér á landi. Þeir klæða sig gjarnan í kufl siðferðispredikarans og setja á altarið sín eigin sjónarmið sem þá einu réttlætanlegu leið til að tryggja velferð dýra. En þegar grannt er skoðað kemur oft í ljós ákveðin mótsögn – jafnvel hræsni – í nálgun þeirra.

Oft gleymist að margir þeirra sem starfa daglega í návígi við náttúru og dýr eru þar vegna þess að þeim er annt um dýr og hafa djúpa þekkingu og virðingu fyrir þeim. Þessu má líkja við ferðalag á fjöllum. Jeppamenn geta unnvörpum farið hvert sem þeir vilja en þeir vita að landið er viðkvæmt og að umgengni skiptir máli. Þeir læra fljótt hvar má aka, hvar ekki og hversu auðvelt er að skemma gróður og jarðveg ef ekki er farið varlega enda geti eyðileggingin þá verið með í för.

Þetta á einnig við um veiðimenn. Allra flestir stunda veiðar af ábyrgð og leggja mikla áherslu á að fara vel með bráðina. Veiðar snúast ekki aðeins um að ná sér í kjöt eða fisk heldur felast þær í ábyrgð, virðingu og kunnáttu. Góður veiðimaður leggur sig fram við að fella dýr hratt og sársaukalaust, nýta það sem veitt er og lágmarka þjáningu dýrsins. Þetta er ekki tilfinningaleysi heldur þvert á móti aldagömul siðferðisleg nálgun hins góða og þroskaða veiðimanns.

Nú hlýt ég að víkja að bændum, sem er sá hópur sem þekkir best til raunverulegrar dýravelferðar. Bændur búa með dýrum sínum alla daga ársins og sinna þeim allan sólahringinn. Góðum bónda er ljóst hvenær dýrin eru veik, hvenær þeim líður illa, hvenær þau eru ólík sér og hvað þurfi til að halda þeim við góða heilsu. Gildir þar engu með hvaða búfénað bóndinn býr. Það er hvorki í þágu bóndans, fjölskyldu hans eða bújarðarinnar sem hann byggir – hvorki siðferðislega né fjárhagslega – að láta búfénað sinn þjást.

Þegar dýraverndunarsinnar gera lítið úr þessari umhyggju og þekkingu skapast hættuleg staða. Þetta á einnig við þegar þeir beina hegðan sinni að eftirlitsstofnunum á borð við MAST. Að grafa undan trúverðugleika stofnana sem bera ábyrgð á eftirliti með dýravelferð er ekki einungis ósanngjarnt heldur veikir það kerfið sem á að vernda dýrin. Ef almenningur missir traust og trú verður erfiðara að halda uppi eftirliti og stuðla að umbótum.

Þessu má líkja við umræðu um lögregluna. Foreldrar kenna börnum sínum að óttast hana ekki svo þau geti leitað til hennar ef eitthvað bjátar á. Ef stöðugt er verið að tala niður stofnanir, sem eiga að verja og styðja samfélagið, er hætt við að traustið hverfi og með því öryggið. Sama gildir um dýravelferðarkerfið.

Í raun vilja allir siðaðir menn bættan hag og velferð dýra. Enginn ágreiningur er um það. Aftur á móti þegar umræðan verður yfirborðskennd, uppfull af ásökunum og einföldunum, glatast samhengi umræðunnar. Bændur eru ekki andstæðingar dýravelferðar, þeir eru burðarás hennar. Þeir búa yfir reynslu og þekkingu og eiga hagsmuni sem eiga að fá að njóta sannmælis.

Framfarir í dýravernd byggja ekki á ofstæki. Þær byggja ekki á því að gera lítið úr þeim sem standa næst dýrunum, hvort sem um ræðir bændur eða eftirlitsstofnanir, heldur byggja þær á samstarfi, gagnkvæmri virðingu og trausti.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands.*

## Jarmað, hneggjað, baulað ...

Gróðrarstöðin Mörk þarf að víkja af lóð sinni við Stjörnugróf í áföngum. Fyrsta hluta lóðarinnar afhendir hún á þessu ári, annan árið 2032 og stöðin þarf að vera endanlega farin af lóðinni árið 2050. Borgin mildaði sem sagt kröfur sínar gagnvart fyrirtækinu að því leyti að það þarf ekki að víkja fyrr en áratug síðar en upphaflega var farið fram á. Þetta er sorgleg niðurstaða.

Málið er klúður frá upphafi til enda. Ólafur F. Magnússon var borgarstjóri í 210 daga árið 2008. Eitt af hans embættisverkum var að mæta á hundrað ára afmæli knattspyrnufélagsins Víkings. Þar hélt hann ræðu og lofaði félaginu stærri lóð. Stuttu síðar stóð hann við orð sín og lagði þá tillögu fyrir borgarráð að Víkingur fengi lóðina sem Gróðrarstöðin Mörk stendur á þegar leigusamningur rynni út 2016. Eins og fram kemur í frétt blaðsins í dag átti Ólafur F. heima í Fossvoginum þegar þetta var. Nú átján árum síðar hefur borgarráð klárað málið með því að víkja Mörk af lóð sinni í áföngum.

Ef marka má bókun meirihlutans við afgreiðslu málsins er hann harla sáttur við niðurstöðuna. Málinu sé „lokið með besta mögulega hætti miðað við aðstæður“. Í bókuninni segir að mikill vilji sé „til þess að tryggja áframhaldandi rekstur gróðrarstöðvar í borginni og sérstaklega á þessum fallega og gróðursæla stað“. Eins sé „mikilvægt að standa við gefin loforð og tryggja viðunandi aðstöðu til íþróttaiðkunar“. Enn fremur segir: „Með þessu samkomulagi er komið til móts við Gróðrarstöðina Mörk, sem fær afnotaleyfi af hluta landsins til ársins 2050.“ Og svo: „Víkingur fær afhentan hluta lands til uppbyggingar íþróttamannvirkja í tvennu lagi, í lok árs 2026 og árið 2032.“

Í raun segja þessi orð ekki neitt um framtíðarhorfur Markar í Fossvogsdalnum. Mörk fær að vera til ársins 2050 á skertri lóð með tilheyrandi raski og kostnaði, en hvað svo? Í svokölluðu samkomulagi kemur ekkert fram um það hvort Mörk geti verið áfram á lóð sinni eftir árið 2050, annað en að „mikill vilji“ sé til þess á meðal borgarráðsfulltrúa núverandi meirihluta Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalistaflokks, Flokks fólksins og Vinstri grænna. Þessi orð hafa í raun enga merkingu og fela ekki í sér neina tryggingu fyrir því að Mörk geti starfað áfram í Fossvogsdalnum eftir 2050 eins og hún hefur gert síðan árið 1967.

Minnihlutaflokkar taka í raun enga afgerandi afstöðu til málsins. Sjálfstæðisflokkurinn segist í bókun ekki leggjast gegn samkomulaginu, enda átti hann frumkvæði að því árið 2008. Þó segir einnig: „Mikilvægt er að tryggt sé að starfsemi Markar geti áfram verið á svæðinu til lengri tíma og að starfsemin hafi að minnsta kosti verið tryggð afnot af hluta svæðisins til ársins 2050.“ Og svo eru innantóm orð um að Gróðrarstöðin Mörk hafi „um áratugaskeið verið mikilvægur þáttur og hluti af sérkennum Fossvogsdals“. Framsóknarflokkurinn segir mikilvægt að tryggja „meðalhóf í ákvörðunum borgarinnar gagnvart Gróðrarstöðinni Mörk“ og hefur áhyggjur af fordæmisgildi ákvörðunarinnar.

Önnur mál af svipuðu tagi hafa sannarlega komið upp í borginni að undanförnu á Ártúnshöfðanum. Og spyrja má hvers fyrirtæki í Reykjavík mega vænta af borginni? Fátt bendir til þess að henni sé hægt að treysta.

Sömuleiðis stendur eftir sú spurning hversu miklum skaða þetta óheillamál hefur valdið Gróðrarstöðinni Mörk.

Pistill formanns | Trausti Hjálmarson
trausti@bondi.is

# Þolinmæðin er þrotin

Eflaust hefur það ekki farið framhjá mörgum bændum að í vikunni var brotist inn í svínabú á Kjalarnesi, allt brotið og bramlað á skrifstofu, rannsóknarstofu og fóðurstöð, auk þess sem allar stíur voru opnaðar og brotnar og dyr hússins brotnar upp sömuleiðis. Grísir og gyltur voru þar vakin með látum og hefur hræðsla gripið um sig í hjörðinni, eins og við er að búast. Þegar komið var að búinu voru einhver dýr á túni fyrir utan, önnur ráfuðu um bygginguna og þurfti starfsfólk að tína upp dauða smágrísi sem orðið höfðu undir í kraðakinu.

Glæpir sem þessir eru orðnir allt of algengir og það er ótrúlegt hve mikla þolinmæði þeim er sýnd af yfirvöldum og fjölmiðlum. Það er óboðlegt að bændur um allt land þurfi að skoða það alvarlega að koma upp eftirlits- og myndavélakerfum til að verja bú sín og heimili.

Þá er hryggilegt að sjá hversu litla virðingu þessir meintu dýravinir bera fyrir velferð og lífi dýranna sem þeir þykjast verja. Raunar hafa verið færð fyrir því rök að fyrir andstæðinga dýrahalds sé dýravelferð alls ekki markmiðið, heldur sé þjáning dýra hagfelld þeirra málstað, eins og fyrrverandi fomaður Dýraverndarsambands Íslands lýsti í mjög svo áhugaverðri grein á Vísi í janúar á þessu ári.

Eins er löngu tímabært að fjölmiðlar skoði afstöðu sína til afbrota af þessu tagi. Allt of oft hafa innbrot af þessu tagi verið verðlaunuð með umfjöllun fjölmiðla, sem byggt hefur í meginatriðum á einhliða frásögnum brotamannanna sjálfra.

Hvort sem um er að ræða myndefni sem fengið hefur verið með innbrotum hjá loðdýra- eða blóðmerabændum, svo dæmi séu tekin, þá er sagan öll á eina leið. Fjölmiðlar taka við efni frá brotamönnunum, að því er virðist algerlega án spurninga eða annarrar gagnrýni.

Þá veit ég dæmi þess að fréttamönnum hefur verið boðið myndefni sem fengið er á löglegan hátt, svo ekki sé nema til að vega upp á móti hinu þjófstolna, en áhuginn hefur lítill sem enginn verið.

Ég neita að trúa því að fjölmiðlafólk geri sér ekki grein fyrir því að myndefni eins og þetta hefur verið klippt til og myndirnar sérvaldar til að vekja með áhorfandanum ákveðin hughrif – að efnið eigi meira skylt við áróður en hlutlausar heimildir um raunverulega stöðu mála.

Myndirnar geta í ákveðnum tilvikum vissulega verið tilefni til rannsóknar og umfjöllunar, því myndir sem sýna illa meðferð á dýrum ber að taka alvarlega, en það gengur ekki upp að fréttaflutningurinn byggi alfarið á þeim og á frásögnum brotamanna sem hafa mjög einarða afstöðu til málaflokksins. Það er ekki nóg að hafa samband við bónda þegar handritið hefur verið skrifað og eingöngu á eftir að fylla í hlutverk illmennisins. Slíkt er ekki fréttamennska.

Eftir ítrekuð brot af þessu tagi, þar sem eftirmálar fyrir brotamenn eru engir aðrir en að þeim er hampað í fjölmiðlum, þá skapast hvatar fyrir fleiri slík brot. Hvatinn verður enn meiri þegar greint er frá því í sjónvarpsfréttum að auðvelt sé að brjótast inn hjá íslenskum bændum! Spurningin er nú bara sú hvaða bú verður næst fyrir barðinu á þrjótunum.

Við bændur gerum þá kröfu að stjórnvöld fordæmi glæpi af þessu tagi og grípi til raunverulegra aðgerða til að hafa hendur í hári brotamannanna og draga þá til ábyrgðar. Eins getur það ekki verið ósanngjörn krafa til fjölmiðla að þeir nálgist efni og upplýsingar sem aflað er með húsbrotum hjá íslenskum bændum með gagnrýnni hætti en gert hefur verið upp á síðkastið.

*Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands.*



„Þegar við fengum fregnir af þessu skildum við einfaldlega ekki hvað stæði til,“ segir Axel Sæland um mál Gróðrarstöðvarinnar Markar. Mynd / smh

Útvarp Bændablaðið:

# „Ekki hægt að reka garðyrkju á fimm ára samningum“

**Axel Sæland, formaður garðyrkjudeildar Bændasamtaka Íslands og blómabóndi á Espiflöt í Reykholti, segir hugmyndir um að gróðrarstöðin Mörk víki fyrir uppbyggingu í Fossvogsdal vera rangar í grunninn og í andstöðu við yfirlýsta stefnu Reykjavíkurborgar um græn svæði. Hann varar einnig við rangri tollflokkun innfluttra sumarblóma sem grafi undan innlendri framleiðslu, bendir á veikleika í búvörusamningum garðyrkjunnar og segir orku- og launakostnað helstu áskoranir greinarinnar. Axel var í viðtali í Útvarpi Bændablaðsins.**



**Þröstur Helgason**
throstur@bondi.is

Axel Sæland, formaður garðyrkjudeildar Bændasamtaka Íslands og blómabóndi á Espiflöt í Reykholti, segir mál Gróðrarstöðvarinnar Markar í Fossvogsdal vekja bæði furðu og áhyggjur í garðyrkjunni. Ef áform Reykjavíkurborgar ganga eftir þarf þessi síðasta einkarekna gróðrarstöð innan borgarmarka Reykjavíkur að víkja af lóð sinni við Stjörnugróf fyrir frekari uppbyggingu knattspyrnufélagsins Víkings, eins og fram hefur komið í umfjöllun blaðsins.

„Þegar við fengum fregnir af þessu skildum við einfaldlega ekki hvað stæði til,“ segir Axel. Hann segir tilganginn óljósan og telur að verkefnið gangi gegn þeirri stefnu borgarinnar að þétta byggð samhliða því að varðveita græn svæði. „Þetta er stórt grænt svæði sem hefur verið ræktað í áratugi og mjög lifandi staður.“

Axel bendir á að markmiðið virðist vera að minnka svæði gróðrarstöðvarinnar til að koma fyrir bílastæðum. „Í mínum huga er þetta næstum því eins og ef knattspyrnufélagið KR færi fram á að rífa blokk til að malbika bílastæði. Það væri talið galið og þetta er það ekki síður.“

### Ræktunarstarf sem ekki er hægt að flytja

Að hans sögn er horft fram hjá því að á lóðinni í Fossvogsdal hafi farið fram áratugalangt ræktunarstarf sem ekki sé hægt að flytja með einföldum hætti. „Ræktun runna tekur að lágmarki þrjú ár og trjáplöntur til útiplöntunar geta tekið 10–15 ár í uppeldi.“

Garðyrkjustöðvar séu því stöðugt í uppbyggingu og séu háðar langtímahugsun. „Þú getur ekki verið með skammtímahugsun í þessari grein. Gróðrarstöðvar af þessu tagi þurfa tryggt svigrúm og framtíðarsýn.“

Axel segir einnig að jarðvegurinn á slíkum stöðum sé ræktaður með markvissum hætti yfir langan tíma. Ef starfsemin fengi aðra lóð þyrfti hún bæði tíma og aðlögun til að byggja upp fasteignir og jarðveg frá grunni.

### Stuðningsyfirlýsing til borgarinnar

Garðyrkjudeild Bændasamtaka Íslands hefur sent borgarfulltrúum stuðningsyfirlýsingu vegna málsins. „Við skrifuðum beinskeytt erindi til borgarfulltrúa þar sem við bentum á að hér væri verið að vega að grænni starfsemi og hluta af fjölbreyttum iðnaði í borginni,“ segir Axel.

Viðbrögðin hafi verið töluverð og flestir borgarfulltrúar þakkað fyrir erindið. Hann segist vona að málið verði tekið alvarlega og að borgin beri ábyrgð á því að slík starfsemi fái að vera áfram á sínum stað.

Axel bendir einnig á að gróðrarstöðin Mörk sinni bæði almenningi, verktökum og Reykjavíkurborg sjálfri. „Þar hefur byggst upp mikið traust, bæði hjá verktökum og almenningi, vegna þess að varan sem kemur þaðan stenst íslenskar aðstæður.“

Mikilvægt sé líka að plöntur sem ætlaðar eru í borgarumhverfi séu ræktaðar við þær aðstæður sem þar ríkja. „Ef þessu er úthýst út á land, kannski í gjörólík skilyrði, þá er varan ekki lengur aðlöguð borginni.“

### Óvissa gæti leitt til lokunar

Axel segist vilja vera bjartsýnn á að lausn finnist, en bendir á að ef ákvörðunin verði ekki endurskoðuð sé líklegt að starfsemi Markar leggist af. „Þetta yrði gríðarlegt högg fyrir borgina og fyrir fólkið sem hefur lagt ævina í þessa starfsemi.“

Hann nefnir einnig að eigendur Markar hafi verið að huga að kynslóðaskiptum, en án tryggs lóðasamnings sé einfaldlega ekkert til að taka við. „Ekki er hægt að reka garðyrkju á fimm eða tíu ára samningum. Ef næsta kynslóð á að taka við þarf 20–30 ára samning.“

### Grunur um ranga tollflokkun sumarblóma

Annað mál sem garðyrkjudeild Bændasamtaka Íslands hefur beint sjónum að er tollflokkun innfluttra sumarblóma. Axel segir grunsemdir hafa vaknað þegar verðtilboð á innfluttum blómum stóðust ekki samanburð við gjöld sem eiga að leggjast á samkvæmt tollskrá.

„Ef sumarblóm eru flutt inn á rétt tollnúmer bera þau 30% toll og 200 króna stykkjagjald. En verðin á markaði báru það einfaldlega ekki með sér að þessi gjöld væru þar innifalin.“

Bændasamtökin hafi fjárfest í kerfi sem les innflutningsgögn beint frá tollinum og borið þau saman við tollskrá. „Þegar við skoðuðum síðustu sex ár kom í ljós að enginn innflutningur var skráður á þau tollnúmer sem sumarblóm eiga að vera á.“

Í staðinn séu notuð önnur tollnúmer sem bera ekki stykkjagjaldið sem hafa yfirskriftina „Annað“ og „Annars“. Axel segir þetta grafa verulega undan innlendri framleiðslu en mál af þessu tagi þar sem röng tollflokkun er notuð til að komast hjá gjöldum hafa komið upp áður.

### Markaðshlutdeild og samkeppni

Axel segir erfitt að fá nákvæmar tölur um markaðshlutdeild íslenskra blóma, þar sem íslensk framleiðsla sé ekki skráð með sama hætti og innflutningur. Samkvæmt mati garðyrkjunnar séu íslensk afskorin blóm þó um 75–80% markaðarins, en pottablóm um 50%.

Hann segir óraunhæft að framleiða allt sem markaðurinn kallar eftir og að tollkvótar tryggi mikilvæga fjölbreytni. Hins vegar sé lykilatriði að samkeppnin fari fram á réttum forsendum.

### Orka, launakostnaður og framtíð greinarinnar

Axel segir helstu áskoranir garðyrkjunnar í dag vera launakostnað og orkuverð. Árið 2007 hafi raforka og laun verið jafnstór hluti rekstrar, en í dag sé launakostnaður um 42% en raforka um 20%.

Hann segir LED væðingu mikilvæg skref til að draga úr orkunotkun og nefnir stuðning úr Orkusjóði til slíkra fjárfestinga. Þrátt fyrir það sé framtíðarsýn í raforkumálum skammvinn þar sem samningar séu oft aðeins til eins eða tveggja ára.

Í grænmetisframleiðslu segir Axel að innlend framleiðsla haldi stöðu sinni í stærstu tegundunum en öll aukning í neyslu sé dekkuð af innflutningi. Hann telur búvörusamninga ekki hvetja til vaxtar og vill breytingar sem tengja stuðning beint við magn framleiðslu.

„Við viljum stækka, verða stærri hluti markaðarins og keppa í verðum, en kerfið í dag hvetur okkur til að vera bara eins og við erum.“

### Þriðja kynslóðin – og framtíðin

Axel er þriðja kynslóðin á Espiflöt í Reykholti. Afi og amma hans hófu garðyrkju þar árið 1948, foreldrar hans tóku við á áttunda áratugnum og Axel og eiginkona hans, Heiða Pálrún, tóku við rekstrinum árið 2006.

„Þegar maður fattar að maður ber ábyrgðina sjálfur fer maður að hugsa hlutina allt öðruvísi,“ segir hann. Um framtíðina segist Axel ekki gera neina kröfu um að börnin sín, fjórða kynslóðin, taki við búinu: „Það er engin krafa en auðvitað vonast maður til að einhver sjái drauminn með manni.“




ergo
Fjórhjóladrif
á heiðinni?
Við skiljum allar ástæður
fyrir bílakaupum
Reiknaðu dæmið á ergo.is



Kvennasamband Eyjafjarðar lýsir yfir þungum áhyggjum af þeirri alvarlegu stöðu sem upp er komin á Kristnesspítala vegna skorts á nauðsynlegu viðhaldi og úrbótum um áraraðir. Mynd / mhh

## Kvennasamband Eyjafjarðar:

# Óttast að Kristnesspítala verði lokað

**Um 280 konur í Kvennasambandi Eyjafjarðar óttast mjög að Kristnesspítala í Eyjafirði verði lokað vegna lélegs ástands spítalans og mikils skorts á viðhaldi.**

Kristnesspítali var stofnaður árið 1927 en spítalinn var byggður í þeim tilgangi að einangra og meðhöndla berklasjúklinga en hlutverk hans hefur breyst mikið í gegnum árin. Á aðalfundi Kvennasambands Eyjafjarðar, sem var nýlega haldinn á Ólafsfirði, var samþykkt sérstök ályktun um Kristnesspítala.

„Ástæðan er fyrst og fremst sú að það er verulegt áhyggjuefni hjá okkur ef starfsemin leggst niður, ekki bara sem vinnustaður heldur sem mikilvægur hlekkur í heilbrigðisþjónustu utan höfuðborgarsvæðisins,“ segir Birgit Schov, formaður sambandsins, og bætir við: „Það var 100 prósent samstaða um ályktunina á fundinum enda höfum við og samfélagið allt miklar áhyggjur af stöðunni á Kristnesi.“

Í ályktuninni segir m.a. orðrétt: „Endurhæfingardeildin á Kristnesspítala gegnir lykilhlutverki í heilbrigðisþjónustu fyrir íbúa Norðurlands og víðar. Þar fer fram mikilvæg þjónusta við einstaklinga sem þurfa á sérhæfðri endurhæfingu að halda eftir veikindi, slys eða skurðaðgerðir. Núverandi ástand húsnæðis og skortur á viðhaldi ógna þessari starfsemi með alvarlegum hætti. Sambandið telur brýnt að gripið verði tafarlaust til aðgerða til að tryggja öruggt og viðunandi umhverfi fyrir sjúklinga og starfsfólk.“ /mhh

Ræsisrör á réttu verði



Getum nú boðið ræsisrör úr plasti í ýmsum stærðum á stórlækkuðu verði. Takmarkað magn. Öll rörin er 6 metra löng. Hægt að skeyta saman.

Verðdæmi:
**Þvermál 80 cm: Verð kr. 124.900 +vsk.**
(Samanburðarverð um 250.000)
**Þvermál 40 cm: Verð kr. 39.900 +vsk.**
(Samanburðarverð um 77.000)
**Þvermál 10 cm: Verð kr. 5.500 +vsk.**
(Samanburðarverð um 11.000)
Eigum einnig 16, 20 og 60 cm. rör.

**Afgreidd á Hvolsvelli.**
Send hvert land sem er að viðbættum kostnaði.

AURASEL
Meira fyrir aurinn

Fyrirspurnir sendist á oskar@mo.is og elvarey@gmail.com.
Upplýsingar í símum 669-1336 og 899-1776



Raufarhöfn séð úr suðri. Mynd / Eysteinn Guðni Guðnason

## Brothættar Byggðir:

# Kraftur í samfélögum

### – Nýir tímar á nýju ári

**Verkefnið Brothættar byggðir, sem rekið er á vegum Byggðastofnunar, hefur á síðustu árum fest sig í sessi sem einn mikilvægasti vettvangurinn fyrir byggðaþróun á Íslandi.**

Markmið verkefnisins er ekki síst að virkja íbúa og efla frumkvæði á stöðum sem standa frammi fyrir áskorunum vegna fólksfækkunar eða einhæfs atvinnulífs. Nú þegar vorið 2026 er gengið í garð er mikill gangur í mörgum þeirra sveitarfélaga sem taka þátt, með nýjum þátttakendum, miklum áhuga á frumkvæðissjóðum og skýrum framtíðarsýnum.

**Tálknafjörður bætist í hópinn**

Einn af hápunktum ársins 2026 er inngangа Tálknafjarðar í verkefnið, hið sautjánda í röðinni frá því að verkefnið hófst árið 2012. Stjórn Byggðastofnunar samþykkti fyrr á árinu að bjóða sveitarfélaginu til samstarfs og er undirbúningur nú í fullum gangi. Það er mikil tilhlökkun á sunnanverðum Vestfjörðum enda hefur reynslan sýnt að skipulegt samstarf íbúa, sveitarfélags og ríkis getur skilað miklum árangri. Nú er auglýst eftir verkefnisstjóra sem mun hafa það hlutverk að leiða íbúaþing og aðstoða við mótun framtíðarsýnar fyrir þetta öfluga samfélag, en umsóknarfrestur er til 6. maí nk.

**Frumkvæði og nýsköpun í Reykhólahreppi**

Í Reykhólahreppi er verkefnið „Fjársjóður fjalla og fjarða“ á mikilli siglingu. Nýlega var lokað fyrir umsóknir í frumkvæðissjóð verkefnisins fyrir árið 2026 og er vinnsla þeirra nú í fullum gangi. Áhugi íbúa og frumkvöðla á svæðinu er greinilegur, en búist er við að hægt verði að úthluta styrkjum undir lok maímánaðar. Þessir styrkir eru oft neistinn sem þarf til að hrinda góðum hugmyndum í framkvæmd, hvort sem það varðar ferðaþjónustu, matvælaframleiðslu eða menningarverkefni sem auðga mannlífið.

**Raufarhöfn og framtíðin – Öxarfjörður í sókn**

Í lok mars fengu tilraunaverkefnin tvö úthlutun í annað sinn úr frumkvæðissjóðum, kr. 11.500.000 í verkefninu Raufarhöfn og framtíðin II og kr. 15.025.000 í verkefninu Öxarfjörður í sókn II. Alls bárust 17 umsóknir að þessu sinni í Frumkvæðissjóð Raufarhafnar og framtíðarinnar II og óskað var eftir tæplega 25 m.kr. í styrki. Í Frumkvæðissjóð Öxarfjarðar í sókn II bárust alls 15 umsóknir um styrki og umbeðið styrkfé var um 35,2 m.kr. Hægt er að kynna sér verkefnin og frekari upplýsingar um Brothættar byggðir í heild sinni á vefsíðu Byggðastofnunar, www.byggdastofnun.is.

**Litið um öxl og horft fram á veginn**

Ársskýrslur verkefnisstjóra fyrir árið 2025, sem nú liggja fyrir á vef Byggðastofnunar, gefa góða mynd af þeim fjölbreyttu verkefnum sem unnið er að um land allt.

- DalaAuður: Í Dalabyggð hefur verið ákveðið að framlengja verkefnið út árið 2026. Þar hefur áherslan verið á að nýta sérstöðu héraðsins í sögu og landbúnaði til að skapa ný tækifæri.
- Sterkur Stöðvarfjörður: Á Stöðvarfirði urðu formleg tímamót í mars 2026 þegar síðustu styrkjum úr frumkvæðissjóði var úthlutað. Verkefnið hefur skilið eftir sig sterkara samfélag og fjölmörg sprotafyrirtæki sem nú standa á eigin fótum.
- Jú víst! Kraftur í Kaldrana: Í Kaldrananeshreppi er verkefnið enn á fyrstu metrunum en skýrsla ársins 2025 sýnir mikla bjartsýni. Þar er unnið að því að treysta innviði og efla byggðina til framtíðar.

**Samfélagslegur ávinningur**

Þótt fjárhagslegir styrkir séu mikilvægir, er mikilvægasti ávinningurinn af Brothættum byggðum oft sá félagslegi kraftur sem leysist úr læðingi. Þegar íbúar setjast niður á íbúaþingum, skilgreina styrkleika sína og setja sér sameiginleg markmið, verður til samstaða sem erfitt er að meta til fjár.

Verkefni eins og þau sem nú standa yfir á Tálknafirði, Reykhólum og Ströndum sýna að með réttum verkfærum og stuðningi er hægt að snúa vörn í sókn. Framtíðin í þessum byggðarlögum veltur nefnilega að hluta til á þrautseigju íbúanna og því frumkvæði sem Brothættar byggðir hjálpa til við að rækta. /sp

# Ofurhiti beislaður á Nesjavöllum

**Samstarfssamningur var undirritaður á dögunum um undirbúning og framkvæmd þriðju djúpnýtingarholunnar í IDDP-verkefninu (Iceland Deep Drilling Project), sem verður boruð á Nesjavöllum í árslok.**

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Orkuveitan, Landsvirkjun og HS Orka eru aðilar samstarfssamningsins en markmið hans er að hraða þróun næstu kynslóðar jarðvarmakerfa sem hluta af langtímastefnu Íslands í orkumálum.

IDDP-verkefnin hafa verið í þróun undanfarin 25 ár; IDDP-1 var borunarverkefni við Kröflu og IDDP-2 var á Reykjanesi. Í tilkynningu úr umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu segir að þessar tvær tilraunaholur IDDP hafi skilað mikilvægri þekkingu og fært íslenskan jarðhitageira nær því að geta hagnýtt ofurheitan jarðhita, þar sem hitastig fer yfir 350–400°C.

Nú sé stefnan sett á að bora þriðju holuna, IDDP-3, á Nesjavöllum í góðu samstarfi við Grímsness- og Grafningshrepp, þar sem markmiðið er að prófa nýjar tæknilausnir og kanna hvernig megi nýta ofurheita gufu á öruggan og hagkvæman hátt til framtíðar.

Í tilefni undirritunarinnar er haft eftir Jóhanni Páli Jóhannssyni umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, í tilkynningunni, að hvergi í heiminum leiki jarðhitinn eins veigamikið hlutverk og á Íslandi. „Ríkisstjórn Kristrúnar Frostadóttur er staðráðin í að styrkja enn frekar samkeppnishæfni Íslands á þessu sviði, en jafnframt að horfa lengra og feta ótroðnar slóðir. Nú er stefnan tekin djúpt ofan í jarðskorpuna til þess að beisla ofurheit jarðvarmakerfi í borholum sem gætu skilað margfalt meiri framleiðslugetu en áður hefur þekkst. Í þessu felast gríðarleg tækifæri fyrir orkukerfið okkar, verðmætasköpun og útflutning íslenskrar þekkingar, en líka fyrir orkuskiptabyltinguna og árangur í loftslagsmálum á heimsvísu,“ segir Jóhann Páll. /smh



Frá undirritun samstarfssamningsins. Hera Grímsdóttir, Orkuveitunni, Fjóla St. Kristinsdóttir, Grímsness- og Grafningshreppi, Lilja Magnúsdóttir, HS Orku, Sævar Freyr Þráinsson, Orkuveitunni, Jóhann Páll Jóhannsson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Árni Hrannar Haraldsson, Orku náttúrunnar, Sigurður H. Markússon, Orkuveitunni og Bjarni Pálsson, Landsvirkjun. Mynd / Orkuveitan

# can-am®

# OUTLANDER 6X6 850

## TIL Á LAGER Í REYKJAVÍK OG EGILSSTÖÐUM

LEIÐANDI Í BURÐAR- OG DRÁTTARGETU

STERKARI GRIND - GÍRKASSI OG KÚPLING




ROTAX 1000 MÓTOR
82 HESTÖFL

25 CM FJÖÐRUNARSVIÐ
HANNAÐ FYRIR 30" DEKK

**Verð: 2.990.000 + vsk**

**Verð: 3.190.000 + vsk - með stuðara - spili og hita í handföngum**

ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

RA.is
470-5073

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.

# Meistaranám í sjálfbærum landbúnaði og byggðaþróun

## – Samstarf HÍ og LbhÍ

**Síðasta haust var boðið upp á nýtt meistaranám í sjálfbærum landbúnaði og byggðaþróun, en um samstarfsverkefni er að ræða á milli Háskóla Íslands (HÍ) og Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ).**

Námið er skipulagt sem sérhæfing innan umhverfis- og auðlindafræði við HÍ og búvísinda hjá LbhÍ.

### Ein af grunnstoðum sjálfbærrar þróunar

Jón Geir Pétursson, prófessor við Háskóla Íslands, var í verkefnastjórn við undirbúning námsins og er umsjónarkennari á samnefndu námskeiði við HÍ. Hann segir að öflugur landbúnaður, í sátt við umhverfi og samfélag, sé ein af grunnstoðum sjálfbærrar þróunar íslensks samfélags til framtíðar – ekki síst með tilliti til fæðuöryggis og byggðaþróunar. Mikilvægt sé að tryggja getu og hæfni á þessu sviði og vinna að uppbyggingu þekkingar og nýsköpunar.

„Með þessu námi vildu háskólarnir sýna frumkvæði í því að bjóða upp á rannsóknatengt framhaldsnám á þessu mikilvæga sviði, sem ekki hafði verið í boði áður. Aðdragandi námsins var töluverður. Leitað var í smiðju námsleiða við háskóla í nágrannalöndunum og svo sjónarmiða ýmissa aðila hér á landi sem tengjast landbúnaði. Meðal annars var haldin fjölmenn vinnustofa sumarið 2024, skiplögð í samstarfi við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins þar sem um fimmtíu fulltrúar frá ýmsum félögum, stofnunum og fyrirtækjum komu saman og lögðu sitt af mörkum við mótun námsins. Þar kom meðal annars fram mikilvægi þess að koma upp svona námi á Íslandi," segir Jón Geir.

### Brýn þekkingarþörf

Jón Geir segir enn fremur að skólarnir leggi þannig saman krafta sína til að skapa umgjörð um öflugt nám. „Stofnsetning þessa nýja náms var styrkt af háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu. Slíkt nám hefur ekki verið í boði á Íslandi, en víða í nágrannalöndum okkar eru fyrirmyndir að slíku námi. Námið er byggt á þverfaglegri nálgun þar sem landbúnaðarvísindi, umhverfisvísindi, nýsköpun, félagsvísindi og byggðaþróun eru samþætt. Það er kennt á ensku og hentar þannig bæði íslenskum og erlendum nemendum.

Með þessu nýja námi er verið að mæta brýnni þekkingarþörf er varðar samspil landbúnaðar, fæðuöryggis og búsetu í dreifbýli. Væntingar eru að námið í sjálfbærum landbúnaði og byggðaþróun verði mikilvægur vettvangur fyrir þau sem vilja taka þátt í að þróa íslenskan landbúnað, fæðukerfi og hinar dreifðu byggðir með framtíðina að leiðarljósi."

### Heimsóknir til bænda

Námið fór vel af stað, að sögn Jóns Geirs, síðasta haust þegar fyrsti nemendahópurinn var tekinn inn. Skipulag námsins er þannig að nemendur þurfa að taka kjarnanámskeið sem heitir „sjálfbær landbúnaður og byggðaþróun", einnig nokkur önnur bundin námskeið, en hafa svo möguleika á að velja námskeið til viðbótar sem tengjast þeirra áhugasviði. Nemendur skrifa svo lokaritgerð þar sem þeir geta valið viðfangsefni eftir sínu áhugasviði. Margir kennarar frá báðum skólunum koma að náminu, sem jafnframt er skipulagt með vettvangsferðum og heimsóknum til bænda, félaga, fyrirtækja og stofnana.

Nýir nemendur verða teknir inn í námið í haust, en umsóknarfrestur í meistaranámið var til 15. apríl síðastliðinn. Jón Geir bendir hins vegar á að opið sé til 5. júní að sækja um í 30 eininga örnám á meistarastigi í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands til að hefja nám í haust, sem síðan sé hægt að breyta í fullt meistaranám að því loknu. */smh*







**Óskabúseta ef starf mætti vinna óstaðbundið.** Mynd / Úr skýrslunni Óstaðbundin störf: viðhorf, væntingar og búseta.

# Vaxtartækifæri fyrir landsbyggðina með óstaðbundnum störfum

## – Talsverður áhugi höfuðborgarbúa á búsetu í sveit

**Ný byggðarannsókn sýnir að íbúum á landsbyggðinni gæti fjölgað um allt að 20% og fækkað um 12% á höfuðborgarsvæðinu ef fólk hefði betra svigrúm og tækifæri til að vinna sína vinnu óstaðbundið.**

Þetta kemur fram í skýrslunni „Óstaðbundin störf: viðhorf, væntingar og búseta" sem Rannsóknasetur í byggða- og sveitarstjórnarmálum við Háskólann á Bifröst vann fyrir Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV). Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, sem er aðalhöfundur skýrslunnar ásamt Vífli Karlssyni, segir að rannsóknin byggi á umfangsmikilli netkönnun sem send var á tilviljunarkennt úrtak landsmanna í mars og apríl 2025. Þar hafi verið spurt um ýmis atriði er varðar atvinnuþátttöku og hvernig starf viðkomandi er háttað, ásamt óskabúsetu ef starfið væri hægt að vinna óstaðbundið.



**Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, annar höfunda skýrslunnar „Óstaðbundin störf: viðhorf, væntingar og búseta".** Mynd / Aðsend

### Möguleg umtalsverð áhrif á búsetumynstur

„Þar kom fram þónokkur vilji hjá þátttakendum til að auka hlutfall óstaðbundinnar vinnu þar sem 24% þátttakenda segjast geta hugsað sér að vinna í 26-75% hlutfalli óstaðbundið, en aðeins 10% segja það vera raunina í dag. Ríkisstarfsmenn eru betur upplýstir um stefnu fyrirtækis síns eða stofnunar um svigrúm í starfi, en þar eru þó 29% sem segjast ekki vita hvort vinnuveitandi hafi markað stefnu en 42% hjá einkareknum fyrirtækjum sem segja það sama. Þarna er því mikið tækifæri fyrir fyrirtæki að marka stefnu sem starfsmenn eru upplýstir um," segir Gréta.

Hún segir enn fremur að samkvæmt könnuninni vinni 55% landsmanna að einhverju leyti óstaðbundið en aðeins nokkur prósent segjast vinna alfarið þannig. „Þarna eru því veruleg tækifæri til frekari aukningar. Niðurstöður benda til þess að aukið svigrúm til slíkra starfa gæti haft umtalsverð áhrif á búsetumynstur, þar sem fleiri myndu kjósa að búa í landsbyggðunum.

Í heildina eru rúm 80% íbúa á landsvísu ánægð með sína búsetu og myndu ekki vilja breyta henni. Þar má einnig sjá að þó nokkur fjöldi segist vilja flytja í dreifbýli eða sveit. Þá er aðeins munur á milli landshluta hvort fólk vilji búa á sama stað eða flytja sig um set, þar sem 87% á Norðurlandi eystra segjast myndu vilja búa á sama stað en 75% á Vestfjörðum. Þarna er fólk þó oft bara að hugsa sér til hreyfings innan landshlutans."

### Áhugi höfuðborgarbúa á búsetu í sveit

Tækifærið liggur því, að sögn Grétu, í þeim sem myndu vilja færa sig um set ef starfið væri ekki bundið stað og stund. „Þar ræður líka sá fjöldi sem er á höfuðborgarsvæðinu en um 19,5% höfuðborgarbúa segjast geta hugsað sér að búa annars staðar ef starfið væri óstaðbundið, þar af er meirihluti þeirra sem segjast myndu vilja flytja út í dreifbýli eða sveit. Sá fjöldi er því nokkur og gæti þýtt mikil tækifæri fyrir minni byggðarlög. Sú dreifing yrði þó líklegast mest til nágrannabyggða höfuðborgarsvæðisins, eins og þróunin hefur verið undanfarin ár, en það á eftir að rýna nánar í gögnin til að kortleggja það betur.

Vesturland var skoðað sérstaklega og sérstakt átak í svörun í landshlutanum þar sem verkefnið var gert fyrir SSV. Þar sýna niðurstöður að gríðarleg fjölgun gæti orðið á Vesturlandi ef aukið svigrúm væri í atvinnulífinu fyrir óstaðbundin störf. Í raun gæti þar orðið 58% fjölgun íbúa ef ítrustu útreikningar myndu raungerast. Þar ber þó að setja þann varnagla á að búsetulanganir eru eitt en annað að framkvæma það í raun og veru. Þetta gæti þó þýtt verulega fjölgun íbúa engu að síður þó ekki væri nema hluti af þessum hópi sem fengi að ráða búsetu sinni og taka starfið með. Það kemur fram að 57% Vestlendinga vinna að einhverju leyti óstaðbundið nú þegar og veruleg tækifæri eru til frekari aukningar. Einnig keyra Vestlendingar í hærra hlutfalli lengri vegalendir til vinnu."

### Gríðarleg sóknarfæri fyrir atvinnulífið

Samantekið segir Gréta að niðurstöður sýni að gríðarlega mikil sóknarfæri séu til staðar fyrir atvinnulífið til að gera betur og gefa meira svigrúm. „Það getur aukið vellíðan starfsfólks, minnkað streitu og létt á umferðarþunga á höfuðborgarsvæðinu að fólk fái til dæmis tækifæri til að vinna í blönduðu vinnufyrirkomulagi, þar sem unnið er heima 1-2 daga í viku. Í raun sýna bæði norrænar og hérlendar rannsóknir að eftir Covid sé þar breyting, þó kannski ekki eins mikil og maður hefði haldið, eftir alla þessa heimavinnu."

Einnig séu tækifæri til að auka fjölbreytni á atvinnumarkaði í dreifðum byggðum landsins. „Þarna þarf kannski líka að gefa því séns að vera ekki eingöngu að einblína á að auglýsa ný störf óstaðbundið, þó það sé vel, heldur gefa því séns að núverandi atvinnumarkaður fái aukinn hreyfanleika. Þarna þarf ákveðna stefnubreytingu og í raun hvatningu inn á atvinnumarkaðinn, og þá kannski líka þjálfun. Margir mikla það fyrir sér að hafa starfsfólk í fjarvinnu en tæknin er hröð og netsamband er orðið svo gott alls staðar að það er allavega ekki hindrun. Þá hefur uppbygging samvinnurýma og skrifstofuklasa síðastliðin ár úti um allt land einnig aukið tækifæri íbúa til að vinna fjarvinnu, þar sem mætt er á ákveðinn vinnustað með kaffistofu og vinnufélögum, þó það sé ekki endilega að vinna fyrir sama vinnuveitanda. Ég hef sjálf unnið í svoleiðis klasa í fjölmörg ár og get svo sannarlega mælt með því," segir Gréta Bergrún Jóhannsdóttir, annar höfunda skýrslunnar. */smh*


lauf cycles
**Lauf eElja.** Fislétt íslenskt rafmagnsfjallahjól, í hæsta gæðaflokki. Við seljum milliliðalaust og getum þannig boðið verð sem enginn keppir við **frá 999.900 kr.**
Kíktu í verslun okkar á Grandagarði. Við sendum líka um allt land.
**Meira um hjólið á laufcycles.com**

**Fæðuöryggi:**

# Landbúnaður er háður innfluttum aðföngum

## – Ekkert kerfisbundið birgðahald

**Matvælaframleiðsla á Íslandi er nær alfarið háð innfluttum aðföngum.**

Tilbúinn áburður, fræ og kjarnfóður eru ofarlega á lista lífsnauðsynlegra aðfanga. Efling kornræktar á Íslandi er í vinnslu en innlend framleiðsla á áburði skammt á veg komin og enginn fræbanki til.


Tilbúinn áburður til túnræktar og rúllubaggaplast hafa hækkað í verði eftir lokun Hormússunds. Mynd / eks

### Markmið um sjálfbærnihlutfall 50%

Ríkisstjórn Noregs hefur sett markmið um að auka sjálfbærnihlutfall norskra landbúnaðarafurða í 50% fyrir árið 2030, hlutfall sem nú er um 40%. Norskir bændur segja skilning á mikilvægi matvælaframleiðslu ekki nógu mikinn.

Sambærileg töluleg markmið eru ekki til á Íslandi en sem dæmi svarar framleiðsla á grænmeti um 27% af innanlandsþörf.

Í svari atvinnuvegaráðuneytisins um málið segir að sjálfbærni sé eitt af grunnmarkmiðum landbúnaðarstefnunnar sem gildir til ársins 2040. Það taki til umhverfis, efnahags og samfélags. Í svarinu segir að í stefnunni sé „kveðið á um að stuðla að hringrásarhagkerfi í landbúnaði með aukinni fullnýtingu afurða og lífrænna hráefna og minni sóun. Þá er lögð áhersla á að styrkja stoðir fæðukerfisins, þar á meðal með jarðvegsvernd, ábyrgri auðlindanýtingu og aukinni innlendri framleiðslu landbúnaðarafurða til manneldis“. Ekki kemur fram í svarinu hve mikil sú aukning á að verða. Enn fremur segir að „markmiðið [sé] að íslenskur landbúnaður geti til framtíðar framleitt heilnæm matvæli á sjálfbæran hátt og tryggt aðgengi almennings að slíkum vörum“.

### Efling kornræktar í vinnslu

„Ekki er hægt að tryggja eiginlegt fæðuöryggi á Íslandi án töluverðs innflutnings matvæla og aðfanga til matvælaframleiðslu“, segir í skýrslu Landbúnaðarháskólans sem unnin var fyrir atvinnuvegaráðuneytið árið 2024.

Atvinnuvegaráðherra, Hanna Katrín Friðriksson, sagði á málþingi um fæðuöryggi, sem haldið var í lok nóvember síðastliðnum, að vinna væri hafin við að greina áfallaþol íslensks samfélags og hvernig mætti efla það. Á málþinginu voru kynntar auk fyrrnefndrar skýrslu nýtt mælaborð um stöðu og horfur fæðuöryggis á Íslandi. Þar kemur meðal annars fram að „fæðukerfi landsins er viðkvæmt gagnvart ytri og innri áföllum“.

Í svari við fyrirspurn um framgang vinnu við innlenda áburðarframleiðslu, birgðasöfnun á fræjum og aukna kornrækt til mann- og dýraeldis, í kjölfar málþingsins í nóvember, segir í svari atvinnuvegaráðuneytis að landbúnaður sé mjög háður ýmiss konar innfluttum aðföngum. „Stærsta verkefnið sem er í gangi er fimm ára verkefni um eflingu kornræktar og á undanförnum árum hafa mörg verkefni verið tekin til skoðunar um bætta nýtingu hráefna til áburðarframleiðslu þó að þau séu skammt á veg komin.“

### Dökk sviðsmynd hefur raungerst

Um 85% af tilbúnum áburði er fluttur inn á tímabilinu frá mars til maí samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands. Enginn tilbúinn áburður, sem langflestir bændur nota, er framleiddur á Íslandi. „Þessi árstíðasveifla þýðir að ef aðföng skerðast á tímabilinu apríl/maí þá væri nær enginn áburður til í landinu í byrjun sumars“, segir í skýrslu LbhÍ. „Þetta hefði umtalsverð áhrif á uppskeru að hausti og þar með stöðu búfjárræktar í landinu. Hafa þarf í huga að ef innflutningur á áburði raskast þá er ekki ólíklegt að sama gildi fyrir innflutt kjarnfóður. Bændur gætu því þurft á sama tíma að glíma við uppskerubrest og kjarnfóðurskort.“

Hormússundið hefur verið lokað síðan í byrjun mars vegna stríðs Bandaríkjanna og Ísraels í Íran. Þriðjungur alls tilbúins áburðar í heiminum er fluttur um sundið. Varabirgðir voru til hjá innflytjendum á áburði og kjarnfóðri en ekkert kerfisbundið birgðahald er á Íslandi. Sviðsmyndin sem er teiknuð upp í skýrslunni hefur nú raungerst og ljóst að Ísland á langt í land hvað varðar fæðuöryggi. */eks*




# Danir glíma við gamlar syndir í vatnsverndarmálum

**Vatnsverndarmál voru mikið til umræðu fyrir síðustu þingkosningar í Danmörku, en skömmu áður hafði verið gefin út skýrsla sem lagði til lægri mörk fyrir nítrat í drykkjarvatni. Um tíu prósent vatnsveitna í landinu eru yfir þeim mörkum.**

Þórhallur Ingi Halldórsson, prófessor við næringar- og matvælafræðideild Háskóla Íslands, var formaður nefndarinnar sem samdi skýrsluna þar sem lögð voru til lægri mörk fyrir nítrat, en hann hefur um árabil unnið fyrir alþjóðastofnanir og eftirlitsstofnanir nokkurra ríkja sem sérfræðingur í áhættumati á eiturefnum.

### Nítrat varasamt í miklu magni

Danmörk er um 43.000 ferkílómetrar að stærð með um fimm og hálfa milljón íbúa, en þar eru alin um 30 milljónir svína á ári, sem er slátrað ýmist í Danmörku eða erlendis. Þórhallur Ingi segir það gefa auga leið að þegar svona mörg svín eru ræktuð í svona litlu landi fylgi því mengun, enda sé þetta mikill lífmassi og skila þau af sér miklum skít. Þar að auki sé stunduð mikil akuryrkja og sé lífrænn og tilbúinn áburður notaður á akra, sem leiði af sér uppsöfnun á nítrati í grunnvatni.

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni hafa verið sett heilsuverndarmörk upp á hámark 50 milligrömm af nítrati í hverjum lítra af drykkjarvatni. Sé það hærra skapast hætta á að ungabörn þrói með sér svokallað „blue baby syndrome“ þar sem nítrat í háum styrk veldur að endingu skertri súrefnisupptöku í blóði.

### Núningur milli bænda og almennings

„Árið 2018 kom út risastór rannsókn frá Danmörku þar sem búið var að fylgja eftir tveimur milljónum manna sem voru orðin 35 ára og eldri í þrjátíu ár. Þar sem Danir eru með kennitölur eins og á Íslandi var hægt að tengja búsetu fólks við nítratstyrkinn í drykkjarvatninu úr vatnsveitunni. Þar sáust mjög skýr tengsl milli þess að þeim mun hærri sem nítratstyrkurinn er, þeim mun líklegra var fólk til að þróa með sér krabbamein í ristli,“ segir Þórhallur.

Í kjölfar rannsóknarinnar var hann fenginn til að leiða gerð áðurnefndrar skýrslu þar sem lagt er til að hámarksstyrkur nítrats í drykkjarvatni í Danmörku verði færður úr 50 milligrömmum niður í 6 milligrömm, sem er næstum því tíföld lækkun. Eftir það setti umhverfisráðuneytið af stað vinnu við að kortleggja þær vatnsveitur í landinu sem þyrftu að gera breytingar og niðurstaðan er sú að um tíu prósent þurfa að gera umbætur. „Þetta eru mest vatnsveitur úti á landi, því að stóru vatnsveiturnar voru sennilega þegar byrjaðar á þessu.“

Samhliða þessu var farið í vinnu, sem Þórhallur hafði enga aðkomu að, sem sýndi fram á að víða sé skordýraeitur yfir mörkum í drykkjarvatni í Danmörku. „Þetta varð til þess að það varð mikil pólitísk umræða um drykkjarvatn fyrir kosningarnar, því að þetta tengist svo mikið landbúnaði, hvort landbúnaðurinn eigi að borga fyrir þetta eða hvort það eigi að setja hömlur á landbúnaðarframleiðslu. Í kosningunum í Danmörku skapaðist greinilega núningur milli bænda og almennings.“


Kornakur á norðanverðu Jótlandi. Ný skýrsla sýnir að drykkjarvatn hefur víða mengast vegna landbúnaðarstarfsemi. Mynd / Uta Scholl

### Er áratugi í jarðveginum

„Í Danmörku er til umræðu að skilgreina stærri radíus í kringum vatnsból þar sem það má ekki vera með mikla starfsemi, en mengunin af landbúnaðarstarfsemi getur verið allt að þrjátíu ár að fara niður í grunnvatnið. Sum staðar eru þeir að sjá mengun sem er vegna mjög gamalla „synda“ sem á sennilega bara eftir að versna,“ segir Þórhallur. Í einhverjum tilfellum geti mengunin í vatninu haldið áfram að versna þó svo að allri starfsemi sé hætt í kringum vatnsbólið í dag.

Aðspurður telur Þórhallur að nítrat út frá landbúnaðarstarfsemi sé ekki stórt vandamál á Íslandi þar sem vatnsmagnið og rennslishraðinn er svo mikill. Helst megi gera ráð fyrir einhverjum staðbundnum mengunaráhrifum í kringum stór svínabú eða sambærilega starfsemi. Þórhallur þekkir ekki mikið til mælinga á nítrati í drykkjarvatni á Íslandi og hann segir líklegt að sjaldan sjáist gildi sem eru fyrir ofan eitt milligramm á lítra. Saurgerlamengun geti mælst í yfirborðsvatnsbólum, en sé ekki vandamál þegar vatn er sótt í borholur.

### Ódýrara en ristilkrabbamein

„Helsti drifkrafturinn á bak við þessa vinnu hjá Dönunum var sú að þeir voru búnir að reikna út hversu mikið þeir myndu spara í heilbrigðiskerfinu með því að takmarka nítratið í drykkjarvatninu. Ef þeim tækist að fækka tilfellum ristilkrabbameins í landinu um 70 til 90 tilfelli á ári þá myndi það borga sig að breyta þessum mörkum.“

Þórhallur bendir á að lagt hafi verið til að breyta viðmiðunarmörkum til að minnka áhættu sem er verulega lítil fyrir. „Það er ekki þar með sagt að vatn með meira en sex millgrömmum af nítrati í lítranum sé eitthvað hættulegt. Fari gildin að nálgast tíu milligrömm virðist skapast áhætta sem er ekki hægt að horfa fram hjá, sem fer þó eftir því hvað fólk borðar.“ Nítrat er notað sem rotvarnarefni í matvæli, en Þórhallur bendir á að magn þess í mat sé í algjöru lágmarki og ef því er sleppt skapast hætta á matareitrun, sem er eitt það versta sem fólk getur lent í. */ál*

HMS Húsnæði Mannvirki Skipulag

**Umhverfismat framkvæmda**

**Matsáætlun í kynningu**

**Thor landeldi - 20.000 tonna eldi á ári**

Thor landeldi hefur lagt fram matsáætlun til Húsnæðis, - mannvirkja og skipulagsstofnunar vegna umhverfismats 20.000 tonna eldi á laxi á ársgrundvelli í landeldisstöð um 3 km vestan við Þorlákshöfn

**Kynning á matsáætlun:** Matsáætlunin er aðgengileg á Skipulagsgátt, www.skipulagsgatt.is

**Umsagnarfrestur:** Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn í gegnum Skipulagsgáttina eigi síðar en 26. maí 2026.


ÞAÐ VERÐA ENGAR BREYTINGAR ÁN MIÐFLOKKSINS - VIÐ STÖNDUM VIÐ ÞAÐ SEM VIÐ SEGJUM
ÉG BIÐ UM ÞINN STUÐNING
X VIÐ M Á KJÖRDAG
MIÐFLOKKURINN



Nemendur 10. bekkjar Brekkubæjarskóla á Akranesi.
Myndir / umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið



Fulltrúar Humble sem tóku við Kuðungnum úr hendi Jóhanns Páls Jóhannssonar umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.



Jóhann Páll Jóhannsson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, afhendir fulltrúum Krónunnar Kuðunginn.

Kuðungurinn:

# Umhverfisviðurkenning veitt fyrir framúrskarandi störf

**Fyrirtækin Humble og Krónan hlutu á dögunum Kuðunginn, umhverfisviðurkenningu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, fyrir framúrskarandi starf að umhverfismálum á síðasta ári.**

Þá voru nemendur 10. bekkjar Brekkubæjarskóla á Akranesi útnefndir Varðliðar umhverfisins.

Humble hjálpar fyrirtækjum að umbreyta þeim vörum sem ekki seljast fullu verði í verslunum í söluvörur og þannig verðmæti í gegnum smáforrit sitt. Með þeirri leið er dregið úr sóun og nýting birgða bætt. Segir í úrskurði dómnefndar að Humble hafi með eftirtektarverðum hætti dregið úr matarsóun á Íslandi.

Í umsögn dómnefndar um Krónuna sagði að sá metnaður sé lofsverður sem hún hefði sýnt með stuðningi við nýjar og skapandi leiðir til þess að draga úr myndun úrgangs síðastliðinn áratug.

Nemendur í 10. bekk Brekkubæjarskóla á Akranesi fengu útnefningu sína fyrir verkefnið og viðburðinn Fræðslusmakk.

Í verkefninu köfuðu nemendur ofan í fjölbreytt viðfangsefni loftslags- og umhverfismála, sem kynnt voru skólasamfélaginu, fjölskyldum og gestum og gangandi á sérstökum loftslagsviðburði í skólanum. */smh*

Kirkjubæjarklaustur:

# Verðlaunuð fyrir kynbótahrút

**Fanney Ólöf Lárusdóttir og Sverrir Gíslason á bænum Kirkjubæjarklaustri II fengu á fagþingi í sauðfjárrækt sem haldið var á Laugarbakka í Miðfirði 11. apríl síðastliðinn viðurkenningu frá sauðfjársæðingastöðvunum fyrir að hafa ræktað best reynda kynbótahrútinn 2025, Ask 19-884.**

Fanney Ólöf og Sverrir hafa náð langt í ræktun sinni. Þau eru með 420 fjár og 7 hesta. Þau eru að sjálfsögðu mjög stolt af verðlaununum og eru þau mikill heiður fyrir það ræktunarstarf, sem hefur verið stundað í gegnum árin á búinu.



Hinn magnaði hrútur Askur sem var valinn besti kynbótahrútur landsins á síðasta ári.
Myndir /Aðsendar

### Pabbinn var lagðprúður og föngulegur hrútur

Þegar Fanney Ólöf er spurð út í Ask og beðin að lýsa honum stendur ekki á svarinu. „Hann er fæddur á okkar búi árið 2019 en Askur er undan heimahrútnum Óðni 17-520, sem reyndist gríðarlega vel á okkar búi, bæði sem lambafaðir og ærfaðir. Óðinn var gemsalamb og vakti athygli okkar lambsárið þar sem hann var gríðarlega fallegur á velli. lagðprúður og föngulegur. Aski svipar mjög til hans nema að Askur var grár en Óðinn hvítur,“ segir Fanney og bætir við: „Askur var notaður á okkar búi 2020 og 2021 og kom vel út bæði árin. Við settum ekki mikið á undan honum fyrra árið því hann er, jú, grár og við vildum ekki fara að setja á fjölda af gráum ám. Seinna árið hans settum við aftur á móti á 13 ær og einn hrút. Um þriðjungur af þeim var grár og ein svartgolótt. Hann er svo fenginn í afkvæmarannsókn fyrir sæðingastöðvarnar haustið 2021 að Borgarfelli í Skaftártungu. Þar kom hann mjög vel út og var þá valinn á sæðingastöðvarnar haustið 2022 og var þar tvö ár. Hann átti því afkvæmi um allt land haustin 2023 og 2024.“



Þau Sverrir Gíslason og Fanney Ólöf Lárusdóttir í fjárhúsinu sínu.

### 80 lambhrútar

Það hafa verið settir á undan Aski um 80 lambhrútar og er um helmingur þeirra enn á lífi. Afurðaárið 2025 voru til um 300 dætur hans. Þær eru afar frjósamar og er kynbótamat hans fyrir frjósemi 115 stig. Dætur hans hafa farið vel af stað og stendur kynbótamat hans fyrir mjólkurlagni í 108 stigum og fyrir fallþunga mæðra áhrif í 112 stigum.

### Hinn fullkomni hrútur

Þegar Fanney Ólöf er spurð út í mikilvægi hrúta í sauðfjárræktinni segir hún að alltaf sé verið að leitast við að rækta hinn fullkomna hrút, þ.e. hrút sem sameinar alla góða kosti. „Það er að vera góður lambafaðir, gefa bráðþroska lömb og vel gerð. Einnig er alltaf markmiðið að rækta hrúta sem eru líklegir til að vera góðir ærfeður, þ.e. að dætur þeirra séu frjósamar og mjólkurlagnar.

Við höfum alla tíð notað sæðingar mikið og er þá alltaf gott þegar uppáhaldsafurðaærnar eru að ganga á sæðingum og þá eru þær sæddar með einhverjum af „bestu“ hrútum landsins. Með þessu móti hefur okkur tekist að rækta góða gripi sem hafa skilað okkur t.d. Aski og fleiri góðum hrútum sem hafa nýst vel í ræktunarstarfinu,“ segir Fanney Ólöf.

### 700 lömb í vor

Sverrir og Fanney Ólöf eiga von á um 700 lömbum í vor og þau reikna með að búskapurinn verði með svipuðu sniði næstu árin. „Okkur langar í lokin að þakka fyrir þessa viðurkenningu vegna Asks. Það er mikil hvatning til að halda áfram á sömu braut og reyna að standa sig enn betur í ræktunarstarfinu,“ segir Fanney Ólöf. */mhh*






Mynd / smh

Selfoss:

# Sláturfélagið byggir nýtt stórgripasláturhús

**Sláturfélag Suðurlands (SS) hefur ákveðið að byggja nýtt stórgripasláturhús við afurðastöðina á Selfossi.**

Stærðin er um 1.200 m2 og kostnaður gróflega áætlaður um 900 milljónir króna. „Með nýju húsi bætist við gorklefi sem hefur vantað og gerir kleift að vinna vambir og garnir stórgripa og gera úr þeim verðmæti í stað þess að borga fyrir þessar afurðir til Orkugerðarinnar. Jafnframt verður mikil bæting á stórgriparéttinni með mörgum einstaklingsstíum, sem bæta líðan dýranna og vinnuaðstöðu starfsfólks og dýralækna. Einnig verður möguleiki á að slátra 5–600 kindum á dag og bjóða þannig ferskt dilkakjöt frá fyrri hluta ágúst og fram til jóla,“ segir Steinþór Skúlason, forstjóri SS, og bætir við: „Sparnaður og ávinningur með nýju húsi er um 300 milljónir króna yfir 25 ára tímabil og því má segja að kostnaður við fjárfestinguna sé um 600 milljónir króna.“

Vonast er til að framkvæmdir við nýja húsnæðið geti hafist í byrjun næsta árs og yrði þá lokið fyrir haustið 2028. Í dag starfa um 15 starfsmenn hjá SS á Selfossi en þeim mun fjölga upp í 130 þegar slátrun sauðfjár hefst í haust en reiknað er með að slátra um 100 þúsund fjár. */mhh*



Við fjármögnum
atvinnutæki
Lykill
Fjármögnun



Meirihluti fiskafla Noregs er fluttur úr landi, á meðan yfir helmingur þess matar sem Norðmenn neyta er innfluttur.
Mynd / Ferdinand Stöhr - Unsplash

Fæðuöryggi:

# Norðmenn geti ekki reitt sig eingöngu á fisk

**Þrátt fyrir að Noregur sé ein stærsta fiskveiðiþjóð heims er þjóðin ekki í þeirri stöðu að geta einfaldlega reitt sig á fisk ef alvarleg kreppa eða átök skapast. Þetta skrifa Nils Gunnar Kvamsø, forstjóri norsku hafrannsóknastofnunarinnar, og Cecilie Hansen, vísindamaður við sömu stofnun, í grein í Bergenske Tidende.**

Þau benda á að norskt fæðu- og orkuöryggi einkennist af ýmsum mótsögnum. Meirihluti fiskafla landsins er fluttur úr landi, á meðan yfir helmingur þess matar sem Norðmenn neyta er innfluttur. Þrátt fyrir mikla olíuvinnslu hefur landið aðeins eina olíuhreinsunarstöð og er háð innflutningi eldsneytis. Markviss árás gæti lamað hreinsunarstöðina og við eldsneytisskort yrðu hernaðarlegum þörfum forgangsraðað fram yfir aðra starfsemi, svo sem fiskveiðar.

Höfundarnir minna jafnframt á að þótt Noregur sé leiðandi á heimsvísu í fiskeldi sé megnið af fóðurefnum innflutt. Nauðsynleg næringarefni í eldislax koma meðal annars frá Kína. Það þurfi því ekki mikið til að rjúfa aðfangakeðjur sem hefði alvarlegar afleiðingar í kreppu.

### Heildarviðbúnaður nauðsynlegur

Kvamsø og Hansen leggja áherslu á að viðnámsþróttur samfélagsins í kreppu eða stríði snúist ekki einungis um hernaðarlegan viðbúnað. Hann byggist einnig á getu borgaralegs samfélags til að styðja herinn, halda uppi samfélagslegum grunnstoðum og tryggja aðgengi að vatni, lyfjum og mat. Um sé að ræða heildarviðbúnað.

Þau segja að kalt stríð eða jafnvel vopnuð átök í Noregi eða nærliggjandi hafsvæðum séu ekki lengur óraunhæfar sviðsmyndir. Öryggispólitísk staða landsins sé ófyrirsjáanlegri en lengi hafi verið og því þurfi áætlun um sjálfsafla sem taki mið af því hvernig átök og kreppur geta haft áhrif á hafsvæði landsins og aðgang að mat úr sjó.

### Áhrif stríðs á vistkerfi Barentshafs

Haffræðingar og varnarfræðingar hafa metið svæðisbundin áhrif kalds stríðs eða vopnaðra átaka á vistkerfi Barentshafs. Þar eru meðal mikilvægustu fiskistofna heims og bæði Norðmenn og Rússar hafa stundað veiðar þar í um þúsund ár.

Greiningarnar sýna ákveðna mótsögn. Fyrir líf í sjónum gæti heitt stríð reynst skárra en kalt stríð, að því gefnu að ekki fylgi umfangsmikil mengun á borð við geislun eða olíuleka. Í vopnuðum átökum myndi aukin hernaðarstarfsemi leiða til þess að borgaraleg umferð á hafi dregst verulega saman. Veiðar myndu minnka, olíu- og gasvinnsla dragast saman, ferðamenn hyrfu og siglingar minnkuðu. Í reynd yrði stór hluti Barentshafs að eins konar óviljandi friðlýstu hafsvæði. Höfundarnir vísa til reynslu seinni heimsstyrjaldar, þegar fimm ár án fiskveiða leiddu til verulegrar uppbyggingar fiskistofna.

### Kalt stríð verri kostur fyrir hafið

Við kalt stríð, þar sem samkeppni eykst án vopnaðra átaka, verði staðan hins vegar allt önnur. Þá verði sókn í auðlindir tekin fram yfir umhverfisvernd, samvinnu um kvóta og sjálfbæra nýtingu. Veiddar yrðu fleiri tegundir, lægra í fæðukeðjunni, og sótt í ný svæði þegar ís hopar. Hafsbotnsnám, aukin orkuvinnsla og áhersla á olíu- og gasleit fylgi í kjölfarið.

Höfundarnir segja slíka þróun hafa alvarlegar afleiðingar fyrir vistkerfið. Í slíku ástandi hugsi hver um sitt og hagsmunir heildarinnar víki. Því sé mikilvægt að horfa út fyrir eigin hagsmuni við skipulagningu og undirbúning fyrir mismunandi sviðsmyndir.

Að þeirra mati muni góð stjórnun strand- og hafsvæða og heilbrigð, sjálfbær vistkerfi alltaf þjóna landinu, líka í kreppu. Það geti komið að því að matur skipti öllu og þá sé mikilvægt að eiga vel búið matarforðabúr rétt fyrir utan bryggjukantinn.

*/þh*




Loftslag:

# Norðurslóðir hitna hraðast

**Evrópa er sú heimsálfa sem hitnar hraðast og hitabylgjur teygja sig úr Miðjarðarhafinu til norðurslóða.**

Ný skýrsla segir hitastig í yfirborði sjávar aldrei hafa verið hærra, gróðurelda skæðari og vatnsmagn áa minna. Hitastig hefur hækkað mest á norðurslóðum á undanförnum 30 árum og met voru slegin í hitabylgjum á landi og sjó.

### Hitastig yfir meðallagi í nær allri Evrópu

Köldustu svæði Evrópu hitna mest og þeirra á meðal norðurslóðir og alparnir á meginlandinu þar sem snjór og ís leika lykilhlutverk í að hægja á loftslagsbreytingum með því að endurvarpa geislum sólar frá jörðinni.

Hitastig hefur hækkað um 0,75°C á norðurslóðum á hverjum áratug undanfarinna 30 ára. Til samanburðar hefur hitastig í Evrópu hækkað um 0,56°C og á heimsvísu 0,27°C á áratug undanfarna þrjá áratugi.

Á 95% landsvæða Evrópu mældist hitastig yfir meðallagi á árinu 2025 og endurteknar hitabylgjur sem náðu methæðum mældust allt frá Miðjarðarhafinu og til norðurheimskautsins. Sem dæmi mældist hiti í Frosta í Noregi, skammt frá Þrándheimi 34,9°C í júlí.

Svæði þar sem frost mælist á vetrardögum minnkar og lágmarkshitastig var yfir meðallagi stærstan hluta ársins.

Þetta kemur fram í skýrslu Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar (WMO) og Evrópsku miðstöðvar-innar fyrir meðallangtíma veðurspár (ECMWF) um stöðu loftslagsmála í Evrópu á árinu 2025, sem kom út í lok apríl. ECMWF er sjálfstæð rannsóknarstofnun studd af mörgum Evrópuþjóðum og talin gefa út áreiðanlegustu veðurspálíkön heims.

„Árið 2025 urðu verstu hitabylgjur sem mælst hafa sunnan norðurslóða í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, þar sem hiti mældist yfir 30°C 21 dag í röð. Skýrslan frá 2025 býður upp á skýra og nothæfa innsýn til að styðja við stefnumótun og hjálpa almenningi að skilja betur breytingar á loftslaginu sem við búum við,“ segir Florian Pappenberger, forstjóri ECMWF.

### Hlýnandi yfirborð sjávar

Hitastig yfirborðs sjávar í Evrópu hefur aldrei verið hærra, fjórða árið í röð, segir í skýrslunni, sem sameinar vinnu um 100 vísindamanna og stofnana og veitir ítarlegt yfirlit yfir helstu breytingar á loftslagsvísum fyrir Evrópu, hraðast hlýnandi heimsálfuna, þar á meðal köld svæði, vistkerfi sjávar, ár og vötn, hættu á skógareldum og fleira.

Höf heimsins geyma um 90% af umframhita sem losun gróðurhúsalofttegunda af mannvöldum veldur. Hlýnun sjávar hefur neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika og búsvæði í sjónum. Hitabylgjur sjávar voru útbreiddar árið 2025 og höfðu áhrif á 86% af hafsvæðum Evrópu. Þær voru einnig öflugri og á 36% svæða voru aðstæður metnar „alvarlegar“ eða „öfgakenndar“, sem er hæsta hlutfall sem skráð hefur verið.

„Sameiginlegt átak okkar til að framleiða European State of the Climate, endurspeglar hvernig loftslagsbreytingar hafa áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika og djörf verkefni sem evrópskir stjórnmálamenn hafa gripið til til að vernda hann og endurheimta,“ segir Celeste Saulo, aðalritari Alþjóða veðurfræðistofnunarinnar.

### Eldar brenna og jöklar bráðna

Aldrei hafa jafnstór landsvæði orðið eldum að bráð og árið 2025 á sama tíma og vatnsstraumur í 70% áa mældist undir meðallagi yfir árið. Árið 2025 var eitt þriggja þurrustu ára frá 1992 með tilliti til jarðvegsraka.

Heit og þurr veðurskilyrði höfðu áhrif á að mestu gróðureldar til þessa geisuðu í Evrópu. 1,034,550 hektarar brunnu á árinu, landsvæði stærra en Kýpur. Miklir skógareldar geisuðu á Spáni, Bretlandi, Hollandi og Þýskalandi auk Kýpur.

Jöklar á Íslandi hafa aðeins einu sinni áður minnkað jafnmikið á einu ári og Grænlandsísinn minnkaði um 139 milljarða tonna, magn sem svipar til alls íss sem fyrirfinnst í jöklum alpanna á meginlandinu.

Dušan Chrenek er aðalráðgjafi Digital Green Transition hjá DG Clima og segir um niðurstöðurnar að skýrslan veiti sannfærandi sönnunargögn um djúpstæð áhrif loftslagsbreytinga á lífríki og efnahagslíf. „Skýrslan er skýr áminning um að við verðum að halda áfram og flýta fyrir bæði aðlögunar- og mótvægisaðgerðum.“ */eks*



Horft yfir Alpana úr flugvél í maí. Mynd / eks



STEINSMIÐJA
AKUREYRAR
steinsmidjaakureyrar.is
Tilboð 1- 690.000
Án blómaramma 590.000
Hér hvíla hjónin
Guðmundur Hallgrímsson
Sólveig Una Ingólfsdóttir
Ljúf er ykkar minning
Hvíl í friði
Tilboð 2
199.000
255.000
með lukt
Hér hvílir
Hugrún Hannesdóttir
Blessuð sé minning þín
VORTILBOÐ
Innifalin er uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi.
Sendum frítt um allt land. Geymum steina ef óskað er.
Tilboð 3 - 610.000
Án blómaramma
510.000
Hér hvíla hjónin
Hannes Páll Jónsson
Guðrún Dögg Friðjónsdóttir
Minning ykkar er ljós
í lífi okkar
Tilboð 4 - 495.000
Án blómaramma
395.000
Hér hvílir
Sigurður Sigurðsson
frá Hóli
Blessuð sé minning þín
Rúmar vel tvö nöfn
Minni steinar sem passa líka á duftleiði
Tilboð 5
Demantur
175.000
225.000
með lukt
Baldur Páll Hauksson
Blár
Grár
Svartur
Paradiso
Svartur
Tilboð 6
Hjarta 199.000
255.000 með lukt
s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is
Verslun Njarðarnes 4, 603 Akureyri




Freistandi getur verið að kaupa nýjar vinnuvélar á sölutorgum eins og AliExpress, enda eru tækin þar auglýst á miklu lægra verði en hjá íslenksum vélasölum. Að undanförnu hafa hins vegar komið upp tilfelli þar sem vinnuvélarnar uppfylla ekki öryggiskröfur til þess að hægt sé að skrá þær á Íslandi. Kaupendur þurfa því ýmist að láta farga vinnuvélunum eða senda þær aftur úr landi, sem þýðir aukinn kostnað. Komist vinnuvélin inn í landið getur hún skapað hættu, en þá getur verið öruggara og hagstæðara að nota eldri gröfu eins og sést hér fyrir ofan. Mynd / ál

# Varað við innflutningi á vinnuvélum án CE-merkinga

## – Öryggiskröfum oft ekki fylgt sem gerir vélarnar hættulegar

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



**Að undanförnu hefur Vinnueftirlitið varað sérstaklega við innflutningi á vinnuvélum sem eru ekki CE-merktar eða með merkingar sem eru látnar líta út eins og CE-merkið. Ekki má selja eða nota vinnuvélar hérlendis sem eru án CE-merkinga.**

Í fréttatilkynningu á vef Vinnueftirlitsins segir að CE-merkið gefi til kynna að framleiðandi, innflytjandi eða dreifingaraðili ábyrgist að vinnuvélin eða tækið uppfylli ákveðnar öryggiskröfur sem hafa verið samræmdar innan Evrópska efnahagssvæðisins. Vinnueftirlitið hafi heimildir til að banna sölu og markaðssetningu vinnuvéla og tækja sem eru ekki CE-merkt eða þegar rökstuddur grunur er um að þau hafi verið ranglega CE-merkt. Engar undanþágur séu í lögum, enda sé verið að tryggja öryggi þeirra sem koma til með að nota vinnuvélina eða tækið.

### Öryggisbúnaður oft illa festur

Í samtali segir Ægir Ægisson, leiðtogi straums vinnuvéla og tækja hjá Vinnueftirlitinu, að vandamálið tengist helst innflutningi á vinnuvélum sem keyptar eru í gegnum netverslanir frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES), eins og AliExpress í Kína. Eins séu dæmi þess að framleiðendurnir hafi hýst vefverslanirnar á Norðurlöndunum eða falsað gögn til þess að láta líta út fyrir að vélarnar séu frá Evrópu.

Ægir tekur þó sérstaklega fram að frá Kína og öðrum ríkjum utan EES berist mikið af vinnuvélum sem séu í mjög góðu lagi, bæði frá kínverskum vörumerkjum og þekktum vestrænum, japönskum og kóreskum vörumerkjum sem láta framleiða fyrir sig í Kína.

„Inn á milli koma vélar sem standast engar kröfur," segir hann. Þetta séu aðallega litlar vinnuvélar eins og smágröfur og liðléttingar, ásamt því sem vinnueftirlitið hefur stöðvað véldrifna aukahluti sem eiga að vera CE-merktir, eins og snjótennur, rúllugreipar og annað í þeim dúr. „Við sjáum í sameiginlegum gagnagrunni að það sama er að gerast úti um alla Evrópu."

Ægir og kollegar hans hafa séð dæmi um að öryggishús eða veltigrindur séu úr afar þunnu efni sem jafnist á við blikk. Eins sé málmsuðu oft ábótavant og stundum sé aðeins soðið saman með litlum punktum. Samskeyti á öryggishúsi hafi jafnframt verið soðin hálfa leið á meðan hinn helmingurinn er festur með límkítti.

### Hús sem getur pústað inn í

„Þessar vélar geta verið beinlínis hættulegar. Við höfum séð dæmi um gröfur sem eru hannaðar fyrir veltigrind, en kaupandinn getur pantað þær með lokuðu öryggishúsi. Þá virðist framleiðandinn setja eitthvert hús sem passar illa á vélina og oft vantar bolta eða réttar festingar á það," segir Ægir. Dæmi eru um vinnuvélar þar sem er op milli öryggishússins og vélarhússins sem getur skapað hættu á að útblástur berist inn til stjórnanda vinnuvélarinnar. Einnig vantar oft miðstöðvar og loftræstingu í öryggishúsin til að tryggja ferskt loft og til að hreinsa móðu sem getur myndast á rúðum.

Þá er áfyllingarlokið á eldsneytistankinum stundum inni í stýrishúsinu, sem leiðir af sér eldsneytisbrælu og hættu á að eldfimur vökvi geti lekið yfir stjórnandann ef vélin veltur. Eins vantar stundum öryggisbelti, eða þá að beltið er fest við sæti sem er á löm án allra festinga að aftanverðu. „Ef vélin steypist fram myndi stjórnandinn sennilega fara í gegnum rúðuna," segir Ægir.

Brunahreyflarnir þurfa að standast Stage V mengunarkröfur, sem er ekki alltaf raunin. Varúðarmerkingar þurfa að vera á íslensku eða einhverju evrópsku tungumáli, sem er oft ábótavant. Þá hafa komið vinnuvélar þar sem allar merkingar vantar á mótorinn, sem er ekki samkvæmt kröfum og þýðir jafnframt að erfitt getur verið að sannreyna hvaða brunahreyfill er í vélinni eða panta varahluti.

### CE-merking ekki það sama og CE-merking

CE-merkingar hafa verið í notkun á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) síðan 1993 og stendur skammstöfunin fyrir Conformité Européenne. Framleiðendum og söluaðilum tiltekinna vara er skylt að uppfylla ákveðnar kröfur er varða heilbrigði, öryggi og umhverfisvernd og er CE-merkið notað til þess að sýna að varan uppfylli staðla. Meðal þeirra vara sem eiga að bera CE-merki er hvers kyns vélbúnaður og vinnuvélar. Þar að auki má nefna leikföng, raftæki, flugelda og hlífðarfatnað.




Kínverskir framleiðendur eiga sitt eigið CE-merki sem stendur fyrir China Export. Það er afar líkt CE-merkinu sem notað er innan EES og því auðvelt fyrir neytendur að ruglast. China Export merkið er engin trygging fyrir því að varan uppfylli evrópska staðla.

Á meðfylgjandi skjáskoti má sjá samanburð á þessum merkjum. Evrópska merkið er til vinstri og hið kínverska til hægri. Leturgerðin í báðum merkjunum er eins, en hið evrópska CE-merki þekkist á því að nokkurt bil er á milli stafanna, á meðan stafirnir í kínverska merkinu eru þétt upp við hvor annan.





Hér er opið beint niður úr stýrishúsi að mótor og greið leið fyrir pústmengun inn í ökumannshús. Á þessari vél var ekkert loftinntak með síum fyrir stýrishús til að tryggja ferskt loft fyrir ökumann.



Hér er einn bolti og örþunn skinna sem halda öryggishúsinu á vélinni. Viðkomandi vél var hönnuð fyrir veltigrind og sjást götin fyrir hana við hliðina. Húsið hefur ekki verið hannað með þessa vél í huga.

Myndir / Vinnueftirlitið

### Jackie Chan kvittar undir

„Þegar maður fer inn á þessar sölusíður má sjá alls konar vottorð sem standast svo enga skoðun," segir Ægir. Fólk sé því yfirleitt að kaupa vinnuvélarnar í góðri trú, en það sé framleiðandinn sem sé að svíkja. „Það eru margir sem trúa því sem seljandinn heldur fram, en þegar vélarnar koma hingað vantar gögn og þá megum við ekki skrá þær," segir Ægir. „Við köllum eftir prófunarskýrslum fyrir veltibúrin og öryggisbúnaðinn og fáum oft röng eða ófullnægjandi gögn til baka." Á skýrslum sem Vinnueftirlitið hefur séð sé stundum skrifað undir með nafni leikarans Jackie Chan, sem sé auðvitað sterk vísbending um fölsun.

Margar af þessum vinnuvélum kosta lítið, en ef þær standast ekki kröfur getur þetta verið dýrt. Yfirleitt koma vinnuvélarnar hingað í leigugámum og það getur tekið langan tíma að fá nauðsynleg gögn að utan. Ef ekki er hægt að sækja vélarnar eftir einhverja daga þarf kaupandinn að byrja að borga geymslugjöld á hafnarsvæðinu og leigu fyrir gáminn.

Sé innflutningur ekki heimilaður geta kaupendur átt von á því að þurfa að farga vélunum eða að flytja þær út aftur sem felur í sér aukinn kostnað. Erfitt hafi reynst fyrir kaupendur að ná sambandi við framleiðendur ef þeir vilja skila vörunni og fá endurgreiðslu.

### Verðmiðinn freistandi

Samkvæmt fyrirspurnum sem sendar voru á innlenda vélasala sem selja smágröfur frá þekktum vörumerkjum má reikna með að 1,8 til 2,0 tonna beltagrafa kosti allt frá tæpum fimm milljónum króna með virðisaukaskatti ef þær eru pantaðar með litlum aukabúnaði. Allar eru þær CE-merktar. Við stutta leit á AliExpress má sjá margar vinnuvélar og landbúnaðartæki sem eru auglýst á verði sem er brot af því, en þegar þær eru skoðaðar nánar má sjá sterkar vísbendingar um að öryggisbúnaði sé ábótavant. Allar eru þær frá vörumerkjum sem eru alls óþekkt á Íslandi.



Ægir Ægisson.

Ægir segir að núna séu vélar markvisst skoðaðar af Vinnueftirlitinu og óskar stofnunin eftir frekari gögnum ef eitthvað virðist ekki standast kröfur. „Það sem hefur breyst á undanförnum árum er að netsölutorgum hefur fjölgað mikið og auðveldara er fyrir fólk að panta vinnuvélar sjálft án þess að gera sér grein fyrir hvaða lög og reglur gilda um innflutning og markaðssetningu.

### Vinnueftirlitið leiðbeinir fólki

„Ef fólk vill flytja inn vinnuvélar getum við gefið leiðbeiningar um hvaða gögnum á að kalla eftir og farið yfir þau. Við höfum líka kallað sjálf eftir prófunarskýrslum og fleiri gögnum," segir Ægir. „Eins getum við flett upp hvort búið sé að banna sams konar vélar annars staðar í Evrópu. Vinnueftirlitið getur hins vegar ekki gefið leyfi fyrir innflutningi vinnuvélar fyrir fram, heldur þarf að yfirfara hverja vél þegar hún kemur til landsins."

Allar vinnuvélar þurfa að fara í reglubundna skoðun hjá Vinnueftirlitinu og er möguleiki fyrir eftirlitsfulltrúa að taka svona vélar úr notkun sem hafa sloppið í gegnum tollinn. Starfsmenn stofnunarinnar hafi til að mynda komið nýlega að ódýrri vinnuvél frá 2022 sem var orðin illa ryðguð og ónýt af sliti.

Ægir bendir á að hann viti ekki til þess að verktakar sem þurfa að nota vélar í mikla vinnu hafi verslað í gegnum þennan farveg. Vélarnar fari helst til einkaaðila sem ætla sér að nota þær í smærri verk. „En það gildir það sama um þær – allar vinnuvélar eiga að vera skráðar og skoðaðar."



Hér sést léleg málmsuða á veltigrind sem kíttað hefur verið yfir.

## Úr reglugerð um vélar og tæknilegan búnað

**4. gr. Skilyrði um öryggi.** Óheimilt er að setja á markað eða taka í notkun vélar eða ófullgerðar vélar, sem falla undir gildissvið reglugerðar þessarar, nema að tryggt sé að heilsu og öryggi manna, og þar sem við á, öryggi húsdýra sem og eignum og, eftir atvikum, umhverfinu stafi ekki hætta af þeim vélum eða ófullgerðum vélum sem eru settar upp á réttan hátt, þeim haldið við sem skyldi og þær notaðar í fyrirhuguðum tilgangi eða við aðstæður sem skynsamlegt er að ætla að sjá megi fyrir.

**14. gr. Eftirlit.** Hafi Vinnueftirlit ríkisins rökstuddan grun um að öryggi eða heilsu manna og, eftir því sem við á, húsdýra sem og eignum og, eftir atvikum, umhverfinu, stafi hætta af vél, sem fellur undir gildissvið reglugerðar þessar, og ber CE-merki með meðfylgjandi EB-samræmisyfirlýsingu og notuð er eins og ætlast er til eða við aðstæður sem skynsamlegt er að ætla að sjá megi fyrir, er Vinnueftirlitinu heimilt að banna markaðssetningu og/eða notkun vélarinnar um tíma eða setja sérstök skilyrði fyrir slíku.

**I. Viðauki**

**3.4.3. Vél velti og sporðreisist.** Ef sú áhætta er fyrir hendi að sjálfknúin vél, með ökumanni, stjórnanda eða öðrum mönnum innanborðs, velti eða sporðreisist skal koma fyrir viðeigandi veltigrind á vélinni nema slíkt auki áhættuna. Veltigrindin skal tryggja að menn um borð hafi nægilegt rými sem aflagast ekki þó að vélin velti eða sporðreisist.

Til að ganga úr skugga um að veltigrindin standist kröfur skv. 2. mgr. þessa liðar skal framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans prófa eða láta fara fram viðeigandi prófun á öllum gerðum viðkomandi veltigrinda.

**3.4.4. Hlutir eða efni sem falla.** Ef áhætta er fyrir hendi vegna hluta eða efna sem falla niður við vél með ökumanni, stjórnanda eða öðrum mönnum innanborðs skal vélin hönnuð og smíðuð þannig að tekið sé tillit til áhættunnar. Jafnframt skal vélin útbúin viðeigandi varnargrind ef því verður við komið vegna stærðar vélarinnar.

Varnargrindin skal tryggja að menn um borð hafi nægilegt rými sem aflagast ekki þótt hlutir eða efni falli niður.

Til að ganga úr skugga um að varnargrindin standist þá kröfu sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þessa liðar skal framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans prófa eða láta fara fram viðeigandi prófun á öllum gerðum viðkomandi varnargrinda.

## ROPS og FOPS

Öryggishús- og grindur vinnuvéla eiga að vera búnar að standast stöðluð próf áður en þær fara í sölu. Skýrslur sem staðfesta öryggi búnaðarins eiga að vera aðgengilegar og geta eftirlitsfulltrúar Vinnueftirlitsins flett þeim upp samkvæmt númeri sem er á skildi á vinnuvélinni.

Staðlarnir eru nefndir ROPS og FOPS. Sá áðurnefndi stendur fyrir Roll-Over Protective Structure og á að verja stjórnanda vinnuvélarinnar ef hún veltur. Síðarnefnda skammstöfunin stendur fyrir Falling Object Protective Structure sem þýðir að húsið ver stjórnandann ef eitthvað hrynur ofan á vélina.

Vinnueftirlitið hefur séð vinnuvélar sem eru með skjöld sem gefur í skyn að öryggishúsið uppfylli ROPS og FOPS, en engin skýrsla er tengd við númerið á skildinum, eða þá að hún vísar til annars öryggisbúnaðar.



## Matvælaöryggi:

# Efnakokteill notaður í yfirborðsmeðhöndlun á sítrusávöxtum

– Krabbameinsvaldandi efni algengt



Edda Kristín Sigurjónsdóttir
edda@bondi.is

**Skylt er að tiltaka að börkur sé óætur sé sveppadrepandi efnið imazalil notað í yfirborðsmeðhöndlun sítrusávaxta. Efnið er krabbameinsvaldandi.**

Slík viðvörunarmerking var hvergi sjáanleg í þeim verslunum sem blaðamaður fór í og merkingum á öðrum aukaefnum er ábótavant. Ómögulegt er fyrir neytendur að rata um frumskóg aukaefna sem eru notuð í ræktun og meðhöndlun á ávöxtum og grænmeti.

### Engin varúðarmerking

Ýmis efni eru notuð við yfirborðsmeðhöndlun sítrusávaxta úr hefðbundinni ræktun. Á lítið áberandi miða á umbúðum eða á ávaxtakassanum og með örlitlum óskýrum stöfum eru skráð E númer eða heiti efna sem notuð eru við yfirborðsmeðhöndlun á appelsínum, klementínum, sítrónum og límónum. En engin varúðarráðstöfun um að börkurinn sé óætur.

Á ferð sinni um matvöruverslanir sá blaðamaður að oft voru engar merkingar á kössum með sítrusávöxtum.

Sveppadrepandi efni, lökk sem mynda gljáa og efni sem varna því að aldinin missi raka eru dæmi um efni sem er úðað eftir uppskeru eða blandað út í vax sem borið er á aldinin. Ekki er bann við að nota efnin sem hér um ræðir en umræða um slík viðbótar- og varnarefni fer sífellt vaxandi samhliða því að fleiri rannsóknir eru gerðar um áhrif þeirra. Reglum um merkingar er þó ekki fylgt.

### Sítrusávextir langmest úðaðir

Á vef Lífræns Íslands segir frá samantekt úr ársskýrslum dönsku Matvælastofnunarinnar og DTU (2017-2024) um varnarefnaleifar í matvælum sem sýnir „að sítrusávextir eru meðal þeirra matvara sem eru langmest úðaðar. Í hefðbundnum appelsínum og mandarínum mælist nær undantekningarlaust fjölbreyttur kokteill af varnarefnum á hýðinu." Þar er einnig bent á að slík efni eru bönnuð í lífrænni ræktun en að lífrænir bændur noti sumir náttúruleg efni úr hvítlauk til að draga úr sveppamyndun.



Í mörgum tilfellum voru alls engar upplýsingar um yfirborðsmeðhöndlun.

### Þekkt krabbameinsvaldandi efni

Imazalil er sveppadrepandi efni og mestmegnis notað eftir uppskeru á sítrusávöxtum og banönum. Vegna áreiðanlegra niðurstaðna úr rannsóknum skráði Heilbrigðis- og umhverfisstofnun Kaliforníu (OEHHA) það á lista yfir þekkt krabbameinsvaldandi efni árið 2011.

Í þeim sítrusávöxtum sem urðu á vegi blaðamanns voru E903, E904, E914 auk pyrimethanil og imazalil mest ábeandi. E914 er tilbúið plastvax, unnið úr jarðolíu og kemur því úr jarðefnaiðnaðinum. E903 er náttúrulegast þessara þriggja efna, carnauba vax unnið úr pálma tré. Það er einnig notað í bílabón.

Sítrusávextir meðhöndlaðir með E904, til að mynda BOLLO appelsínur sem fást víða, eru ekki hentugar fyrir grænkera. E904 er skellakk, kvoða sem skordýr af ættbálki sogskordýra seyta frá sér og er einnig notuð til húðunar á ýmsum lyfjatöflum.

Pyrimethanil er sveppadrepandi efni og einnig notað í meðhöndlun fleiri ávaxtategunda. Efnið er talið hafa áhrif á innkirtlakerfi mannsins og trufla starfsemi lifrar og skjaldkirtils samkvæmt rannsóknum Umhverfisstofnunar Bandaríkjanna (EPA). Aðrar rannsóknir hafa bent til tengingar efnisins við taugasjúkdóma og Alzheimer.





Merking með örlitlum og óskýrum stöfum. Myndir / eks

Pyrimethanil er eitrað fyrir sum skordýr, fiska og aðrar sjávarlífverur og talið hafa skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni. Efnið er notað til meðhöndlunar á fræjum, getur safnast fyrir í jarðvegi og er lengi að brotna niður.

### Rannsóknarverkefni um E-efni fær ekki styrk úr Matvælasjóði

Um áhrif ótal efna sem eru notuð í ræktun og yfirborðsmeðhöndlun á ávöxtum og grænmeti á starfsemi líkamans er margt á huldu. Sama gildir um svokölluð kokteiláhrif, samverkandi áhrif fleiri efna á líkamsstarfsemi. Sum E efni geta verið meinlaus á meðan önnur geta valdið miklum skaða á menn, dýr og umhverfi. Flókið er fyrir neytendur að þekkja þessi ólíku efni og möguleg áhrif þeirra.

Guðrún Svana Hilmarsdóttir, lektor við matvælafræðideild Háskóla Íslands, hefur tvívegis lagt inn umsókn í Keldu Matvælasjóðs um verkefni sem gengur út á að kortleggja notkun aukefna eða e-efna í matvælum á íslenskum markaði, skoða notkun, lausnir og tilheyrandi upplýsingamiðlun. Umsóknunum hefur báðum verið hafnað.

Í verkefnislýsingunni segir m.a. „e-efni eru stöðugt í umræðunni, en þar sem hvergi hafa verið tekin saman gögn fyrir íslenskan matvælamarkað um notkun einstaka e-efna eða hver möguleg samvirkni þeirra sé, heldur upplýsingaóreiðan áfram. Þó svo að nýlegar rannsóknir bendi til mögulegrar aukinnar áhættu vegna samverkandi áhrifa sumra e-efna, þá á það ekki við um þau öll, og því er mikilvægt að skoða hvaða e-efni séu óæskileg, og hvaða efni valda einfaldlega óþarfa áhyggjum neytenda."

Í lýsingunni segir enn fremur: „Auk þess er enn minna vitað um samvirkandi áhrif þeirra, þ.e.a.s. hvort ákveðnar blöndur e-efna séu verri eða betri en aðrar og hugsanleg heilsufarsáhrif þeirra eru stutt komnar í fræðiheiminum."

Guðrún Svana segir iðnaðinn jafnt sem matvæla- og næringarfræðideild HÍ vonast til að geta hafið verkefnið síðar. Hún segir að slík vinna sé sérstaklega mikilvæg í dag vegna aukinnar áherslu stjórnvalda á notkun e-efna, t.d. í ljósi nýrrar löggjafar sem tekur gildi í haust og felur í sér lækkun leyfilegs magns þeirra í mat. „Iðnaðurinn vill auðvitað uppfæra vörurnar sínar þannig að umhverfi og fólk sé sem sáttast með útkomuna," segir Guðrún Svana og bætir við að „mikilvægt er að stuðla að matvælaöryggi en það er alltaf spurningin hvað neytandinn er tilbúinn að gefa í staðinn, dýrari vörur sem endast styttra o.s.frv.".

Verkefnið yrði hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og niðurstöður myndu bæta gagnlegum upplýsingum við vaxandi en þó enn sem komið er takmarkaðan þekkingarbrunn á þessu fræðasviði og gætu haft veruleg áhrif á matvælastefnu Íslands.

### Merkingum ábótavant

Reglur um merkingar á aukaefnum í matvælum á Íslandi byggja á reglum Evrópusambandsins og þurfa að innihalda heiti eða E númer. Óunnar matvörur, svo sem ávextir og grænmeti, eru undanþegin þessari kröfu um innihaldslýsingu. Til eru undantekningar á þessu, svo sem vegna yfirborðsmeðhöndlunar.

Samkvæmt lögum Evrópusambandsins er skylda að upplýsa um að börkur sé óneysluhæfur sé imazalil notað við meðhöndlun. Slíkar merkingar sáust hvergi á þeim sítrusávöxtum sem blaðamaður skoðaði en innihéldu sýnilega tiltekið efni.

Evrópusambandið hefur á undanförnum árum í kjölfar aukinna rannsókna á skaðsemi ýmissa aukaefna hert reglur um notkun þeirra, svo sem skordýraeitursins thiamethoxam sem sagt var frá í síðasta blaði og er nú bannað að nota í ræktun í Evrópusambandinu vegna víðtækra skaðlegra áhrif á býflugnastofna. Efnið er þó enn framleitt og flutt út úr Evrópu í miklum mæli af fyrirtækinu Syngenta, sem er eitt stærsta fyrirtæki heims í framleiðslu fræja og plöntuvarnarefna. Nýlega tók gildi reglugerð um bann við innflutningi á vörum þar sem efnið er notað í ræktun.

Matvælastofnun (MAST) gefur út leiðbeiningar um merkingar og hefur eftirlit með að þeim sé fylgt.

### Þversögn í sjálfu sér

Mikið er notað af ýmsum aukaefnum í ræktun og yfirborðsmeðhöndlun á ávöxtum og grænmeti sem varnar því að aðrar lífverur nærist á því sem er verið að rækta, í þeim tilgangi að mannfólkið fái sem mesta uppskeru til eigin neyslu. Þetta kann að hljóma þversagnarkennt en eina leiðin fyrir neytanda til að sniðganga slík efni í fæðunni er að velja lífrænt vottaðar vörur.

Með því að þvo yfirborð sítrusávaxta skolast mögulega einhver efnanna sem notuð eru við yfirborðsmeðhöndlun burtu, en það er háð eðli hvers efnis. Sum efni sogast einnig inn í aldinin. Skolist tiltekið efni af, ferðast það með frárennsliskerfinu út í sjó þar sem það getur haldið áfram að valda skaða.

Starfsfólk sem sinnir ávaxtaræktun þar sem slík efni eru notuð eru í sérstakri hættu enda eru sum efnin, svo sem imazalil, einnig skaðleg við innöndun. Sé valið að kaupa yfirborðsmeðhöndlaða sítrusávexti ætti samkvæmt norska matvælaöryggiseftirlitinu ekki að borða né nota börkinn. Ráðlagt er að þvo sér um hendur eftir meðhöndlun yfirborðsmeðhöndlaðra ávaxta, sérstaklega þar sem börn eiga í hlut.




VELKOMIN Í HÓPINN
KJARNAFÆÐI
NORÐLENSKA
ÍSLENSKT
STAÐFEST
STOLT MEÐ OKKUR
ÁRTANGI
Grænegg
Sólskins
Lambhagi


HÓLASKÓLI · HÁSKÓLINN Á HÓLUM · FRÁ 1106
Lærðu þar sem ástríða
verður að framtíð
Við Háskólann á Hólum færð þú persónulega kennslu, einstakt samfélag og verklegt nám með raunveruleg tengsl við atvinnulífið.
• Hestafræðideild
• Fiskeldis- og fiskalíffræðideild
• Ferðamáladeild
Nemendaíbúðir í boði → nemendagardar.is
holar.is

# Heillaðist snemma af Flóru



**Sigrún Pétursdóttir**
sigrunpeturs@bondi.is

**Garðyrkju- og grasafræðingurinn Vilmundur Hansen hefur gert garðinn frægan um árabil, en ekki er langt síðan hann fagnaði nýútkominni bók sinni, Ræktaðu garðinn þinn. Vilmundur er einnig búfræðingur og kennari að mennt auk þess að vera með háskólagráðu í þjóðfræði og meistaragráðu í sögu gróðurnytja … svona til að telja eitthvað upp.**

„Eitthvað hef ég líka lært í trúarbragðafræðinni, en á alltaf eftir að skrifa meistaraprófsritgerðina mína sem er náttúrlega til skammar. Mikill ósómi að því að eiga það eftir,“ segir hann glottandi.

Plöntur hafa hins vegar kveikt í honum alla tíð, enda man hann fyrst eftir sér sem röggsömum smápolla sem stóð í því sjálfskipaða verkefni að gera sóleyjur að pottablómum, tilraun sem mistókst allhrapallega.

„Ég hef alla ævi haft áhuga á plöntum. Afi minn, sem var sauðfjárbóndi austur á Hornafirði, hafði miklar áhyggjur af drengnum sem hafði engan áhuga á sauðfé og gat aldrei lært mörkin eða snúið lambi. Ein af mínum fyrstu minningum hins vegar er þegar ég, um fimm ára aldur, stakk upp sóley í bæjarhólnum í Árnanesi, setti hana í neftóbaksbauk og út í glugga og vökvaði hana náttúrlega of mikið og hún drapst! Þetta var sem sagt fyrsta ræktunartilraun mín sem mistókst. Svo sem ekki sú eina, en þetta hefur setið í mér,“ segir Vilmundur hlæjandi.

### Garðyrkjumaður eða ljóðskáld …

Hann segir garðyrkjuáhugann ekki kominn úr nærfjölskyldunni heldur svolítið sjálfsprottinn þó eitthvað fari sögum um V-Skaftfellskan anga ættarinnar í tengslum við grös.

„Fjölskylda mín er ekki mikið í þessum geira,“ staðfestir hann. „Þegar ég sagði foreldrum mínum að ég hefði hug á að læra garðyrkju, þá í kringum 1980, þá hefði ég alveg eins getað sagt þeim að ég ætlaði að verða ljóðskáld. Þau voru algerlega í sjokki! Á hverju ætlar þú að lifa drengur?! Það var þannig þá, að allir sem höfðu áhuga á gróðri voru álitnir fremur sérvitrir þó þjóðfélagið hafi tekið slíkan áhuga í sátt síðan En ég hélt mínu striki, fór í Garðyrkjuskólann þarna 1980, sérhæfði mig í plöntuuppeldi og útskrifaðist sem garðyrkjumaður tveimur árum síðar.

Ég er annars talsverður sveimhugi og hef gegnum tíðina farið í ýmis störf, svona til að brjóta lífið upp. Ég var kennari um tíma og svo var ég nú eitthvað að myndast við að vera sjómaður sem kom í ljós að var nú ekki alveg mitt,“ segir Vilmundur. „Ég var verktaki í garðyrkju um tíma og vann við að búa til garða fyrir fólk án þess að vera neitt stórtækur. Ég fór líka að kenna og endaði sem skólastjóri, í Árneshreppi á Ströndum og í Þykkvabæ.




Svo hef ég verið ráðgjafi hvað varðar plöntur, lengst af í Blómavali. Til viðbótar fór ég og lærði grasafræði í Bretlandi í kringum 2012 sem var mjög skemmtilegt.

Lengst af var ég í blaðamennsku og fannst það eiga vel við mig. Á blaðamennskuárunum skrifaði ég mikið um plöntur og gróður og eitt og annað þeim tengdu. Ferill minn í þeim geira hófst á DV, svo var ég á Viðskiptablaðinu og Fiskifréttum auk þess að skrifa helling af greinum fyrir hin ýmsu tímarit. Meira að segja fyrir Bleikt og blátt, en óskaplega sakleysislegar og teprulegar greinar. Svo var ég lengi á Bændablaðinu. Finn tími.“

### Þjóðfræði fólks og plantna

„Í grasafræðináminu lagði ég stund á grein sem heitir Ethnobotany og fjallar um tengsl fólks og plantna. Ethnology er þjóðfræði og botany grasafræði og fagið eins konar þjóðfræði plantna sem fjallar um samskipti manna og plantna. Þegar ég hef verið að útskýra þetta fyrir fólki hef ég til dæmis sagt: „Ég get sagt þér hvað þú átt að nota ef þú vilt rækta fiðlu eða selló! Ethnobotany fjallar líka um lækningaplöntur, bómullina í fötunum þínum og plöntur sem hægt er að nota ef þig langar að tala við guð og allt þar á milli.“



Á Bændablaðinu skrifaði Vilmundur mjög vinsælan greinaflokk sem fjallaði um helstu nytjaplöntur heims. Það urðu eitt hundrað greinar þegar upp var staðið, þar sem hann fór gjarnan yfir þjóðfræðina, þá tengsl plantnanna við menningu upprunalands síns.



Hér má sjá Vilmund íbygginn á svip, þá starfsmann gróðrarstöðvarinnar Hraunbrúnar í Hafnarfirði árið 1979.

„Eftir að ég hætti störfum á blaðinu hóf ég að vinna meira sem ráðgjafi í gróðri og til þess að láta mér nú örugglega ekki leiðast ákvað ég að skrifa garðyrkjubók – eins og ég vildi hafa hana,“ segir Vilmundur, sem dregur afar fagra bók úr farteskinu, bókina Ræktaðu garðinn þinn.

„Í bókinni fjalla ég um sumarblóm og kryddjurtir, vor- og haustlauka og er nokkurn veginn viss um að þetta séu flest sumarblóm sem ræktuð eru á Íslandi, auk nokkurra tegunda sem eru forvitnilegar og væri gaman að prófa. Sama gildir um kryddjurtirnar, ég fjalla þarna um allar algengustu jurtirnar og nokkrar sem eru fáséðari, t.d. eina klifurjurt sem nefnist ostalauf, en blöðin á henni bragðast eins og Camembertostur. Mjög góð til matar. Svo eru það vor- og haustlaukarnir og ætli ég gangi ekki þar hvað lengst í að tína til eitthvað sem er ekki algengt. Suma laukana þarf að rækta í gróðurskálum og eru ofboðslega fallegir.

Í bókinni eru litmyndir af öllum plöntunum sem fjallað er um og ég segi frá því hvernig á að rækta þær, hvaða hitastig og jarðvegur henta best, hvort þær þurfi að vera í skjóli, auk þess að segja í grófum dráttum frá útliti þeirra. Auk uppruna þeirra sem skiptir miklu máli og segir margt um hvernig á að rækta þær. Til dæmis ef plöntur eru frá regnskógum Brasilíu eða Miðjarðarhafssvæðinu, þá er næsta víst að hún þurfi kalkríkan jarðveg,“ segir Vilmundur.

„En þetta er nú kannski svona nördafræði, ekki náttúrufræði. Síðan segi ég frá hvaða ætt plönturnar tilheyra og útskýri latínuheitin, sem segja einnig heilmikið um hverja plöntu fyrir sig. Í bókinni er ég líka með stuttar sögur, sem er nýtt í garðyrkjubókum. Fólk þarf auðvitað að vita hvor plönturnar séu ætar eða séu tákn. Eins og búksusrunni sem er sígrænn, og það gildir reyndar um fleiri sígrænar plöntur, og táknar eilíft líf og voru og eru kannski enn notaðar sem hluti af greftrunarsiðum. Annað dæmi er hjólkrónan, afskaplega áhugaverð planta sem hefur mögulega verið sú planta sem skrifað er um í Ódysseifskviðu. Þar sem er hægt að lesa um óminnisgras sem olli því að áhöfn Ódysseifs gleymdi sér við að sukka og svalla í ár og færðar hafa verið líkur að því að þarna hafi hjólkrónan komið við sögu.“

### Takk, Sögur – útgáfa

„Satt best að segja er ég hæstánægður með bókina,“ heldur Vilmundur áfram. „Þau Anna, Tómas, Árni, prófarkalesarinn og allir hjá Sögur – útgáfu, eiga heiður og þakkir skilið fyrir að gera bókina sem glæsilegast. Hún er fallega uppsett, í fallegu broti, blöðin þykk og þola margar flettingar.

Já, þetta er nú það helsta,“ lýkur Vilmundur máli sínu. „Ég verð víst að viðurkenna að ég gekk snemma í lið með Flóru og hún hefur heillað mig síðan. Það er ekki að fara að breytast. Í ferðalögum mínum skoða ég alltaf grasagarða, herragarða eða hvar sem ég kemst í plöntur og hef óþrjótandi áhuga og er bara plöntunörd heilt yfir. Annars eru nú til mun verri nördar en ég …!“






BORAGO OFFICINALIS
## Hjólkróna

RÆKTUN

Fremur auðveld planta í ræktun.

Sáð í lok apríl eða byrjun maí og forræktuð inni þar til hætta á næturfrosti er liðin hjá.

Kýs sólríkan og skjólgóðan stað og eilítið rakan jarðveg.

ÚTLIT

Stöngullinn uppréttur sperrileggur, grófhærður og greinist efst, 50 til 60 cm á hæð.

Blöðin stakstæð, fölgræn, lensu- eða egglaga og hærð, 10 til 12 cm löng.

Blómin einstæð á stuttum blómstönglum efst á stönglunum, fagurblá, smá og stjörnulaga. Standa lengi og laða að sér býflugur.

ÓMINNISGRAS ÓDYSSEIFS

Plantan er sögð auka blóðstreymið og vera hjartastyrkjandi.

Blóm og blöð notuð í drykki, sósur, eftirrétti og til að krydda súrsaðar agúrkur.

Fyrr á tímum var plantan sögð góð við dapurlyndi og öðrum meinum hugans. Hún var sögð hitastillandi, örva mjólkurframleiðslu sængurkvenna og draga úr vindgangi.

Keltar tengdu hjólkrónu við hugrekki og drukku mjöð kryddaðan með henni fyrir orrustur.

Hjólkróna hefur verið kölluð glaðjurt og taldi Rómverjinn Pliny eldri að seyði plöntunnar hefði verið leyndarmálið að baki göróttа drykknum sem fékk liðsmenn Ódysseifs til að gleyma eiði sínum.

Uppruni í Mið-Austurlöndum.

Munablómaætt *Boraginaceae*.

Ættkvíslarheitið *Borago* er úr latínu, *borra*, og þýðir grófhært og vísar til þess að planta er hærð.

Tegundarheitið *officinalis* er úr latínu, *officinale*, og þýðir að plantan hafi verið opinberlega viðurkennd sem lækningajurt.

Atvikinu er lýst þannig í þýðingu Sveinbjörns Egilssonar á Ódysseifskviðu. *„En nú fann Helena, dóttir Seifs, upp eitt ráð: hún lét fljótlega í vínið, sem þeir drukku af, töfragras nokkurt, það var harmabót, reiðibót og óminnislyf allra meina. Drykki nokkur þar af, eftir það að blandað hafði verið með því í skaftkerinu, þá mátti sá maður ekki tár af kinnum fella daglangt, þó hann missti bæði móður og föður, og þó bróðir hans eða kær sonur væri með eirvopni veginn að honum sjálfum viðstöddum og ásjáanda.“*

172 | RÆKTAÐU GARÐINN ÞINN — KRÁS- OG KRYDDJURTIR | 173

Opna í bókinni Ræktaðu garðinn þinn - jafn fróðleg og hún er falleg.


VINNU-
& ÖRYGGISSKÓR
LÉTTIR OG ÞÆGILEGIR
EINS OG ÍÞRÓTTASKÓR
TECH 2701
Verð: 28.118 kr.
Vatnsheldur öryggisskór sem hannaður er fyrir krefjandi vinnudaga í breytilegu veðurfari. BOA® snúrureimar og ReBound™ (ETPU) dempun.
Öryggisstaðall: S7S, SR, FO, ESD
ARBESKO
ARBESKO
TECH 2302
Verð: 26.547 kr.
Sportlegur og þægilegur öryggisskór yrir fjölbreytt vinnuumhverfi og breytilegt veður. BOA® snúrureimar og ReBound™ (ETPU) dempun tryggja þægindi við krefjandi notkun.
Öryggisstaðall: S3S, FO, SR, HRO, ESD
ARBESKO
TECH 1101
Verð: 23.400 kr.
Léttur og sportlegur vinnuskór sem er hannaður fyrir þægindi og frelsi. Með BOA® snúrureimum og ReBound™ (ETPU) dempun er hann frábær kostur fyrir langa vinnudaga.
Öryggisstaðall: O1, SR, FO, ESD
DYNJANDI
allt fyrir öryggið
Skeifunni 3h · Sími: 588 5080 · dynjandi.is


McHale
GÆÐI | STYRKUR | ENDING
RAKSTRARVÉLAR
• Vökvastillanleg vinnslubreidd; 6,8 - 7,8m
• 13 armar á stjörnu
• 4 tindar í armi
• Snúningur í gafli
• Möguleiki að lyfta upp annarri hvorri stjörnu án þess að stöðva vél
HEYTÆTLUR
• Lyftutengd með 7,7m vinnslubreidd
• 6 stjörnur
• 7 tinda armar á hverri stjörnu
• Krækjutindar
• Fylgir landinu einstaklega vel
• Dreifir heyinu jafnt sem tryggir hraða þurrkun
Nánari upplýsingar veitir sölufulltrúi vélasviðs í síma 480 5600 eða í netfangið landstolpi@landstolpi.is
FRAMSLÁTTUVÉLAR MEÐ KNOSARA
• Sláttubreidd 3,5m
• Þrjár stillingar á knosun; Slökkt, 700 rpm og 1000 rpm
• Sérhönnuð til að fylgja ójöfnum í túnum.
• Sjálfvirk aðlögun á sláttuborði
Er á leiðinni til landsins...
LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
Lyngási 11, 700 Egilsstöðum
480 5610
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is


1973 Bala Murughan Kamallakharan.


1926 Ólafía Sigurrós Jónsdóttir.


1945 Magnús Björgvinsson.


2009 Emil Leó Jónþórsson.

## HönnunarMars:

# Sjóklæðagerðin 66N° fagnar aldarafmæli

**Ein helsta borgarhátíð Reykjavíkur, HönnunarMars, fór fram dagana 6.–10. maí sl. Hátíðin, árleg uppskeruhátíð hönnunar á Íslandi, breytir Reykjavík í lifandi sýningarsvæði þar sem allt frá fatahönnun og húsgögnum yfir í arkitektúr og stafræna nýsköpun fær að njóta sín. Bæði fyrirtæki og sjálfstæðir hönnuðir taka þátt og rótgróin fyrirtæki kynna þá oft sérstakar vörulínur, nýja hönnun eða halda jafnvel upp á hin ýmsu tímamót.**

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is



Eitt fyrirtækjanna er Sjóklæðagerðin 66°Norður sem í ár fagnar 100 ára afmæli. Af því tilefni var ákveðið að mynda 100 einstaklinga fædda á hverju ári sögu þeirra, árunum 1926–2026.

Ljósmyndarinn, Sigríður Margrét Ágústsdóttir, starfsmaður fyrirtækisins, hefur ferðast um landið þvert og endilangt við tökurnar, en hver og einn einstaklingur er myndaður í sinni eigin flík frá 66°Norður og undirstrikar verkefnið þannig hvernig fyrirtækið hefur þróast samhliða daglegu lífi Íslendinga í heila öld.

Sigríður segir einlægni augnabliksins standa upp úr við tökurnar, en hún myndaði fólk í sínu eiginlega umhverfi, komandi úr búðinni, við leik eða störf. Hún segir það hafa komið sér á óvart hversu tilbúið fólk var að taka þátt enda ekki sjálfgefið að vilja láta mynda sig. „Það er svo mikil fegurð falin í hversdagslífinu,“ segir Sigríður. „Og úr varð þessi fallegi þverskurður sem sýnir að 66°Norður er ekki bara vörumerki heldur hluti af sögunni okkar.“ Fannar Páll Aðalsteinsson, markaðsstjóri fyrirtækisins, tekur undir og segir að markmið tímamótanna hafi verið einfalt. „Við vildum fagna fólkinu, þeim sem hafa verið með okkur alla leið og sýna þverskurð af þjóðinni, enda hefur 66°Norður alltaf snúist um að vernda fólk fyrir mögnuðum kröftum náttúrunnar, hvort sem það er í leik eða starfi.“


2022 Uggi Hrafnkelsson.


2025 Patrekur Emil Pétursson.

### Frá sjóklæðum til sjálfbærrar hönnunar

Saga 66°Norður, eða Sjóklæðagerðar Íslands, hófst í byrjun tuttugustu aldarinnar á Suðureyri við Súgandafjörð. Árið 1924 hélt stofnandinn, Hans Kristjánsson, utan til þess að kynna sér sjóklæðagerð með styrkveitingu Fiskifélags Íslands í farteskinu, en á þessum tíma klæddust flestir sjómenn skósíðum stökkum frá Noregi og Bretlandi og báru sjóhatta. Hans hafði annað í huga og við heimkomu nýtti hann þekkingu sína á klæðskurði til að hanna öruggan vinnufatnað með eilítið öðru sniði – sem stóðst þó öfgafullt veðurfar Norður-Atlantshafsins. Treglega gekk að finna hentugt húsnæði undir framleiðsluna og fór svo að Hans Kristjánsson flutti með fjölskyldu sína til Reykjavíkur árið 1926 og stofnsetti Sjóklæðagerð Íslands í bakhúsi við Laugaveg 42.

Á þessum árum er Sjóklæðagerð Íslands auglýst, ma. í tímaritinu Ægi:

*„Á Laugavegi 42 er sjóklæðagerðin nú og hefir þegar fyrirliggjandi miklar birgðir af tilbúnum oliufatnaði, sem þegar hefir sýnt sig að vera hin bezta vara. Hr. Hans Kristjánsson býðst einnig til að bæta og bera á gömul olíuföt og ætti það að spara fiskimönnum mikið fé, þar sem þeir hvorki hafa tíma né tækifæri til að hirða þau og vill þá svo oft verða, að mikið er eftir af þeim, þegar þeim er fleygt. Ættu íslenzkir sjómenn að hlynna að þessu innlenda, þarflega fyrirtæki og verzla við Sjóklæðagerð Íslands.“*

Allt frá upphafi var tilgangurinn skýr: að vernda íslenska sjómenn og björgunarsveitarfólk við erfiðustu aðstæður. Í dag hefur fyrirtækið þróast úr því að vera framleiðandi vinnufatnaðar í að verða alþjóðlegt útivistarmerki. Þrátt fyrir þessa breytingu er kjarninn sá sami – fatnaðurinn er hannaður til að endast. Þessi áhersla á gæði og endingu hefur haldist alla tíð og er grunnsteinninn í nálgun fyrirtækisins á umhverfismál.

### Sjálfbærni í brennidepli

66°Norður leggur mikla áherslu á að lágmarka vistsporið sitt með nokkrum lykilþáttum. Með hringrásarhagkerfið í huga býður fyrirtækið upp á viðgerðarþjónustu á sínum flíkum til að lengja líftíma þeirra, auk þess að endurselja notaðan fatnað í gegnum sérstök verkefni.

Einnig eru vottuð efni í forgrunni, notast er við hágæða endurunnin efni og vörur sem uppfylla stranga umhverfisstaðla auk þess sem fyrirtækið vinnur markvisst að því að verða kolefnishlutlaust. Fylgst er náið með allri virðiskeðjunni, allt frá hráefnisöflun til flutninga.

Með því að blanda saman tæplega aldargömlu handverki og nýstárlegri tækni heldur 66°Norður áfram að verja okkur fyrir veðrinu – með virðingu fyrir náttúrunni að leiðarljósi. Þótt sjóstakkurinn hafi í dag runnið sitt skeið þá eru afsprengi hans – sjóbuxurnar, anorakkarnir og jakkarnir – enn í notkun dag og nótt á fiskimiðunum.


1994 Hulda Katarína Sveinsdóttir.




Husqvarna®
Há Verslun er með umboð fyrir
Husqvarna Construction
á Íslandi
• Eigum jarðvegsþjöppur
á lager uppí 500 kg
• Þjónustuverkstæði
og varahlutir
ERUM FLUTT AÐ LYNGHÁLSI 5
Husqvarna FS 500 E
rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm
Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150mm Max
Husqvarna K770 14"
Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna K970 16"
Sögunardýpt 15,5 cm
Husqvarna LF75
Jarðvegsþjappa
97 kg, 500 mm plata
Husqvarna FS 400 LV
gólfsög bensín
Sögunardýpt 16,2 cm
Husqvarna Rammer
Hoppari LT6005 bensín
230mm plata, 69kg
Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, vinnslubreidd
60 cm
Husqvarna K4000
Steinsög, 230v
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna K3600
Steinsög, vökvadrifin
Sögunardýpt 27 cm
Husqvarna K7000 Ring
rafmagnssög
Sögunardýpt 32,5 cm
Husqvarna K7000 Pre Cut
rafmagnssög
Sögunardýpt 14,5 cm
HÁ VERSLUN
Lynghálsi 5, 110 Reykjavík
Opið mán.- fös. Kl. 9 - 17
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is
Husqvarna Construction Products
Gólfsagir, jarðvegsþjöppur, kjarnaborvélar, borstandar, hopparar,
slípivélar, garðverkfæri, golfbílar, garðsláttuvélar og margt fleira!
Kíktu á úrvalið á haverslun.is eða til okkar að Lynghálsi 5


Heildarlausnir
í fráveitu
Málmsteypan



Með nýju diplómanámi vill Landbúnaðarháskóli Íslands bjóða fólki með góðan grunn í hestamennsku stutt og markvisst nám í tamningum.
Myndir / lbhí



Linda Rún Pétursdóttir yfirkennari.



Helgi Eyleifur Þorvaldsson námsbrautarstjóri.

# Nýtt diplómanám í tamningum á Hvanneyri

**Landbúnaðarháskóli Íslands hyggst bjóða upp á nýtt diplómanám í tamningum til að bregðast við þörf á stuttu og markvissu námi í greininni. Áhersla verður lögð á verklega þjálfun sem er byggð á sterkum faglegum grunni.**

Námið verður eitt skólaár að meðtöldu verknámi og er það hugsað fyrir fólk sem þegar hefur góðan grunn í hestamennsku en vill sérhæfa sig í tamningu hesta með það fyrir augum að starfa í greininni.

Linda Rún Pétursdóttir yfirkennari og Helgi Eyleifur Þorvaldsson námsbrautarstjóri segja í samtali að skólinn hafi orðið var við þörf á styttra námi fyrir þá sem vilja sérhæfa sig í tamningum.

### Mikil áhersla á verklega færni

„Fólk er í minna mæli tilbúið að skuldbinda sig í þriggja til fimm ára nám,“ segir Helgi og bendir á að slíkar breytingar sjáist einnig erlendis. Uppsetning námsbrautarinnar bjóði jafnframt upp á talsverðan sveigjanleika þar sem nemendur eru ekki skuldbundnir til þess að klára bæði haust- og vorönn. Hins vegar þurfi að ljúka öllu náminu til að fá diplómagráðu, en hluti þess geti engu að síður nýst sem undirbúningur fyrir frekara nám. „Við erum meira að hugsa um fólk sem vill geta starfað við tamningar eða reka tamningastöð,“ segir Linda og tekur fram að slíkt hafi ekki verið jafnaðgengilegt í núverandi námsleiðum.

„Nemendur verða í hesthúsinu alla daga,“ segir Linda og leggur áherslu á að verkleg kennsla verði fyrirferðarmikil í náminu. Samhliða þessu fá nemendur fræðilega kennslu í meðal annars líffræði, heilsufræði og atferli hrossa. Einnig verður sérstök áhersla lögð á knapaþjálfun og líkamsvitund. „Til að vera góður tamningamaður þarftu að hafa gott jafnvægi,“ segir Linda og bætir við að nemendur fái einstaklingsmiðaða þjálfun til að bæta sig sem knapar og auka skilning á samspili manns og hests.

Að mati Helga er þessi samsetning lykilatriði. „Þetta er ekki bara byggt á tilfinningu heldur viljum við líka tengja þetta við rannsóknir og greiningu,“ segir hann og nefnir að notast verði við tæknilausnir til að greina hreyfingar og viðbrögð hesta, sem geti bætt kennslu og þjálfun. Akademíski rannsóknarhlutinn verður leiddur af dr. Sigríði Björnsdóttur, prófessor í hestafræði við LbhÍ, og með því fléttast rannsóknir í hestafræði saman við nýju námsbrautina. „Við viljum bæði mennta góða tamningamenn og byggja upp þekkingu sem nýtist til framtíðar,“ segir Helgi.

### Frá fortamningum til þjálfunar

Námið skiptist í nokkra áfanga sem fylgja þróun hests frá fyrstu snertingu til markvissrar þjálfunar. „Við byrjum á fortamningum þar sem við venjum hross við manninn og grunnmeðferð,“ segir Linda og útskýrir að síðan taki við frumtamning og áfangar í þjálfun unghrossa. Nemendur vinna með nokkur hross á sama tíma og læra að meta stöðu þeirra, en þeim eru úthlutuð ótamin trippi. „Þau þurfa að geta greint hvort hross sé tilbúið að halda áfram eða þurfi meiri tíma,“ segir Linda og bendir á að þetta sé mikilvæg færni sem ekki sé hægt að kenna með einföldum reglum.

Hún leggur áherslu á að hverju trippi verði mætt á eigin forsendum. „Við erum ekki að vinna með mótorhjól,“ segir hún og bætir við að nemendur þurfi að læra að lesa í atferli hrossa og aðlaga aðferðir að hverju tilviki.

Helgi tekur undir þetta og segir námið geta haft áhrif á þróun greinarinnar. „Við þurfum meira af menntuðu fólki í tamningum,“ segir hann og bætir við að aukin þekking geti skilað betri árangri og meiri velferð fyrir hrossin. Þrátt fyrir að námið sé stutt er gert ráð fyrir að það geti nýst sem grunnur að frekara námi og bendir Helgi á að unnið sé að því að tengja diplómuna betur við hestafræði. Benedikt Líndal, Randi Holaker, Haukur Bjarnason og Magnús Lárusson munu koma að náminu sem stundakennarar eða ráðgjafar. *///ál*

Rafmagnshjólbörur
*Twinca*
Með vökvalyftu, 800 kg burðargetu og geta losað efni í gáma
Wendel




Tangarhöfði 1 / 551-5464 / wendel.is / wendel@wendel.is

BÆNDAGEÐ
Geðorðin 10
- Hugsaðu jákvætt, það er léttara
- Hlúðu að því sem þér þykir vænt um
- Haltu áfram að læra svo lengi sem þú lifir
- Lærðu af mistökum þínum
- Hreyfðu þig daglega, það léttir lund
- Flæktu ekki líf þitt að óþörfu
- Reyndu að skilja og hvetja aðra í kringum þig
- Gefstu ekki upp, velgengni í lífinu er langhlaup
- Finndu og ræktaðu hæfileika þína
- Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast

baendaged.bondi.is

# Það er komið sumar!





## Gróðurhús.

Þessi gróðurhús henta vel íslenskum aðstæðum.
Gerð úr sterkum ál prófílum og með 4mm holplasti.
Tvær stærðir:
3,10 x 2,38 m: Verð kr. 190.000
4,30 x 2,38 m: Verð kr. 235.000

## Útdraganlegt þak.

Álgrind 4m. á breidd og 3m. út, með 8mm holplasti í þaki.
Tilvalið á pallinn eða yfir heita pottinn.
3x3 m: Verð kr. 270,000 / 4x3 m: Verð kr. 295.000

**Þægilegur stóll**
Verð kr. 45.000



Upplýsingar hjá SMH Gróðurhúsum
S. 866-9693
Facebook: Gróðurhús SMH ehf.

**Veggpottar stórir** - kr. 2.500
**Veggpottar litlir** - kr. 1.000





**Jarðarberja-pottar**
43 cm breiðir
20 cm djúpir.
Jarðaberjaturn-
6 pottar
og grunnur rúmar
24 plöntur
Verð kr. 9.000




FINNUR EHF
VERKTAKAR - VÉLALEIGA

Afréttamálafélaga Flóa og Skeiða:

# Upprekstur leyfður inn á afréttinn 27. júní

**Magnús Hlynur Hreiðarsson**
magnushlynurh@gmail.com



**Afréttamálafélag Flóa og Skeiða, sem er 73 ára gamalt félag, gerði á aðalfundi sínum nýlega þrenn hjón að heiðursfélögum fyrir störf sín fyrir félagið, sem heldur utan um málefni afréttar þriggja sveitarfélaga. Það eru Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur.**

Nú er sá tími að bresta á þegar þarf að huga að því að fara í girðingarvinnu, uppgræðslur og áburðargjöf til þess að koma öllu í stand áður en upprekstur verður heimilaður inn á afréttinn 27. júní ef allt gengur upp.

Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna kjósa átta fulltrúa til setu á afréttarmálafundum. Félagið heldur tvo afréttarmálafundi ár hvert. Á þeim fyrri eru nokkuð hefðbundin aðalfundarstörf þar sem farið er yfir skýrslu stjórnar og reikninga liðins árs, fjárhagsáætlun yfirstandandi árs er lögð fram til afgreiðslu og kosið er í stjórn fyrir næstkomandi ár. Á síðari fundinum er raðað í leitir og tilhögun smölunar og rétta ákveðin. Stjórnin fer með málefni félagsins milli afréttarmálafunda. Hún ræður fjallkónga í leitum, er tengiliður við Landgræðslu ríkisins varðandi landgræðsluáætlun í tengslum við gæðastýringu í sauðfjárrækt og ákveður í samráði við hana hvenær má hefja upprekstur vor hvert.

### Ágúst á Brúnastöðum

Félagið var stofnað 8. september 1953 og svo skemmtilega vill til að fyrsti formaður félagsins var kosinn Ágúst Þorvaldsson á Brúnastöðum en hann er föðurafi Rúnars, núverandi formanns. Þrátt fyrir að félagið sé 73 ára á þessu ári er Rúnar Hjálmarsson eingöngu sá fimmti til þess að gegna formennsku. Á undan komu áðurnefndur Ágúst Þorvaldsson, Páll Lýðsson frá Litlu-Sandvík, Guðmundur Stefánsson frá Hraungerði og Ari Björn Thorarensen frá Selfossi.



**Heiðursviðurkenningarhafarnir á aðalfundi félagsins, frá vinstri. Ólafur Einarsson og Kristín Stefánsdóttir frá Hurðarbaki, Aðalsteinn Guðmundsson og Ástrún Sólveig Davíðson frá Húsatóftum og Hafliði S. Sveinsson og Ragnhildur Helgadóttir frá Ósabakka.** Myndir / Aðsendar

### Girðingar og viðhald þeirra

Þegar Rúnar formaður er spurður hver séu helstu verkefni félagsins segir hann það halda utan um öll nauðsynleg verkefni á ári hverju. „Það helsta er að fara með girðingum, sinna viðhaldi og uppbyggingu á þeim. Einnig að passa upp á að viðhald og umgengni í skálum sé sinnt, ásamt öðrum tilfallandi verkum tengdum skálunum. Fara í uppgræðslu og áburðargjöf í samstarfi við Land og Skóg árlega. Svo eru það fjallferðir og réttir og öll þau verkefni sem þeim fylgja, ásamt ótal öðrum verkefnum sem til falla. Helstu markmið félagsins eru að hlúa vel að öllum þeim verkefnum sem fylgja félaginu þannig að sómi sé að," segir Rúnar.

### Góður árangur á afréttunum

Rúnar segist vera stoltur af þeim árangri sem félagið hefur náð við uppgræðslu afréttarins. „Já, við erum það og teljum hann alltaf vera að bæta sig og má segja að samvinna við Landgræðsluna, sem nú er orðin að Landi og skóg, og vinnan út frá landbótaáætlun eigi sinn þátt í því. Mikið hefur áunnist í uppgræðslu og bætingu afréttarins á síðustu áratugum og má þar helst nefna uppgræðslur á vikrum inn í Þjórsárdal. Þar hefur tekist alveg gríðarlega vel til hjá félaginu í gæfuríku samstarfi allra hagaðila. Bændur hafa unnið gríðarlega vel að þessum málum og skaffað sinn tækjabúnað og lagt til sína vinnu," segir Rúnar.

### Mörg verkefni fram undan

Rúnar segir mörg verkefni fram undan hjá félaginu áður en upprekstur verður heimilaður inn á afréttinni. „Já, já, nú förum við að huga að því að fara í girðingarvinnu, uppgræðslur og áburðargjöf til þess að koma öllu í gott stand áður en upprekstur verður heimilaður inn á afréttinn. Unnið er eftir landbótaáætlun Flóa- og Skeiðamannaafréttar þegar kemur að opnun upprekstrar inn á afréttinn og er 27. júní fyrsti hugsanlegi dagur ár hvert. Dagsetning er ákveðin í samráði við Land og skóg og farið er í úttektarferð og dagsetning svo ákvörðuð eftir ástandi á gróðri og er því dagsetningin þegar hleypt er inn á afréttinn ekki alltaf fyrsta hugsanlega dag," segir Rúnar.

### Heiðursfélagar

Nokkrir félagar í Afréttamálafélagi Flóa og Skeiða voru gerðir að heiðursfélögum á aðalfundi félagsins í síðasta mánuði en þetta er í fyrsta sinn, sem félagar eru heiðraðir á þennan hátt. Að þessu sinni hlutu eftirfarandi hjón heiðursviðurkenninguna en það eru þau Ólafur Einarsson og Kristín Stefánsdóttir frá Hurðarbaki í Flóahreppi, Hafliði S. Sveinsson og Ragnhildur Helgadóttir frá Ósabakka, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, og Aðalsteinn Guðmundsson og Ástrún Sólveig Davíðson frá Húsatóftum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

### Standa í mikilli þakkarskuld

„Það var afar ánægjulegt að heiðra þessi heiðurshjón fyrir þeirra framlag sem spannar örugglega á bilinu 5-6 áratugi. Þau hafa brunnið fyrir þessum málum og staðið í stafni í alls konar verkefnum tengdum fjallaferðum og réttum, uppbyggingu skála og bættum aðbúnaði fyrir menn og dýr og eru enn að. Við erum í mikilli þakkarskuld við þetta heiðursfólk og stöndum í raun á herðunum á fólki eins og þeim fyrir þeirra framlag. Nú er það okkar að fylgja þeirra fordæmi og halda áfram að hlúa að þessum málum. Að lokum vitna ég í orð afa míns, Ágústs heitins Þorvaldssonar, sem rituð eru í bókinni Sunnlenskar byggðir II. „Sauðfjárbeit á hálendið yfir hásumarið hefur alla tíð verið mikil hlunnindi og allt starf í sambandi við smalamennskur og réttir átt sinn þátt í að setja sérstæðan þjóðlegan svip á búskaparsögu og menningu í landinu." Við verðum að standa vörð um þessa menningararfleifð okkar og halda áfram að láta þetta samspil hálendisins, íslensku sauðkindarinnar og okkar mannanna ganga upp. Með réttu fyrirkomulagi styrkir það hvert annað og viðheldur tengslum okkar við sveitirnar og hálendi Íslands," segir Rúnar formaður að lokum.






**Rúnar Hjálmarsson, formaður Afréttamálafélags Flóa og Skeiða. Myndin var tekin við Arnarfellskvísl 2019 og Arnarfell er í baksýn umlukið þoku.**


KGM
Gæði á sterkum grunni
Lyngdalur
Sandvík
Norðlingaholt
MUSSO
Bíll á mynd er með
35” breytingarpakka
Öflugur vinnufélagi
KGM Musso Grand Premium, fjórhjóladrifinn pallbíll, með háu og lágu drifi og öflugri dísel vél.
Musso Grand premium, verð 8.990.000 kr. m. vsk.
Tilboðsverð 7.890.000 kr. - Örfá eintök.
• Byggður á grind
• Læsanlegur millikassi
• Allt að 3.500 kg. dráttargeta
• 5 punkta gormafjöðrun að aftan
• Tvær pallalengdir í boði
• Allt að 1.025 kg burðargeta
Skannaðu QR kóðann
fyrir nánari upplýsingar
Kolefnisjafnaður
4x4
benni.is
Reykjavík
Krókháls 9
S: 590 2000
Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum í fimmtíu ár
Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl. Bílabúð Benna áskilur sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Bíll á mynd er með aukabúnaði.

# Tíðarfarið vinnur með bændum

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

**Sauðburður er víðast hvar kominn á fullt og eru margir bændur komnir af stað með helstu vorverk. Í samtölum þann 11. maí sögðu sauðfjárbændur um allt land vorið vera nokkuð seint á ferðinni miðað við undanfarin ár, en tíðarfarið samt sem áður hagstætt.**

Í síðustu viku var víða næturfrost og er klaki ekki farinn úr jörðu á öllu landinu. Eins snjóaði í síðasta mánuði, en úrkoma hefur verið lítil eftir að sauðburður hófst sem gerir bændum auðveldara fyrir þrátt fyrir kulda. Nokkuð vantar upp á til þess að hægt sé að treysta alfarið á hagabeit, þannig að flestir bændur gefa kindum sem er úti aðgang að heyi. Sáning á korni, kartöflum og rófum er komin af stað og bændur farnir að bera skít á völlinn.



Grá ær karar tvö nýfædd lömb á Norður-Hvoli í Mýrdalssveit í byrjun maí. Þar er sauðburður kominn á fullt, eins og víða um sveitir. Vorið hefur verið svalt, þannig að enn þá vantar upp á grassprettuna. Mynd / Birna Viðarsdóttir

### Svalt í Mýrdalnum

„Núna hefur verið svolítið kalt og var frost í fjórar nætur í síðustu viku og gróðurinn stoppaði,“ segir Birna Viðarsdóttir, bóndi á Norður-Hvoli í Mýrdalssveit. „Vorið er aðeins seinna en í meðalári og ef við miðum við sama tíma í fyrra, þá var allt orðið hvanngrænt og kominn hagi. Núna er komin einhver græna í túnin, en það er fullsnemmt að byrja að sleppa fénu lausu, þannig að ærnar þurfa að fá hey eitthvað áfram.

Við erum ekki farin að bera á fyrir alvöru, en fyrir tveimur vikum dreifðum við áburði á stórt gerði þar sem við byrjum á að beita kindunum. Sprettan stoppaði alveg í frostinu, en áburðurinn er kannski farinn að gera eitthvert gagn núna. Nágrannarnir á næsta bæ voru að bera á túnin hjá sér á fullu í gær.

Sauðburðurinn er rúmlega hálfnaður og hefur gengið vel. Lömbin eru hraust, ærnar mjólka vel og það eru engin pelalömb. Maður þarf samt alltaf að hjálpa einhverjum kindum. Núna bera 140 ær, en við látum gemsana ekki bera þetta árið. Fyrsta kindin bar 29. apríl og við vorum ekki með hrútana mjög lengi í ánum, þannig að þetta á að klárast núna í maí. Sennilega verður þetta langt komið 20. til 25. maí,“ segir Birna.

### Gulrófnarækt meðfram sauðburði

„Hjá okkur fara kindurnar ekki á fjöll á sumrin, heldur eru þær allar innan girðingar á sléttlendinu hérna í kring,“ heldur Birna áfram. „Við búum hérna fram undir sjó og það er enginn sem fer með fé á fjall á bæjunum í kringum okkur. Aftur á móti fara kindurnar til fjalla hjá bændunum sem búa fyrir ofan hringveginn. Það er mjög þægilegt að vera ekki að keyra þetta á fjall eða reka og smala á haustin,“ segir Birna.

„Við erum með gulrófnarækt líka og settum niður fræ fyrir um hálfum mánuði,“ bætir Birna við. „Þá vorum við bjartsýn af því að það var búið að vera hlýtt og gott. Þær sem við setjum niður svona snemma ættum við að geta tekið upp í kringum mánaðamótin júlí, ágúst. Við förum hins vegar ekki að taka upp fyrir vetrargeymslu fyrr en í byrjun september,“ segir Birna. Hún vill ekki meina að hún sé stórtæk í þessum búskap, en á hverju ári tekur hún upp einhver tonn af rófum sem eru seldar í verslunum.

### Frost í jörðu á Snæfellsnesi

„Þetta er búið að vera voðalega kalt hjá okkur í vor og allt mjög seint á ferðinni,“ segir Lárus Franz Hallfreðsson, bóndi í Ögri á Snæfellsnesi. „Það er enginn gróður kominn enn þá. Fram undir þetta er búið að vera frost á hverri nóttu. Túnin eru eiginlega ekkert farin að grænka, fyrir utan einhverja smá nál í túnum sem snúa móti suðri,“ segir Lárus.

„Í fyrra var allt orðið skrúðgrænt á sama tíma, en ég held að þetta sé ekkert óeðlilegt ef við horfum einhver tíu til tuttugu ár aftur í tímann,“ segir Lárus. „Ég man vel eftir því að hafa þurft að vera í kuldagalla í sauðburði fram undir 20. maí, þannig að þetta hefur verið verra. Við erum ánægð með að það er ekki mikil úrkoma, en hún kemur ekki nema í sunnanáttum, og munar talsvert miklu um það.“

### Ær í Selvogseyjum á veturna

„Jörðin kemur ágætlega undan vetri og það er ekkert kal sjáanlegt,“ heldur Lárus áfram. „Það er hins vegar ekki mjög langt síðan að frost fór úr jörðu – kannski tvær til þrjár vikur. Við vorum að leita að mink úti í eyjum í kringum 20. apríl og þegar við vorum komin einhverja tíu sentímetra undir yfirborðið vorum við komin í klaka,“ segir Lárus. Hann er ekki enn þá farinn að bera á túnin, enda áburðurinn ekki kominn. „Ég reyni yfirleitt að bera helminginn á túnin í seinni hluta maí og hitt þegar féð er farið í kringum 10. júní, en allt fer þetta eftir árferði.

Sauðburðurinn hefur gengið vel en það bera ekki margar í einu. Frjósemin er ágæt og það eru eitthvað um hundrað kindur sem bera í vor. Fyrsta sæðingarollan bar í kringum 1. maí og fóru hinar að bera nokkrum dögum síðar. Núna er helmingurinn



Tvö hvít lömb á Norður-Hvoli. Mynd / Birna Viðarsdóttir

Orkupasta fyrir lömb



-Gerir veikburða lömbum kleift að komast á lappir og á spena til að ná sér í dýrmætan brodd
-Hentar einnig lömbum sem hafa ekki komist á spena í einhvern tíma til að veita þeim orku þar til þau geta sogið sjálf
-Nýfætt dýr heldur betur líkamshita og fær meiri orku og lífskraft
-Inniheldur: glúkósa, sölt, sínk og selen

Fæst í 80 ml túpum*
*ATH. inngjafabyssa seld sér

Fyrir veikburða lömb sem ekki komast á lappir

Pantaðu í netverslun okkar

KAUPFÉLAG BORGFIRÐINGA
KB
STOFNAÐ 1904

Sendum um allt land!
WWW.KB.IS

Kaupfélag Borgfirðinga / Egilsholti 1 / 310 Borgarnesi / S: 430 5500 / verslun@kb.is



Í Ögri á Snæfellsnesi var enn þá frost í jörðu 20. apríl. Tún eru lítið farin að grænka, nema þau sem snúa á móti suðri. Mynd / Elín Inga Lárusdóttir



Bændurnir í Akurnesi í Hornafirði eru á kafi í sauðburði á sama tíma og þeir sá kartöflum í fjölda hektara. Mynd / Sveinn Rúnar Ragnarsson



Á Vattarnesi í Fáskrúðsfirði var næturfrost í síðustu viku og gránaði í fjöllum. Mynd / Óðinn Logi Þórisson

borinn, en sauðburðurinn tekur yfirleitt í kringum þrjár vikur og ætti því að klárast upp úr 20. maí. Þá verður kannski einhver ein og ein sem hefur gengið upp sem lætur bíða eftir sér. Við vorum að hleypa fyrstu kindunum úr húsunum í dag, en þar sem það er ekki komin nein beit á túnunum til þess að kindurnar geti mjólkað lömbum þurfum við að gefa þeim aðgang að heyi,“ segir Lárus.

Í Ögri er stundaður svokallaður eyjabúskapur, en hluti fjárstofnsins gengur laus í Selvogseyjum á veturna. „Ég fer með kindurnar út á haustin og svo hleypi ég hrútunum til þeirra í desember. Svo sæki ég allar kindurnar í febrúar, mars eða apríl – allt eftir því hvernig árar og þær bera svo hérna heima. Við erum aðallega að þessu til þess að halda aftur af hvönninni eða að eyjarnar fari á kaf í sinu. Svo erum með upprekstrarland í Hraunsfirði sem er mitt á milli Grundarfjarðar og Stykkishólms og er sauðféinu sleppt þangað á sumrin,“ segir Lárus.

### Túnin farin að taka við sér í Dýrafirði

„Þetta lítur bara ágætlega út, en það á að fara að hlýna næstu daga,“ segir Hákon Sturla Unnsteinsson, bóndi á Ketilseyri í Dýrafirði. „Vorið er búið að vera prýðilegt, fyrir utan nokkra leiðinlega kalda daga í síðustu viku. Mér sýnist gróður vera farinn að grænka og túnin farin að taka við sér. Jörðin kemur ágætlega undan vetri, enda fengum við góðviðriskafla í apríl.“

Aðspurður segir Hákon vorið mun seinna á ferðinni en í fyrra, en þá var tíðin óvenjulega góð. „Þá voru kindurnar komnar út á tún 5. maí á meðan við erum núna með lambærnar í hólfi við fjárhúsin þar sem þær hafa aðgang að rúllum. Ég geri ráð fyrir að geta hleypt þeim fljótlega á túnin. Sauðburðurinn er kominn á fullt og hefur gengið vel það sem af er, en það eru í kringum 130 bornar af um 600 sem eiga að bera. Sæðingarollurnar byrjuðu að bera 1. maí, en nokkrir gemlingar voru bornir áður – sá fyrsti 24. apríl. Í fyrradag voru allar komnar á tal og því ætti mikið að bera næstu daga.“ Samkvæmt fósturtalningu á Hákon von á eitthvað á milli 1.000 og 1.100 lömbum.

### Rakur jarðvegur í Vestur-Húnavatnssýslu

Karólína Elísabetardóttir, bóndi í Hvammshlíð í Norðurárdal í Austur-Húnavatnssýslu, segir vorið líta vel út. „Það var frekar snjólétt lengi í vetur, en við fengum mikinn snjó í lok mars. Þess vegna er jarðvegurinn þokkalega rakur og haginn er rétt byrjaður að spretta,“ segir Karólína.

„Á síðustu dögum kom einhver snjór, en hann er svo gott sem farinn og jörðin farin að grænka. Ég á enn þá einhvern heyforða, þannig að ef það kemur eitthvert hret í júní, eins og hefur verið síðustu tvö árin, þá er ég í góðum málum. Ærnar mínar bera venjulega úti, en ég er með nóg pláss inni í fjárhúsum ef þess þarf,“ segir Karólína.

Hún á von á því að sauðburður hefjist hjá sér í kringum 15. maí. „Það er bara eitt gangmál hjá mér, þannig að eftir um fimmtán daga ætti allt að vera borið.“ Samtals munu átján kindur og gemlingar bera hjá Karólínu og miðað við fósturtalningu á hún von á 35 lömbum. „Ég á samtals 75 kindur, en þar af 30 sauði. Þá læt ég ekki allar kindur bera á hverju ári þar sem ég er aðallega í ullarframleiðslu og er lambakjötið eiginlega hliðarafurð – öfugt við það sem er hjá flestum. Eins rýi ég bara einu sinni á ári, þannig að ærnar eru í ull. Því gerir lítið til þó svo að það komi eitthvert hret.“

### Fugl undirbýr varp í Fáskrúðsfirði

„Núna er helmingurinn borinn og ærnar komnar út á tún,“ segir Óðinn Logi Þórisson, bóndi á Vattarnesi í Fáskrúðsfirði. „Þetta leit ekki vel út í síðustu viku, en þá var sól og snjóhraglandi allan daginn ásamt því sem við fengum næturfrost og það gránaði í fjöllum. Núna hangir hitastigið rétt ofan við núllið á nóttinni, sem er allt í lagi á meðan það er ekki rigning.“

Óðinn segir jörð koma vel undan vetri, enda hafi veturinn verið það mildur að hann gat sinnt girðingavinnu í febrúar. „Hérna eru komnar grænar nálar og kindurnar líta ekki við rúllunum sem eru úti hjá þeim, heldur eru þær bara á túnunum og kroppa grænt. Á sama tíma í fyrra var allt of heitt en ég held að þetta sé miklu eðlilegra þegar það vorar hægt og rólega.

Hingað til hefur sauðburðurinn gengið vel, en það eru einhverjar 230 kindur hjá okkur,“ bætir Óðinn við. Í febrúar á síðasta ári varð mikið tjón á Vattarnesi þegar fjárhúsin hrundu í miklum vindhviðum. Aðspurður segir hann að endurbygging húsanna hafi gengið framar vonum, þökk sé velvilja íbúa og fyrirtækja í nágrenninu. „Þegar ég skrúfaði síðustu skrúfuna í loftaklæðninguna kom fyrsta lambið í fyrra.“

Á Vattarnesi er jafnframt æðarvarp og segir Óðinn hettumávinn og kríuna mætta. „Ég sé að æðarkollan er farin að koma nær og svo koma blikarnir upp á land á hverju flóði til að skoða aðstæður.“

### Kartöflum sáð í Hornafirði

„Hérna í Hornafirði byrjaði kornsáning og kartöflusáning upp úr 20. apríl,“ segir Sveinn Rúnar Ragnarsson, bóndi í Akurnesi í Hornafirði. „Jarðvegur var orðinn klakalaus upp úr miðjum apríl, sem er grundvöllurinn fyrir því að hægt er að byrja á öllum vorverkum. Í síðustu viku var norðankaldi og næturfrost, sem ég held að hafi samt ekki verið til vandræða, en við gerðum hlé á sáningunni á meðan.

Ég myndi segja að það vori vel þó svo að það sé ekki sama blíðan og í fyrra. Eins og staðan er núna þá lítur allt vel út og vorverkin komin á fulla ferð aftur hérna í kringum mig. Ég held að þau í Flatey á Mýrum séu búin að sá korni í einhverja 190 hektara,“ segir Sveinn.

„Núna er sauðburður kominn á fullt á mörgum bæjum í kringum mig og það er kominn slatti af lambfé út. Hjá okkur hefur sauðburðurinn gengið vel hingað til og er langt kominn. Fyrstu kindurnar báru í kringum 25. apríl, en svo byrjaði sauðburðurinn af fullum krafti um mánaðamótin. Ég held að þetta verði langt komið núna 20. maí.

Ég reikna með að bændur fari að hleypa kindunum út núna, enda gott veður og spáin hagstæð. Ég myndi ekki segja að það sé komin góð beit, en menn þurfa að gefa kindum áfram aðgang að rúllum. Sem betur fer er búið að vera þurrt, en það versta fyrir þessi grey er ef það kemur einhver slydda og rigning.

Ef maður hefði eitthvað átt að semja um vorið fyrir fram þá hefði ég alveg sætt mig við þessa niðurstöðu. Núna er tíðarfarið að vinna með mönnum, sem gerir þetta allt helmingi auðveldara,“ segir Sveinn Rúnar.



Vandaðar kerrur fyrir fjölbreytt verkefni

Topplausnir

www.topplausnir.is • S: 517 7718

# Heimildabrunnur um lífið í Þingeyjarsýslum

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



**Árbók Þingeyinga hefur verið gefin út samfellt í nær sjötíu ár og er eitt elsta starfandi átthagarit landsins. Ritið er sameiginlegt verkefni sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum og er gefið út af Menningarmiðstöð Þingeyinga á Húsavík.**

Ritstjóri Árbókarinnar er Sverrir Haraldsson, fyrrverandi framhaldsskólakennari og sagnfræðingur, sem nú vinnur að sinni fjórðu útgáfu sem ritstjóri. Næsta árbók, sem er væntanleg í haust, mun fjalla um árið 2025.



Sverrir Haraldsson, ritstjóri Árbókar Þingeyinga, heldur hér á bók sem gefin var út síðasta haust og greinir frá árinu 2024 í Þingeyarsýslum. Hann stendur í herbergi sem geymir eldri árganga, sem eru næstum því sjötíu. Næsta árbók er væntanleg í haust. Mynd / Aðsend



### Tengiband við heimahagana

Að sögn Sverris var upphafsmaður Árbókar Þingeyinga Jóhann Skaftason sýslumaður, sem kom til starfa í sýslunni á sjötta áratug síðustu aldar. Jóhann mun hafa tekið fram í upphafi að markmið tímaritsins hafi verið að fræða og skemmta ásamt því að miðla til lesenda vísindaþekkingu, sagnfræði, bundnum og óbundnum skáldskap ásamt öðru léttara hjali. Sverrir segir þessi atriði enn þá eiga við. Í fyrstu árbókinni var fjallað um árið 1958, en bókin kom út árið eftir.

„Fyrsti ritstjórinn, Bjartmar Guðmundsson, fyrrverandi alþingismaður, sagði bókina eiga að vera tengiband héraðsbúa heima fyrir og einnig og ekki síður hinna sem ekki eru lengur heima, nema í huga sínum og endurminningum,“ segir Sverrir. „Í dag fer bókin víða og hana kaupa margir sem eru burtfluttir. Hún er tengiliður við héraðið og fréttamiðlari á vissan hátt.“

### Þríþætt uppbygging

Sverrir útskýrir að árbókin skiptist í þrjá meginkafla, það er almennar greinar og ljóð eftir fjölda fólks, annála sem skiptast niður á hvert sveitarfélag, og eftirmæli um Þingeyinga sem létust á árinu. Ritstjórinn segir árbókina vera íhaldssamt rit að því leyti að uppbygging þess og innihald hefur haldist í nokkuð föstum skorðum. Efnistök aðsendu greinanna eru fjölbreytt, en Sverrir segir þetta oft frásagnir af atburðum sem gerðust á svæðinu, ferðasögur og hvers kyns fræðsluefni. „Það skemmtilega er að það er enginn hörgull á þessu efni og bý ég við þann lúxusvanda að þurfa að færa efni yfir á næsta ár,“ segir Sverrir.

„Annálarnir eru fréttaþættir úr sveitarfélögunum sem eru núna sex. Þar er meðal annars greint frá íbúafjölda, framkvæmdum, atvinnulífi, búfénaði, uppskeru, veiðum í ám, sjávarafla, tíðarfari, fréttum af skólum og menntun, stjórnsýslu, starfsemi ungmennafélaganna, menningarlífi, kórastarfi, listsýningum og söfnum,“ segir Sverrir. Hann skrifar annálinn fyrir Þingeyjarsveit, en er með á sínum snærum annálaritara sem sjá um hin sveitarfélögin.

„Eftirmælin greina frá öllum þeim sem jarðsettir eru á svæði bókarinnar á því ári sem er skrifað um hverju sinni. Þetta eru stuttir minningarþættir sem ég fæ frá prestum og aðstandendum sem vilja skrifa. Á árinu 2024 voru þetta 50 minningargreinar, þannig að það er töluverð vinna sem fer í að safna þessu saman og fá mynd af hverjum og einum. Það er ekki mikið pláss sem gefst fyrir hvern og einn, en við förum yfir ætt, uppruna, atvinnu og menntun og hef ég sótt mikið í að fá að vita hver áhugamálin voru og hvaða lyndiseinkunn fólk hafði,“ segir Sverrir. Aðspurður segir hann varla framkvæmanlegt að útvíkka minningargreinarnar þannig að þær fjalli líka um brottflutta Þingeyinga.

### Vilja fjölga áskrifendum

„Undanfarið hefur bókin sótt í það að stækka þar sem svo margir vilja koma efni að, sem er ánægjulegt. Ég er með svo mikið af efni að ég myndi gjarnan vilja hafa árbókina aðeins þykkari,“ segir Sverrir. Síðasta ársrit var rúmar 250 blaðsíður, en ef til stæði að gera bókina enn stærri þyrfti að fjölga áskrifendum til að standa undir kostnaði.

„Það er mikil breidd í hópi þeirra sem skrifa greinarnar, bæði þegar kemur að aldri og við hvað fólk starfar, enda er þetta ekki lengur alfarið bændasamfélag. Eins fæ ég það sem mætti kalla lærðar greinar ásamt því sem fólk sem ekki býr hér skrifar um atburði eða minningar úr héraðinu. Við höfum líka leitast við að myndskreyta bókina, en það skiptir miklu máli fyrir lesendur,“ segir Sverrir. Enn fremur hefur hann sjálfur tekið nokkur viðtöl við fólk sem hann veit að hefur frá áhugaverðum hlutum að segja. Þá segir hann Héraðsskjalasafnið ríkulegan brunn efnis til rannsókna og umfjöllunar.

„Núna erum við í átaki við að fjölga áskrifendum, en þetta er mikið til eldra fólk sem er að heltast úr lestinni og okkur hefur ekki tekist að fá nýja áskrifendur í staðinn,“ segir Sverrir. Eitt af þeim verkefnum sem hefur verið ráðist í til að kynna tímaritið er að senda hverjum Þingeyingi sem verður fimmtugur á útgáfuári bókarinnar eitt eintak.

Hver árgangur er prentaður í um 500 eintökum og kostar bókin í áskrift 5.950 krónur. Núna eru áskrifendur um 320, en bókin fæst líka í lausasölu í Safnahúsinu á Húsavík. Þar er jafnframt hægt að kaupa marga eldri árganga, þó svo að einhverjir séu orðnir uppseldir. Sverrir segir unnið að því að koma þeim árgöngum sem eru uppseldir á rafrænt form og gera þá aðgengilega á vefsíðu Menningarmiðstöðvar Þingeyinga.

Eins er stefnt að því að koma á fót verkefni sem heitir Saga mánaðarins, sem byggist á því að ein sérvalin saga úr gömlum árgangi birtist á vefnum í hverjum mánuði. Enn fremur hefur menningarmiðstöðin hafið samstarf við Leikfélag Húsavíkur um að lesa greinar úr eldri árbókum inn á upptöku.

### Styður greinarhöfunda við skrifin

„Þegar ein bók er komin út þá er ég strax byrjaður að hyggja að þeirri næstu,“ segir Sverrir. Að jafnaði kemur bókin út í lok árs, en þá er fjallað um árið á undan. Upp úr áramótum byrjar hann að brýna fyrir fólki að skrifa og byrja annálarnir frá sveitarfélögunum að skila sér um mitt sumar og aðsendu greinarnar þurfa helst að vera tilbúnar í september.

„Ég hvet fólk til að skrifa greinar sem hefur frá áhugaverðum hlutum að segja,“ segir Sverrir. „Þessi samskipti við greinarhöfunda eru mjög skemmtileg og gefandi. Þetta eru oft góðar stundir þegar einhver sem ég hef verið að hvetja áfram áttar sig á því að hann getur skrifað eins og aðrir. Viðkomandi hefur kannski ekki haft nokkra trú á sjálfum sér.“

Sverrir, sem er nýorðinn 74 ára, hætti kennslu árið 2022 eftir 41 ár í skólastarfi, lengst af við Framhaldsskólann á Laugum. Hann er uppalinn í Þingeyjarsýslunum og menntaði sig í sagnfræði og bætti síðar við sig meistaragráðu í menntunarfræðum. „Þegar ég hætti að kenna kveið ég því mest að hafa ekkert að gera, en það varð aldeilis ekki raunin,“ segir hann. Árbókin sem hann vinnur að núna verður sú fjórða sem kemur út undir hans ritstjórn. Sverri til halds og trausts starfar jafnframt ritnefnd sem les yfir lokadrög af öllum greinum. „Þetta er styrkur, því þá geta fleiri séð ef eitthvað hefur yfirsést,“ segir hann.

Sveitarfélögin sem standa að baki útgáfu bókarinnar eru Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Þingeyjarsveit, Norðurþing, Tjörneshreppur og Langanesbyggð. Þau prestaköll sem leggja til eftirmæli eru Laufásprestakall, Þingeyjarprestakall og Langanes- og Skinnastaðarprestakall. Þar að auki hafa komið eftirmæli frá Siðmennt eða beint frá aðstandendum.



# Sveitarstjórnarframboð sammála um mikilvægi matar, en skiptar skoðanir um leiðir



Dóra Svavarsdóttir.

Þrátt fyrir að sveitarfélög séu meðal stærstu kaupenda matvæla á Íslandi vekur athygli hversu fá framboð til sveitarstjórnar-kosninganna 2026 virðast gera sér fulla grein fyrir því valdi sem felst í matarinnkaupum hins opinbera til að styðja við innlenda og svæðisbundna matvælaframleiðslu. Einungis 12 svör bárust við opnu bréfi frá Slow Food á Íslandi, Beint frá býli, Samtökum smáframleiðenda matvæla og VOR – verndun og ræktun, þar sem framboðin voru spurð um stefnu sína í matarinnkaupum, gæði matar í mötuneytum sveitarfélaga og hvort – og hvernig – þau hygðust nýta innkaup sín til að styðja við staðbundna og lífræna framleiðslu. Það er umhugsunarvert í ljósi þess að matvælaframleiðsla er ein af grunnstoðum atvinnulífs hér á landi og lykilforsenda byggðar á flestum svæðum. Sterkur landbúnaður og sjávarútvegur stendur og fellur með eftirspurn eftir afurðunum og þar gegna sveitarstjórnir lykilhlutverki með innkaupum sínum fyrir skóla, leikskóla, mötuneyti og félagsþjónustu.

Í þeim svörum sem bárust kemur skýrt fram að flest framboð eru sammála um að matur í opinberri þjónustu skipti miklu fyrir lýðheilsu, velferð og samfélagið í heild. Það má greina víðtæka sátt um að börn, aldraðir og aðrir notendur opinberrar matarþjónustu eigi að fá hollan, næringarríkan og fjölbreyttan mat. Nokkur framboð ganga lengra og leggja áherslu á að matur í mötuneytum sé ekki einungis rekstrarliður heldur fjárfesting í heilsu og lífsgæðum. Í því samhengi telja mörg framboð að verð eigi ekki að vera eina viðmiðið í innkaupum, heldur þurfi einnig að horfa til gæða, sjálfbærni, uppruna hráefnis og samfélagslegra áhrifa.

Þegar svörin eru skoðuð nánar kemur þó í ljós að framboðin eru með mjög mismunandi sýn á framkvæmd og metnað. Sum leggja fram tiltölulega skýra stefnu og raunhæfar útfærslur, á meðan önnur tala fremur almennt um vilja til að „skoða málin“, „styrkja samstarf við fagfólk“ eða „endurskoða innkaupastefnu“. Þessi munur birtist skýrt þegar borin eru saman stærri og minni sveitarfélög.

Í Reykjavík skera svör Vinstrisins sig úr fyrir ítarlega umfjöllun um Matarstefnu borgarinnar, eldhúsumsjónarkerfi, kolefnisspor máltíða og markmið um mat sem eldaður er frá grunni. Þar er sett fram skýr sýn á hvernig innkaup og skipulag geta dregið úr matarsóun, bætt gæði og minnkað umhverfisáhrif. Flokkur fólksins og Sósíalistaflokkurinn í Reykjavík leggja hins vegar áherslu á innvistun matarþjónustu, gagnrýna útvistun og telja að opinber rekstur tryggi bæði betri gæði og lægri kostnað til lengri tíma.

Í Hafnarfirði og Kópavogi endurspegla svörin fremur hefðbundna nálgun stærri sveitarfélaga, með áherslu á gagnsæ og lögbundin innkaupaferli, jafnræði bjóðenda og samkeppni, samhliða yfirlýstum vilja til að auka gæði og sjálfbærni. Stuðningur við smærri og staðbundna framleiðendur er oft settur fram sem markmið, en bundinn þeim takmörkunum sem framboðin telja felast í lögum um opinber innkaup.

Á landsbyggðinni eru svörin almennt jarðbundnari og nátengd staðbundnum aðstæðum. Framsókn á Höfn í Hornafirði nefnir til dæmis að þegar sé unnið mikið með sjálfbært sjávarfang úr héraði, egg og grænmeti frá nærsamfélaginu, en að áskoranir snúi að aðgengi að kjötmeti. Þar er jafnframt horft til raunhæfra lausna, svo sem þjónustusláturhúss, til að styðja við staðbundna framleiðslu. A-listinn í Grímsnes- og Grafningshreppi leggur sambærilegan metnað í að auðvelda tengsl smáframleiðenda við mötuneyti og stofnanir með bættum dreifikerfum og í sama streng tekur Þ- listinn í Bláskógabyggð. Í Fjarðabyggð bendir Samfylkingin á að núverandi innkaupakerfi séu oft of stíf og útiloki smærri aðila, þrátt fyrir að lög og reglur bjóði upp á meira svigrúm en oft er nýtt.

Í heild sýna svörin að opinber matarinnkaup eru pólitískt málefni sem tengist bæði lýðheilsu og framtíð íslenskrar matvælaframleiðslu. Samhljómurinn um markmiðin er mikill, en ágreiningurinn snýst um leiðirnar og hversu langt sveitarfélögin eru tilbúin að ganga í að nýta innkaup sín sem virkt tæki til að styðja við gæði, sjálfbærni og innlenda og lífræna framleiðslu. Úrslit kosninganna munu því skipta máli fyrir bændur og smáframleiðendur um allt land, ekki síður en fyrir nemendur, eldri borgara og aðra sem reiða sig á mat í opinberri þjónustu.

*Höfundur er formaður Slow Food á Íslandi.*










# Beit mjólkurkúa



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com



Beitarkerfið „Stöðug beit" hefur í raun tvenns konar útfærslur (stýrð og ekki stýrð). Annars vegar eru kýrnar á einu svæði án nokkurra afskipta og hins vegar er gæðum beitarinnar stýrt með stærð svæðisins eða fjölda gripa á svæðinu.
Myndir / Jon Kristian Sommerseth.



Randabeit er það kerfi kallað þegar gripunum er skammtað ákveðið magn af nýrri og ferskri beit í hvert skipti sem þeir fara á beitina.



Skiptibeit er þrautreynt kerfi þar sem beitarsvæðinu er skipt upp í hæfilega stór beitarhólf.




ABC-beitarkerfið er sérhannað fyrir þau kúabú með mjaltaþjóna sem vilja hámarka beit mjólkurkúa.

Beit mjólkurkúa hefur lengi verið sjálfsagður hluti af íslenskri mjólkurframleiðslu hér á landi og raunar er gerð krafa um að kýr fái að fara út yfir sumartímann. Sú þróun sem orðið hefur í fjósagerð og bústjórn á undanförnum áratugum hefur þó kallað á ákveðnar breytingar á því hvernig nýta eigi beitina því það er nefnilega ekki sjálfgefið að kýr nýti beit vel. Það fer allt eftir því hvernig skipulagið er og hvernig beitinni er stjórnað. Þess utan er ekki sjálfgefið að kúm líði betur úti en inni í fjósi, lykillinn liggur í því hvernig beitin er skipulögð og framkvæmd enda er beitin í raun í samkeppni við nútíma fjós. Þau eru hönnuð út frá áratuga rannsóknum á þörfum mjólkurkúa þar sem þær fá aðgang að mjúkum og þurrum legusvæðum, góðri loftræstingu, hreinu vatni og með stöðugt aðgengi að fóðri. Því þarf beitin að standast samanburð við þetta manngerða umhverfi. Markmiðið á því ekki aðeins að vera að hleypa kúnum út, heldur að tryggja að útiveran skili bæði bættri velferð og góðum afurðum.

### Almennar kröfur

Þegar horft er til þeirra krafna sem mjólkurkýr gera til beitar og útivistar, er svo sem ekkert nýtt undir sólinni í þeim efnum. Hér gildir enn það sem hefur verið margskrifað um í fyrri tölublöðum Bændablaðsins, en verða hér rifjuð stuttlega upp:

***Tryggt aðgengi að hreinu vatni***
Mikilvægasta atriðið til að draga fram, umfram önnur, þegar kemur að beit, þá er það vatn. Mjólkurkýr hafa gríðarlega vatnsþörf og stór hluti mjólkur er einfaldlega vatn. Kýr með 20–30 kg dagsnyt geta þurft um 80–100 lítra af vatni á dag. Kýr drekka sjaldan en mikið í einu og ef langt er í vatnið þá drekka þær einfaldlega minna, sem hefur aftur bein neikvæð áhrif á nytina. Því er mikilvægt að hafa gott aðgengi að hreinu vatni, bæði í fjósi og úti á beit. Margar lausnir eru til fyrir vatn á beit, allt eftir því hvaða beitarkerfi eru í notkun. En mikilvægt er að hafa hugfast að gæði vatnsins skipta máli. Einföld regla er að ef þú vilt ekki drekka vatnið sjálf(ur), ekki ætlast til þess að kýrnar geri það þá.

***Góðar gönguleiðir og undirlag***
Kýr geta gengið langar leiðir, en það þýðir ekki að þær eigi að þurfa þess. Sérstaklega á búum með mjaltaþjóna er mikilvægt að fjarlægð frá fjósi að ystu beitarstykkjum sé hófleg, gjarnan innan við einn kílómetra. Þá þurfa gönguleiðir að vera þægilegar fyrir klaufdýr, þ.e. sléttar, þurrar og án grófra steina eða ójafna. Troðningur myndast oft á ákveðnum stöðum og ef ekkert er að gert verða þeir fljótt að leðju. Með einföldum aðgerðum, eins og að bera í þá fínkorna möl, má bæta úr slíkum vandamálum.

***Skjól og legusvæði***
Íslenskt veður getur verið krefjandi, jafnvel á sumrin, og því er mikilvægt að bjóða kúnum upp á skjól þegar vindur og rigning fara saman. Ef náttúrulegt skjól er ekki til staðar, má íhuga einfaldar lausnir eða tryggja að kýrnar hafi aðgang að fjósi þegar veður er slæmt. Þá skiptir legusvæðið úti einnig máli. Það ætti að vera þurrt ef hægt er og helst með smá halla. Blautt og óhreint undirlag getur haft neikvæð áhrif á júgurheilbrigði kúnna vegna aukinnar hættu á sýkingum.

### Mjaltaþjónafjósin

Nú þegar þorri íslenskra kúa er mjólkaður með mjaltaþjónum er mikilvægt að skoða hvaða beitarkerfi henti einna best fyrir slíkan tæknibúnað. Í Noregi, þar sem einnig er löng hefð fyrir beit mjólkurkúa, hefur verið unnin töluverð vinna við þetta, enda er þróunin í fjósgerð þar einmitt á sömu leið og hér á landi. Af þeim sökum verður hér í þessari grein kafað aðeins niður í ráðleggingar norska afurðafélagsins Tine sem varða þessi mál og byggir eftirfarandi umfjöllun á skrifum Jon Kristian Sommerseth, sem starfar sem fóðursérfræðingur á ráðgjafasviði norska afurðafélagsins. Jon Kristian gerir greinarmun á því sem hann kallar framleiðslubeit eða almennri beit, en framleiðslubeit er hugtak sem hann notar fyrir beit mjólkurkúa þar sem ætlunin er að láta kýrnar taka upp meirihluta gróffóðursneyslu sinnar á beitilandi, og hefur skipt beitarkerfum framleiðslubeitar upp í fimm flokka.

**1. Stöðug beit**
Þetta kerfi er alþekkt hér á landi og hér er hjörðinni einfaldlega beitt á sama svæðið samfellt í nokkurn tíma, án nokkurra inngripa í beitarsvæðið. Þetta er líklega þekktasta form beitar hér á landi og var afar algengt fyrir nokkrum áratugum síðan og er mögulega enn. Til þess að þetta kerfi henti kúm þarf svæðið að vera frekar stórt enda nýtist beitargróðurinn ekki mjög vel í þessu kerfi.

***Kostir***
• Krefst lítillar vinnu yfir tímabilið, þar sem ekki þarf að færa gripi á milli beitarsvæða.
• Getur gefið góða beit á vorin og snemmsumars.

***Ókostir***
• Slök nýting grassins og stöðug beit krefst því stærra svæðis samanborið við önnur beitarkerfi.
• Hætta á að grasið vaxi úr sér.
• Ekki besta aðferðin fyrir mjólkurkýr.
• Viðbótarfóðrun gæti verið nauðsynleg.

**2. Stýrð stöðug beit**
Mjög svipað kerfi og „Stöðug beit", en með þessari aðferð er beitarsvæðið stækkað yfir tímabilið til að bæta fyrir minnkandi grasvöxt og gæði beitargróðursins. Einnig er hægt að ná sama árangri með því að fækka kúnum á beitinni. Markmiðið er að halda beitargrasinu lágu yfir tímabilið og til að stjórna þessu er til dæmis hægt að heyja hluta af svæðinu og beita kúnum svo á endurvöxtinn síðar á beitartímabilinu. Líklegt er að margir kúabændur hér á landi notist við þetta kerfi í dag en til að ná góðum árangri þarf að fylgjast vel með grashæðinni og breyta svæðinu í takt við þarfir kúnna.

***Kostir***
• Hægt er að aðlaga svæðið og fjölda dýra að afköstum og gæðum beitarsvæðisins.
• Betri nýting beitarsvæðisins samanborið við „Stöðuga beit".
• Minni þörf fyrir girðingar en t.d. þörf er á við „Skiptibeit" eða „Randabeit" (sjá síðar).

***Ókostir***
• Meiri vinna en þarf við „Stöðuga beit".

**3. Skiptibeit**
Við skiptibeit er beitilandinu skipt niður í hæfilega stór hólf sem eru svo beitt koll af kolli oftast í 1-3 daga. Síðan er viðkomandi hólf látið spretta þangað til það er aftur orðið hæfilega sprottið og tækt til beitar á ný. Þannig er kúnum hverju sinni aðeins beitt á það gras sem er hæfilega sprottið og á meðan fær grasið í öðrum hólfum frið til að spretta. Sé beitargróðurinn ójafn í hæð eftir beitarlotu er oft notuð ruddasláttuvél til að jafna út beitina, svo næst þegar kýrnar koma á beitarsvæðið sé það jafnsprottið.



Svo þetta kerfi virki þarf að hanna það vel og skipta beitarsvæðum búsins upp í hæfilega stór hólf og nægilega mörg hólf svo hvert þeirra nái nokkurra vikna hvíld áður en kýrnar beita niður hólfið á ný.

*Kostir*

• Aukin nýting grassins og minna tap á fóðurgæðum beitarinnar yfir sumarið/haustið, samanborið við „Stöðuga beit".

• Auðveldara að stýra beitinni og koma þannig í veg fyrir mögulegan samdrátt mjólkurframleiðslunnar.

*Ókostir*

• Krefst aukinnar vinnu samanborið við „Stöðuga beit", þar sem mun lengri girðingar þarf fyrir þetta kerfi.

• Getur þurft fleiri brynningarstöðvar en önnur kerfi.

• Getur þurft viðbótarfóðrun síðsumars og hausts, ef ekki er hægt að stækka beitarsvæðið til að bæta upp fyrir minnkaðan grasvöxt hvers svæðis.

**4. Randabeit**

Randabeit er það kerfi kallað þegar gripunum er skammtað ákveðið magn af nýrri og ferskri beit í hvert skipti sem þeir fara á beitina. Þetta kerfi er aðallega notað þegar beitin er gæðamikil, verðmæt og í takmörkuðu magni s.s. þegar magn uppskeru er mikið eins og þegar beitt er á grænfóður. Gripunum er þá skömmtuð beitin með léttum rafstreng og þeir fá hæfilega rönd eða spildu í senn, einu sinni á dag eða oftar. Stundum er einnig rafstrengur á bak við kýrnar á beit, þ.e. sem þá gefur þegar beittu svæði hvíld svo það megi mögulega endurbeita síðar. Þetta kerfi byggir á því að allar kýr geti náð að éta samtímis, þ.e. svæðið sé nógu breitt til þess að allar kýrnar komist að hinu ferska beitarsvæði í einu.

*Kostir*

• Veitir jafnari beit og minni mun á gæðum og magni beitargróðurs, samanborið við aðrar aðferðir.

• Gefur góða nýtingu beitargróðursins, þar sem hlutfall beitargróðurs sem er troðinn niður er lágt.

• Auðveldara að greina frávikshegðun kúa, þegar gengið er á beitarsvæðinu með þeim.

*Ókostir:*

• Vinnufrekt, þar sem færa þarf girðinguna allt að nokkrum sinnum á dag.

• Mikil umferð gripa um svæðið sem er beitt getur valdið því að svæðið vaðist upp í drullu.

• Hætta á að gras spretti úr sér snemmsumars, þegar grasvöxtur er góður en kýrnar ná mögulega ekki að halda í við sprettuna með beit sinni.

**5. ABC-beit**

Þetta er tiltölulega ný beitaraðferð og er ákveðið afbrigði af Skiptibeit þar sem áhersla er lögð á að kýr, sem mjólkaðar eru af mjaltaþjónum, éti sem mest af sínu daglega fóðri á beit. Beitinni er skipt í þrjá hluta (A, B og C), sem síðan er einnig skipt upp í nokkra litla reiti. Sjálfvirkt beitarstýrihlið sér svo um að gefa kúnum aðgengi að mismunandi beitarhólfum þrisvar á dag, og komast þær ekki á nýtt svæði fyrr en mjaltaþjónninn hefur mjólkað þær. Væntingar kúnna um nýja og ferska beit, þrisvar á dag, stýrir þannig vilja þeirra til að láta mjólka sig og tryggir háa heimsóknatíðni í mjaltaþjóninn. Svona kerfi krefst töluverðs svæðis, sem er bæði vel skipulagt og með sterkum megin gönguleiðum enda er mikið álag á gönguleiðir í þessu kerfi. Kerfið vinnur einungis með sjálfvirkum beitarstýrihliðum svo þetta krefst ákveðins tæknibúnaðar.

*Kostir*

• Möguleiki á góðri beit, þar sem kýrnar fá „nýja" beit þrisvar á dag.

• Minni þéttni dýra í hverju beitarhólfi leiðir til minna álags á beitargróðurinn og minni affalla vegna troðnings.

*Ókostir*

• Krefst nokkuð umfangsmikilla girðinga og vinnu við að opna og loka beitarhólfum.

• Krefst sérstakra sjálfvirkra beitarstýrihliða.

**Skipulögð beitarstýring skilar árangri**

Gamla aðferðin að setja kýrnar í sama hagann, dag eftir dag, er víða liðin tíð og fleiri og fleiri nýta sér önnur form beitar eins og t.d. Skiptibeit eða Randabeit. Markmiðið ætti alltaf að vera að stýra því hve mikið kýrnar eiga að éta hverju sinni og hvort beitin hafi einnig annað hlutverk, eins og t.d. við ABC-beitarkerfið, þar sem beitin hjálpar bóndanum við að fá kýrnar til að koma oftar í mjaltir mjaltaþjóns. Hver bóndi þarf auðvitað að finna þá leið sem hentar best viðkomandi búrekstri, en hvaða kerfi sem verður fyrir valinu er mikilvægt að hafa hugfast að beit mjólkurkúa getur verið öflugt verkfæri í bústjórn, en hún skilar aðeins árangri ef hún er skipulögð og henni stýrt af nákvæmni. Vatn, beitarstýring, gönguleiðir og aðbúnaður skipta þar öllu máli eins og hér hefur verið nefnt og þegar vel tekst til skilar beitin sér í betri velferð, lægri kostnaði og auknum afurðum.

*Byggt að hluta til, með leyfi höfundar, á grein Jon Kristian Sommerseth „Hvilken beitemetode passer", sem birtist fyrst í þriðja tölublaði Buskap 2023.*

Frekara lesefni um beitarmál má t.d. nálgast í mörgum eldri tölublöðum Bændablaðsins, sem og í kafla 11 í kennslubókinni um Nautgriparækt sem má hlaða niður af bondi.is.




**Bændablaðið**

**kemur næst út 28. maí**





Mynd 1 – GPS tækin sem voru notuð í prófuninni. Frá vinstri: Garmin Alpha 50 handtæki og hundaól, tæki frá Félagsbúinu Sandfellshaga (svart með grænni ól), og þrjú Model Red tæki frá findmy í Noregi.




Mynd 2 – Prins búinn að finna og stöðva fjórar kindur í þéttum birkiskógi. Erfitt hefði verið að finna og ná þessum kindum án þess að hafa GPS tæki á einni kindinni og á hundinum.



Mynd 3 – Útigengin kind (Kind C) með GPS tæki. Eftir talsvert ferðalag og rúmar þrjár vikur var hún búin að finna fjórar aðrar kindur.

# Notkun GPS tækja í eftirleitum



Jón Axel Jónsson.

Við eftirleitir fer oft mun meiri tími í að finna kindurnar en að koma þeim í aðhald eftir að þær eru fundnar. Í von um að nýta tímann betur og ná betri árangri, hef ég prófað að nota GPS tæki til finna og ná kindum. Árangurinn hefur verið það góður að ég tel rétt að deila reynslunni af notkun tækjanna með lesendum Bændablaðsins.

Prófaðar voru þrjár gerðir af GPS tækjum (Mynd 1) Tvær gerðir eru ætlaðar á kindur og ein á hunda. Tækin á kindurnar voru keypt hjá Félagsbúinu Sandfellshaga og findmy í Noregi. Báðar gerðir senda staðsetningar um GSM netið en findmy tækin senda einnig staðsetningar um gervihnött þegar ekki er GSM samband. Tækið á Border Collie hundinn, Prins, er Garmin Alpha 50. Það samanstendur af GPS handtæki (með auka loftneti) og ól sem hundurinn hefur um hálsinn. Á þessum tímum samfélagsmiðla og áhrifavalda er rétt að taka fram að prófanirnar voru ekki styrktar og voru tækin keypt á uppsettum verðum.

Prófanirnar fóru fram á nokkrum svæðum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum þar sem birkiskógar og/eða plantaður trjágróður veldur því að erfitt er að finna eftirlegukindur. Þrátt fyrir að vita hvar kindurnar voru þegar átti að sækja þær, þá sáust þær iðulega ekki fyrr en Prins var búinn að þefa þær uppi. Sumar kindur virtust halda sig nánast alveg í birkiskóginum á meðan aðrar beittu sér bæði í skóginum og utan hans.

Ég hef átt Garmin tækið í nokkur ár og notað það með góðum árangri. Hin tækin keypti ég síðastliðið haust og byrjaði að nota þau eftir aðra leit.

Kindur sækja almennt í félagsskap með öðrum kindum. Þegar kindur náðust eftir aðra leit, þá fékk ein úr hópnum GPS tæki um hálsinn og henni sleppt aftur. Henni var síðan ætlað að finna aðrar kindur. Einnig voru sett GPS tæki á kindur sem gáfust upp og í tvö skipti voru sett GPS tæki á hrúta sem voru komnir á hús. Annar þeirra var lambhrútur og hinn veturgamall.




Mynd 4 – Ferill lambhrúts (Kind D) 3-5. desember. GPS tækið var stillt á að senda staðsetningar kl. 8:00, 10:00, 12:00, 14:00, 16:00, og 21:00. Fyrsta staðsetningin (gult merki) er kl. 8:03 3. des. Afar líklegt er að lambhrúturinn hafi hitt á aðrar kindur um hádegi 4. desember því þá róaðist hann mikið og uppgefnar staðsetningar urðu mjög þéttar. Appelsínugula merkið er aðvörun um að hann hreyfði sig óeðlilega hratt eða mikið. Það hefur hann væntanlega verið með hugann við annað en að beita sér. Hann var svo sóttur að morgni 6. desember ásamt þremur öðrum kindum.

Af þeim 15 kindum sem hafa fengið GPS tæki síðan í lok september, þá fundu 12 þeirra aðrar kindur. Tvær kindur fóru í gegnum girðingu þar sem ekki var kinda von. Þær voru því sóttar. Þriðja kindin sem varð ekki að gagni var veturgamli hrúturinn sem var sleppt í nóvember til að finna tvílembu sem vitað var af en fannst ekki.

Fyrsta kindin sem fékk GPS tæki í þessari prófun var lambhrútur sem gafst upp í birkiskógi eftir aðra leit. Í stað þess að baslast með hann einan var GPS tæki sett um hálsinn á honum og haldið áfram með hinar kindurnar sem hann hafði verið með.

Ferlið sem hófst með því að setja GPS tæki á lambhrútinn er eftirfarandi:

- 28.9 GPS tæki sett á lambhrút (Kind A) sem gafst upp í birkiskógi.
- 4.10 Kind A sótt í birkiskóg ásamt tvílembu (Kind B). GPS tækið sett á Kind B og henni sleppt lamblausri.
- 7.10 Kind B sótt í birkiskóg ásamt einu lambi. Kind B var sleppt aftur.
- 18.10 Kind B sótt í birkiskóg ásamt útigenginni tvílembu (Kind C) (Mynd 2). Kind C rakst illa og lagðist fljótlega. GPS tækið var tekið af Kind B, sett á Kind C og hún skilin eftir.
- 2.11 Athugað með Kind C og var hún ein.
- 12.11 Kind C sótt ásamt fjórum öðrum kindum (Mynd 3). GPS tækið sett á lambhrút (Kind D) sem var í hópnum og honum sleppt.
- 29.11 Kind D búin að finna fullorðna kind sem hafði sloppið fyrr um haustið með því að synda yfir Langá. Í þetta sinn slapp hún aftur með því að fara út á ís á hálfisilagðri ánni. Kind D var látin vera í von um að hún hitti aftur á kindina sem slapp. Það gerði hann væntanlega um hádegi 4.12 (Mynd 4).
- 6.12 Kind D sótt ásamt þremur kindum og þar á meðal þeirri sem var búin að sleppa tvisvar eftir aðra leit.

Ómögulegt er að geta sér til um hvað af þessum kindum hefðu náðst án þess að nota GPS tækin og einungis örfáar höfðu sést áður en þær fundust. Vinnusparnaðurinn af GPS tækjunum var ótvíræður því




Við eigum allt sem þú þarfnast til strandveiða.
Hjá okkur færðu handfærakróka í úrvali,
handfæravindur, tilbúna handfæraslóða,
sökkur, sigurnagla, sjóklæðnað og stígvél.

HAMPIÐJAN
hampidjan.is/verslun · https://vefverslun.hampidjan.is

Reykjavík
Skarfagarðar 4
Sími 530 3333

Ólafsvík
Ólafsbraut 19
Sími 436 1214

Ísafjörður
Suðurtangi 14
Sími 470 0830

Akureyri
Norðurtangi 1
Sími 841 1322

Neskaupstaður
Naustahvammur 49
Sími 470 0807

Vestmannaeyjar
Friðarhöfn
Sími 664 3340


Mynd 5 - Fyrrum heimalningur (Kind B) með það á hreinu hvar réttin yrði opnuð eftir að hafa verið sett tvisvar áður í sömu rétt.

kindurnar fundust án þess að leita þyrfti að þeim. Einnig getur verið mikill kostur að vita hvar kindurnar eru því þá er oft hægt að nálgast þær án þess að þær verði þess varar fyrr en það er of seint fyrir þær að reyna að forða sér.

Í eitt sinn (22. nóv.) var GPS tæki sett á lambhrút sem kominn var á hús og honum sleppt aftur. Tilgangurinn var að finna tvo aðra hrúta sem höfðu sloppið og fundust ekki. Það tók lambhrútinn innan við sólarhring að finna týndu hrútana. Þegar þeir voru sóttir viku síðar, þá voru 11 kindur í hópnum.

Lambhrútar sem fengu GPS tæki í nóvember voru duglegir að ferðast og leita sér að félagsskap. Ferðuðust þeir almennt það mikið að hægt var að sjá á háttalaginu með nokkurri vissu hvenær þeir voru búnir að hitta á aðrar kindur. Þegar þeir voru einir, þá var algengt að þeir færu nokkur hundruð metra og upp í fjóra kílómetra á tveimur tímum. Eftir að hafa hitt á aðrar kindur urðu þeir hins vegar tiltölulega staðbundnir (Mynd 4).

Ær sem fengu GPS tæki í október ferðuðust óreglulega. Þær áttu það til að vera staðbundnar í nokkra daga en fara síðan upp í 10 km á rúmum sólarhring og vera einar á nýja staðnum í nokkra daga áður en þær fóru aftur í ferðalag.

Sú fullorðna kind sem var auðveldast að eiga við var heimalningur sem lamb og ekki stygg. Í þriðja skiptið sem var farið með hana í litla rétt í afréttinum, þá fór hún beint að horninu á réttinni sem hafði verið opnað fyrir henni í hin tvö skiptin (Mynd 5). Sú kind fær væntanlega GPS tæki með sér í afréttinn í sumar og verður síðan notuð til að finna aðrar kindur ef hún skilar sér ekki í fyrstu eða annarri leit.

Í þeim tilfellum sem kindur halda sig mikið í skóglendi þar sem þær sjást sjaldan eða ekki, þá kemur sér mjög vel að hafa staðsetningartæki á hundinum ef hundurinn hefur áhuga



Mynd 6 – GPS tæki með fjarlægð og ca stefnu á Prins þar sem hann er kominn fyrir kindur.

og getu til að leita kindurnar uppi og passa þær þar til aðstoð berst. Þegar staðsetning kindanna var þekkt, en þær sáust ekki, var farið með Prins þvert á þá leið sem kindurnar höfðu farið til að koma honum á slóðina. Hann sá svo um að finna og passa kindurnar. Það lengsta sem Prins hefur sést fara og finna kindur eru rúmir 400 metrar (Mynd 6).

Niðurstaðan er að notagildi GPS tækja á eftirlegukindur og fjárhunda er ótvírætt þar sem erfitt er að koma auga á kindurnar, t.d. í skóglendi eða ósléttu landi. Einnig reyndist mjög vel að vera með GPS tæki í vasanum til að setja á kindur sem annaðhvort gáfust upp eða voru skildar eftir til að finna aðrar kindur. Í öllum tilfellum voru þessar kindur búnar að finna sér félagsskap þegar þær voru sóttar. Að lokum er vinnusparandi að vita hvar kindurnar eru og að bíða með að sækja þær þar til þær eru á hentugum stöðum (nærri vegi eða aðhaldi og fjarri klettum).

*Höfundur er áhugamaður um fjárhunda og eftirleitir.*









# Þrettán ný naut til notkunar

**Síðast komu ný naut til notkunar í byrjun ársins og því kominn tími til að skipta öðrum inn á eins og sagt er í boltanum. Nú koma þrettán ný naut til notkunar og þar af stendur kyngreint sæði (X-sæði) til boða úr sjö þeirra auk þess sem aftur kemur slíkt sæði til dreifingar úr Jöfri 24010. Þá mun Y-sæði, þ.e. sæði sem gefur nautkálfa, standa til boða úr fjórum þessara nauta en það er nýjung.**


Guðmundur Jóhannesson.

Við skulum fyrst fara yfir hvaða naut fara úr notkun og hver verða áfram í dreifingu. Úr dreifingu verða teknir Meistari 23038, Draupnir 23040, Stjóri 23041, Bolli 24002, Valens 24003, Biggi 24004, Hálsi 24006, Sjafnar 24007, Kládíus 24011, Tumi 24014 og Andi 24015. Þeir teljast allir annað hvort fullnotaðir eða náðu ekki þeim vinsældum að ástæða sé til að hafa þá áfram í notkun.

Þau naut sem verða áfram í dreifingu eru Oddi 24008, Alur 24009, Jöfur 24010, Versalur 24017 og Nemó 24018. Rétt er að taka fram að verulega er farið að ganga á birgðir úr sumum þeirra.

Nautin sem koma ný til nota eru, eins og áður sagði, tólf talsins. Það er full ástæða til að skoða og kynna þá nánar en eins og ætíð er reynt að hafa faðerni þeirra sem dreifðast. Innan sviga má sjá sæðistegund, V=venjulegt, X=kyngreint (kvígur), Y=kyngreint (naut).



**Tríton 24016** (V) frá Birtingaholti 1 í Hrunamannahreppi er undan Kalda 21020 og Aríel 2395 Jörfadóttur 13011. Brandskjöldóttur, hníflóttur. Samkvæmt erfðamati Trítons ættu dætur hans að verða mjólkurlagnar kýr með há hlutföll verðefna í mjólk. Þetta ættu verða meðalháfættar kýr með góða júgurgerð, vel borin júgur með mikla festu og greinilegt júgurband. Spenar hæfilegir að lengd, nokkuð þykkir og prýðilega settir. Mjaltir heldur undir meðallagi en skap gott. Getur gefið hyrnt, arfblendinn. Heildareinkunn 108.



**Jenni 24019** (V, X, Y) frá Sigtúnum í Eyjafirði er undan Billa 20009 og Hönnu 1171 Jörfadóttur 13011. Rauðskjöldóttur m/stjörnu í enni, örðóttur. Erfðamat Jenna segir að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kýr með hlutföll verðefna í mjólk í góðu meðallagi. Þetta ættu að verða frekar bolmiklar og háfættar kýr með góða júgurgerð, vel borin júgur með góða festu. Spenar í lengri kantinum, þykkir en vel settir. Mjaltir góðar og skapið mjög gott. Arfhreinn kollóttur. Heildareinkunn 110.



**Nökkvi 24020** (V, X, Y) frá Engihlíð í Vopnafirði undan Títan 17036 og Sunnu 1189 Smyrilsdóttur 19005. Svartur, kollóttur. Erfðamat Nökkva gefur til kynna að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kýr með hlutfall fitu í mjólk um meðallag en hlutfall próteins hátt. Þetta ættu verða háfættar kýr með mjög góða júgurgerð, vel borin júgur með mikla festu og nokkuð greinilegt júgurband. Spenar hæfilegir að lengd, aðeins grannir og vel settir. Mjaltir úrvalsgóðar og skapið sömuleiðis. Arfhreinn kollóttur. Heildareinkunn 115.



**Milli 24021** (V) frá Bryðjuholti í Hrunamannahreppi undan Magna 20002 og Þúsund 1000 Hælsdóttur 14008. Rauðbrandskjöldóttur m/lauf í enni, kollóttur. Samkvæmt erfðamati Milla verða dætur hans mjólkurlagnar kýr með hlutfall fitu í mjólk um meðallag en hlutfall próteins hátt. Þetta ættu verða frekar bolléttar kýr með fótahæð í tæpu meðallagi, góða júgurgerð, vel borin júgur með mikla festu júgurband fremur ógreinilegt. Spenar hæfilegir að lengd, aðeins þykkir og vel settir. Mjaltir og skap um meðallag hvoru tveggja. Arfhreinn kollóttur. Heildareinkunn 111.



**Frakkur 24022** (V) frá Hátúni 1 í Skagafirði undan Óðni 21002 og Frökk 1328 Hælsdóttur 14008. Brandsokkóttur, kollóttur. Erfðamat Frakks segir að dætur hans verði mjólkurlagnar kýr með hlutföll verðefna í mjólk um meðallag. Þetta ættu að verða frekar bolléttar kýr með fótahæð heldur undir meðallagi. Júgurgerð góð, vel borin júgur með ríflega meðalfestu og greinilegt júgurband. Spenar eilítið í lengri kantinum, hæfilega þykkir og vel settir. Mjaltir og skap í góðu meðallagi. Arfhreinn kollóttur. Heildareinkunn 112.



**Fennill 24023** (V, X) frá Espihóli í Eyjafirði undan Óðni 21002 og 1243 Piparsdóttur 12007. Dökkkolóttur, kollóttur. Erfðamat Fennils gefur til kynna að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kýr með hlutfall verðefna í mjólk um meðallag. Þetta ættu verða útlögulitlar og meðalháfættar kýr með mjög góða júgurgerð, vel borin júgur með mikla festu og greinilegt júgurband. Spenar hæfilegir að lengd og þykkt og mjög vel settir. Mjaltir í góðu meðallagi og skapið úrvalsgott. Arfhreinn kollóttur. Heildareinkunn 113.



**Hlynur 24024** (V) frá Svertingsstöðum 2 í Eyjafirði undan Magna 20002 og Eik 1421 Tannadóttur 15065. Svartskjöldóttur, kollóttur. Samkvæmt erfðamati Hlyns verða dætur hans mjólkurlagnar kýr með hlutföll verðefna í mjólk um meðallag. Þetta ættu verða frekar bolléttar kýr með fótahæð í tæpu meðallagi, góða júgurgerð, vel borin júgur með stórgóða festu en júgurband fremur ógreinilegt. Spenar eilítið stuttir, nokkuð þykkir og vel settir. Mjaltir og skap um meðallag hvoru tveggja. Arfhreinn kollóttur. Heildareinkunn 110.



**Sóli 24025** (V, X) frá Hjarðarfelli á Snæfellsnesi undan Mjölni 21025 og Maísól 721 Starradóttur 18037. Dökkbrandskjöldóttur m/lauf í enni, kollóttur. Erfðamat Sóla segir að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kýr með hlutfall fitu í mjólk undir meðallagi en hlutfall próteins um meðallag. Þetta ættu að verða frekar bolmiklar kýr með fótahæð heldur yfir meðallagi. Júgurgerð meðalgóð, meðalvel borin júgur með meðalfestu og nokkuð greinilegt júgurband. Spenar hæfilegir að lengd og þykkt og vel settir. Mjaltir í meðallagi og skapið gott. Arfhreinn kollóttur. Heildareinkunn 115.



**Kandís 24026** (V, X, Y) frá Stóra-Dunhaga í Hörgárdal undan Þrym 22027 og Andí 1468 Bússadóttur 19066. Dökkbröndóttur, kollóttur. Erfðamat Kandíss gefur til kynna að dætur hans verði mjólkurlagnar kýr með fremur há hlutföll verðefna í mjólk. Þetta ættu verða bolléttar og nokkuð háfættar kýr með góða júgurgerð, vel borin júgur með góða festu og mjög greinilegt júgurband. Spenar aðeins í lengri kantinum, hæfilega þykkir og meðalvel settir. Mjaltir og skap mjög gott hvoru tveggja. Arfhreinn kollóttur. Heildareinkunn 111.



**Valur 24027** (V) frá Ketilsstöðum í Hjaltastaðaþinghá undan Billa 20009 og Gránu 2733 Piparsdóttur 12007. Rauðbröndóttur, kollóttur. Samkvæmt erfðamati Vals verða dætur hans mjólkurlagnar kýr með hlutfall fitu í mjólk um meðallag en hlutfall próteins fremur hátt. Þetta ættu verða boldjúpar og mjög háfættar kýr með góða júgurgerð, vel borin júgur með mikla festu og greinilegt júgurband. Spenar eilítið langir, hæfilega þykkir og ákaflega vel settir. Mjaltir í góðu meðallagi og skap meðalgott. Arfhreinn kollóttur. Heildareinkunn 109.



**Flaumur 24028** (V, X, Y) frá Syðra-Hóli í Skagabyggð undan Flamma 22020 og 805 Jörfadóttur 13011. Rauðbrandsokkóttur, kollóttur. Erfðamat Flaums segir að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kýr með hlutföll verðefna í mjólk í góðu meðallagi. Þetta ættu að verða frekar bolmiklar kýr með fótahæð heldur yfir meðallagi. Júgurgerð góð, vel borin júgur með góða festu og nokkuð greinilegt júgurband. Spenar hæfilegir að lengd og þykkt og mjög vel




Samfylkingin og óháðir í Reykhólahreppi

Sterkt samfélag - skýr stefna

Settu X við S

Samfylkingin og óháðir í Reykhólahreppi leggja í stefnuskrá sinni áherslu á fjölskylduvænt samfélag, skólastarf, eflingu tómstunda og félagsþjónustu fyrir alla aldurshópa, ásamt stuðningi við atvinnulíf og landbúnað. Framboðið vill tryggja öryggi íbúa með því að efla almannavarnir, halda áfram uppbyggingu í Flatey og stuðla að gagnsæi og ábyrgum rekstri sveitarfélagsins.

settir. Mjaltir góðar og skapið meðalgott. Arfhreinn kollóttur. Heildareinkunn 112.



**Gilli 24031** (V) frá Þorgautsstöðum í Hvítársíðu undan Ægi 22010 og Gilitrutt 402 Sjarmadóttur 12090. Sægråbröndóttur, hníflóttur. Erfðamat Gilla gefur til kynna að dætur hans verði mjólkurlagnar kýr með hlutfall fitu í mjólk rétt undir meðallagi en hlutfall prótein vel yfir meðallagi. Þetta ættu verða bolléttar og háfættar kýr með nokkuð góða júgurgerð, vel borin júgur með ríflega meðalfestu og nokkuð greinilegt júgurband. Spenar frekar langir, hæfilega þykkir og meðalvel settir. Mjaltir úrvalsgóðar og skap í góðu meðallagi. Getur gefið hyrnt, arfblendinn. Heildareinkunn 109.



**Hrímnir 24035** (V, X) frá Tannstaðabakka í Hrútafirði undan Ægi 22010 og Prinsessu 860 Kópsdóttur 16049. Grár, stórhníflóttur. Samkvæmt erfðamati Hrímnis verða dætur hans mjólkurlagnar kýr með hlutfall fitu í mjólk um meðallag en hlutfall próteins fremur hátt. Þetta ættu verða háfættar kýr með góða júgurgerð, vel borin júgur með mikla festu og greinilegt júgurband. Spenar eilítið langir, hæfilega þykkir og meðalvel settir. Mjaltir góðar og skap meðalgott. Getur gefið hyrnt, arfblendinn. Heildareinkunn 108.

Eins og þessi upptalning sýnir er nautavalið gott og ætterni dreift. Þannig eru feður þeirra 18 nauta sem verða í notkun 14 talsins. Þá má kalla það ákveðin tímamót að geta boðið upp á vel frambærilegt grátt kynbótanaut en nokkuð er um liðið frá því grátt naut stóð til boða. Það er fagnaðarefni ef litið er til varðveislu á litafjölbreytni íslenska kúastofnsins sem við getum öll verið stolt af.

Nánari upplýsingar um þessi naut, eins og sundurliðaðar einkunnir eftir eiginleikum, er að finna á nautaskra.is.

**Kyngreint sæði**

Kyngreint sæði (X-sæði sem gefur kvígur) verður í boði úr eftirtöldum nautum: Jöfur 24010, Jenni 24019, Nökkvi 24020, Fennill 24023, Sóli 24025, Kandís 24026, Flaumur 24028 og Hrímnir 24035.

Þá er til Y-sæði (sæði sem gefur nautkálfa) úr þeim Jenna 24019, Nökkva 24020, Kandís 24026 og Flaumi 24028. Það sæði er einkum til nota á úrvalskýr og -kvígur stofnsins, yfirburðagripi sem fengur væri að nautkálfi á stöð undan til þess að feðra næstu kynslóð.

Árangur með kyngreindu sæði hefur fram að þessu verið undir væntingum og eðlilegt að velta fyrir sér hvaða ástæður geta legið að baki. Ljóst er að nokkur bú hafa náð mjög góðum árangri með þessu sæði og dæmi um yfir 80% 56 daga ekki uppbeiðsli. Þegar maður sér slíkar tölur fer maður ósjálfrátt að velta fyrir sér hvað gera þessir bændur öðruvísi en hinir. Ég vil því biðja hvern og einn bónda að leggja höfuðið í bleyti og spyrja sjálfan sig hvort það sé eitthvað í sæðingaferlinu á búinu sem betur má fara.

**Er beiðslisgreining ómarkviss?**

Eru kýrnar sæddar of snemma á gangmálinu, þ.e. er verið að sæða kýr sem sást á að morgni en ætti kannski að sæða daginn eftir?

Eru kýrnar tilbúnar þegar frjótæknirinn kemur á búið eða þarf að elta þær uppi? Það lengir tímann frá uppþíðingu til sæðingar og er kyngreindu sæði ekki hollt.

Er verið að sæða „réttu" kýrnar með kyngreindu sæði? Yngri kýrnar og kvígurnar eru frjósamastar og eðlilegt að horfa til þeirra auk þess sem það eru erfðafræðilega bestu gripirnir.

Er verið að sæða kýr sem búið er að margsæða? Líkur á að kýr sem eru margsæddar festi fang eru minni ef notað er kyngreint sæði samanborið við venjulegt.

Það er alveg ljóst að sé árangur í hjörðinni ekki góður batnar hann ekki með kyngreindu sæði. Til þess að ná árangri þarf að horfa til yngri gripanna og sæða fyrst og fremst kýr á fyrsta kálfi og kvígur. Kyngreint sæði ætti ekki að nota á eldri kýr nema því aðeins að sæðingaárangur í hjörðinni sé góður.

Jafnframt er sjálfsagt fyrir frjótækna að velta fyrir sér hvort það sé eitthvað í vinnubrögðum þeirra sem betur mætti fara. Með samstilltu átaki allra sem að koma er ég þess fullviss að við getum náð árangri með þessu sæði eins og öðru. Það sem til þarf er nákvæmni, agi og vönduð vinnubrögð.

*Höfundur er ráðunautur á búfjárræktar- og þjónustusviði RML.*










# Þrettán fagaðilar sækja Finnland heim

## – Undirbúa tilraunir með fósturvísaflutninga í íslenska kúastofninum



Andri Már Sigurðsson.



Guðmundur Jóhannesson.

Hópur fagaðila í nautgriparækt lagði land undir fót dagana 7.–12. apríl 2026 til að kynna sér sæðingastarfsemi og fósturvísaflutninga hjá Faba í Finnlandi. Ferðin, sem skipulögð var af Frjótæknafélagi Íslands ásamt starfsfólki Faba, markar þau tímamót í þróun kynbóta hér á landi að stefnt er að því að hefja tilraunir með fósturvísaflutninga í íslenska kúastofninum.

### Finnland í fararbroddi

Finnar eru meðal leiðandi þjóða Evrópu í framkvæmd fósturvísaflutninga, og því var ferðin kærkomið tækifæri til að sjá starfsemina með eigin augum. Í hópnum voru 13 fagaðilar; frjótæknar, ráðunautar, dýralæknir og stjórnendur innan nautgriparæktar.

Ferðin hófst á kynningu hjá Mtech, fyrirtækinu sem þróar hugbúnað fyrir finnskan landbúnað og er meðal annars framleiðandi Fang-appsins sem margir íslenskir bændur þekkja. Christian Jurvanen, framkvæmdastjóri Mtech, hitti hópinn og ræddi starfsemi Mtech sem er víðfeðm.

Hann tók töluverðan tíma í að ræða framtíðarsýn Mtech sem horfir upp á minnkandi hóp viðskiptavina með fækkun bænda. Hann sagði framtíðarsýn Mtech vera þá að koma að öllum stigum framleiðsluferlisins, frá haga til maga, og þjónusta bændur og úrvinnslufyrirtæki á sem bestan og breiðastan hátt.

Að kynningu lokinni hélt hópurinn til Lahti.



Hópurinn staddur í sæðisdreifingarmiðstöð Faba í Hollola. Myndir / Guðmundur Jóhannesson

### Hollola – miðstöð fósturvísaflutninga

Í stöðinni í Hollola, sem rekin er af Faba og hýsir starfsemi Viking Genetics, fengu þátttakendur kynningu á sæðingastarfsemi í Finnlandi ásamt ítarlegri innsýn í allt ferlið – frá framleiðslu fósturvísa til dreifingar og uppsetningar þeirra. Þar eru framkvæmdar yfir 300 skolanir á ári og um 3.000 uppsetningar, þar af 75% með frystum fósturvísum.

Sérfræðingar stöðvarinnar tóku á móti hópnum og fóru yfir skipulag, verklag og tæknilegar aðferðir sem liggja að baki árangri Finna á þessu sviði. Einnig var vikið að sæðingastarfseminni en segja má að, fyrir utan umfangið, sé aðalmunurinn á Finnlandi og Íslandi sá að þarlendis framkvæma bændur sjálfir um 50% sæðinga. Frjótæknar og starfsmenn Faba sögðu þetta ekki til bóta, árangur væri umtalsvert lakari, öll birgðastýring erfiðari og öll framkvæmd sæðinga þunglamalegri fyrir vikið.



Aðstaðan þar sem kvígurnar eru skolaðar í Hollola.

### Heimsóknir á bú

Næstu daga heimsótti hópurinn bæði mjólkur- og kjötframleiðslubú sem nýta fósturvísaflutninga til að efla kynbætur og bæta gæði hjarðanna. Einnig fékk Höskuldur Jensson dýralæknir sérstaka dagskrá þar sem hann fylgdi starfsfólki Faba við skolun og uppsetningar og fékk þannig innsýn í daglegt verklag.

Greinilegt var að bændur hafa og eru að nýta fósturvísaflutninga til þess að bæta kúastofninn. Umfangið er mismikið og oft sem menn nýta þetta skarpt í byrjun en draga svo úr þegar ákveðnu markmiði er náð. Ekki var annað að heyra á bændum en að ánægja væri með árangurinn.

> „Niðurstaða ferðarinnar er sú að stefnt er að því að hefja tilraunir með fósturvísaflutninga í íslenska kúastofninum.

### Mikilvæg þekking fyrir íslenskar aðstæður

Að sögn þátttakenda var ferðin afar lærdómsrík. Að sjá aðstöðuna í Hollola og ræða við finnsku sérfræðingana veitti dýrmæta innsýn í hvernig best er að undirbúa og framkvæma fósturvísaflutninga. Þekkingin mun nýtast á öllum stigum verkefnisins hér heima.

Auk þess hafa skapast mikilvæg tengsl sem gætu leitt til áframhaldandi samstarfs og möguleika á frekari þekkingaröflun í Finnlandi.

### Tilraunir hefjast á Íslandi

Niðurstaða ferðarinnar er sú að stefnt er að því að hefja tilraunir með fósturvísaflutninga í íslenska kúastofninum. Með því er stigið stórt skref í átt að markvissari kynbótum og aukinni framleiðni í íslenskri nautgriparækt. Í fyrstu er þó mikilvægt að skoða bæði árangur og kostnað við slíkt með hliðsjón af ávinningi en fósturvísaflutningar gefa færi á að velja nautsmæður næstu kynslóðar með markvissari hætti en nú er gert. Þannig má auka kynbótaframfarir eitthvað frá því sem nú er.

*Andri Már er frjótæknir hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar og Guðmundur er ráðunautur hjá RML.*






# Ályktun um orkuskipti í landbúnaði

Í kjölfar fjölmenns vefþings um orkuskipti í landbúnaði þann 9. apríl síðastliðinn, haldið undir merkjum verkefnanna RECET og Value4Farm, leggja Eimur og Orkídea áherslu á eftirfarandi:

Í fyrsta lagi eru tækifæri til orkuskipta í landbúnaði raunveruleg og tæknilegar lausnir aðgengilegar víða um heim. Orkuskipti í greininni skipta sköpum fyrir orkuöryggi landsins og þar með matvælaöryggi þjóðarinnar. Stærstu tækifærin liggja í nýtingu lífmassa til framleiðslu lífgass sem unnið er úr lífrænum úrgangi, svo sem kúamykju og öðrum hliðarstraumum matvælaframleiðslu. Þessi auðlind er að stórum hluta í höndum bænda og felur í sér raunhæfa leið til að byggja upp innlenda og endurnýjanlega orkuframleiðslu sem annað getur drjúgum hluta eldsneytisþarfar innan greinarinnar.

Í öðru lagi hvetja Eimur og Orkídea stjórnvöld til að koma á fót markvissum stuðningi við uppbyggingu tveggja tilraunabúa þar sem framleiðsla og nýting lífgass úr lífmassa er innleidd og sannreynd við íslenskar aðstæður. Slík verkefni eru lykilforsenda þess að byggja upp traust, safna gögnum og reyna á þolmörk tæknilausna við íslenskar aðstæður áður en þær eru teknar upp í stærra mæli.

Í þriðja lagi er brýnt að bregðast við þeirri stöðu sem upp er komin á landinu varðandi lífgas og lífdísil sem orkugjafa. Nærtækast er að framleiða innlent eldsneyti úr líforku og ætti það að vera þáttur í bættu orkuöryggi þjóðar, rétt eins og fyrirhuguð lagasetning um 90 daga eldsneytisbirgðir á landinu. Innleiðing kílómetragjalds hefur haft neikvæð áhrif á samkeppnishæfni lífeldsneytis og núverandi regluverk styður ekki nægilega við orkuskipti á þessu sviði. Nauðsynlegt er að endurskoða fyrirkomulagið hið fyrsta, enda verður að telja ólíklegt að þessi niðurstaða hafi verið markmið stjórnvalda.

Að lokum er mikilvægt að horfa til heildarmyndarinnar. Stærstu einstöku þættirnir í auðtækum orkuskiptum hér á landi eru þungaflutningarnir, smábátaflotinn og landbúnaðartækin. Framgangur orkuskipta á þessum sviðum krefst skýrrar stefnu, samræmdra aðgerða og virks samstarfs stjórnvalda og atvinnulífs.

Eimur og Orkídea hvetja stjórnvöld til að stíga skýr og markviss skref í þessum efnum í nánu samstarfi við hagaðila, með það að markmiði að tryggja raunverulegan árangur í orkuskiptum, og lýsa sig reiðubúin að koma að þeirri vinnu með hverjum þeim hætti sem stjórnvöldum hugnast.

*Ottó Elíasson og Sigurður Líndal Þórarinsson, Eimi.*
*Sveinn Aðalsteinsson, Orkídeu.*

Land og skógur



# Gróðursetning skógarplantna


Guðríður Baldvinsdóttir.

Nú líður að þeim tíma þegar skógarbændur hefja vorverkin. Því er ekki úr vegi að rifja upp nokkur praktísk atriði varðandi gróðursetningu og áburðargjöf skógarplantna.

Gróðursetningu má hefja um leið og frost fer úr jörðu. Því er vor og fyrri hluti sumars besti tíminn. Einnig er hægt að gróðursetja eftir miðjan ágúst og þangað til frýs að hausti, en það getur hentað þar sem hættir við sumarþurrkum.

Plöntur þurfa að vera fullar af vatni og næringu þegar þær eru gróðursettar; ekki veitir af þar sem þeirra bíður erfitt hlutverk við að venjast nýju umhverfi. Blautar plöntur renna líka betur gegnum gróðursetningarstafinn. Plöntur þarf einnig að vökva með áburðarvatni ef þær standa heima á plani í einhvern tíma. Einföld uppskrift að áburðarvatni er að gera fyrst áburðarstofnlausn úr 10 lítrum af vatni og 200 g af tvígildum áburði (N og P). Nota síðan 0,5 l af stofnlausninni blandaðri við 10 l af vatni til að vökva með. Best er að fara ekki með fleiri plöntur út á skógræktarsvæðið en gert er ráð fyrir að gróðursetja þann daginn enda er sjaldnast aðstaða til vökvunar úti í mörkinni.

**Gróðursetningarstaðir, gæði og áburðargjöf**

Mikilvægt er að velja réttan gróðursetningarstað.

• Skjólmegin við þúfur eða steina og finna staði með góðri rótfestu.

• Forðast beran jarðveg vegna frostlyftingarhættu.

• Planta í hliðar þúfnanna í þýfðu landi, en ekki áveðurs á toppnum eða í dældir.

• Í jarðunnu landi er best að planta á mótum rásarinnar og kúfsins.

Gróðursetja þarf hæfilega djúpt þannig að rótarhnausinn sé rúmlega 2 cm undir jarðvegsyfirborðinu. Plantan þarf að vera lóðrétt og hnausinn óbeyglaður. Að lokum þarf að þjappa vel að plöntum, t.d. með skóhælnum.

Nauðsynlegt er að bera á allar trjátegundir við gróðursetningu nema lerki. Miðað er við ca 10 g á plöntu, eða sem samsvarar sléttfullri matskeið. Áburðinum er dreift í hring um 5–10 cm frá plöntunni. Áburður má alls ekki liggja upp við stofninn því hann getur þurrkað upp litlar plöntur.

**Þéttleiki og skipulag**

Mikilvægt er að halda hæfilegum þéttleika við gróðursetningu. Þéttleikinn fer eftir tilgangi skógarins; beitarskógur eða landgræðsluskógur þarf ekki að vera þéttur, en skógur til timburframleiðslu þarf þess til að ná upp timburgæðum.

Til að mæla þéttleika má nota 3,99 m langan bandspotta festan á stöng sem sett er niður í miðja gróðursetningu og genginn hringur. Allar plöntur innan hringsins eru taldar og fæst þá fjöldinn á 50 m2 svæði. Sú tala er margfölduð með 200 til að fá fjölda á hektara.

Gott er að afmarka gróðursetningarsvæði dagsins og halda sig við ákveðið munstur. Fyrir óvana er gott að setja niður stangir til viðmiðunar við upphafs- og endapunkt hverrar gróðursetningarlínu en hafa í huga að plönturnar falli ekki í þráðbeinar línur milli stanganna. Einnig er gott að leitast við að láta plöntur skarast milli gróðursetningarlína.

Mun auðveldara er að planta með brekkunni en upp og niður, auk þess sem gróðursetningarlínur upp og niður brekkur verða nokkuð áberandi, a.m.k. fyrstu 20 árin. Best er að láta gróðursetningu fylgja náttúrulegum línum í landslagi en ekki girðingum.

Gangi ykkur vel!

*Guðríður Baldvinsdóttir, skógræktarráðgjafi hjá Landi og skógi.*






**Járnslétta 2 – Vantar þig pláss í Reykjavík?**
**Ný iðnaðarbil til sölu!**
Vandað atvinnuhúsnæði með mikilli lofthæð, uppfyllir allar kröfur fyrir atvinnustarfsemi.
65 m$^2$ og 75 m$^2$ að grunnfleti. 6–8 metra lofthæð.
Mikið pláss fyrir almennilegt óskráð milliloft.
Afhendast fullbúin með salerni.
4,5 m háar innkeyrsluhurðir með rafopnun.
**Verð frá kr. 29.900.000.**
Laus til afhendingar við kaupsamning.
**Upplýsingar veitir Davíð Ólafsson.**
**S: 897-1533 | david@fastborg.is**
BORG FASTEIGNASALA







Afkastamikill og alrafmagnaður vinnubíll, sameinar frábæra akstursseiginleika og nýjustu tækni. Fjölhæfni, lítið viðhald og áreiðanleiki fyrir erfið verkefni, atvinnuþarfir og tómstundir. 110 km drægni. 800 kg dráttargeta. Götuskráður T3b.

Fullkomnasti vinnubílinn frá CFMoto. Hlaðin tækninýjungum. Þriggja sílindra 90 hestafla mótor, 29 tommu dekk. Alveg lokaður, miðstöð og loftkæling. Snertiskjár og margt, margt fleira

NITRO

**Umboðsaðilar:** ***KS**, Sauðárkróki.* ***Suður England**, Selfossi.* ***Lyngás**, Hellu.* ***Bikevik**, Reykjanesbæ.* ***Landstólpi-AB**, Egilsstöðum.*
**Nítró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848**

# Landbúnaður í Borgarfirði


Hermann B. Valsson.


Melkorka Gunnarsdóttir.

Okkur sem stöndum að Borgarbyggðarlistanum hefur verið tíðrætt um lýðheilsu og er hún rauði þráðurinn í okkar stefnu. En hvað er hún, þessi blessaða lýðheilsa? Hún hefur verið skilgreind sem samheiti yfir skipulagðar aðgerðir samfélagsins sem miða að því að viðhalda og bæta heilsu, líðan og lífsgæði fólks. Ólíkt hefðbundinni heilbrigðisþjónustu, sem beinist fyrst og fremst að einstaklingnum, horfir lýðheilsa á heildina – samfélagið okkar í heild. Á þessum grunni viljum við byggja okkar starf í sveitarfélaginu. Lýðheilsa snýst ekki aðeins um líkamlega heilsu heldur einnig andlega heilsu og hvernig við styðjum við hana í daglegu lífi. Þetta snýst ekki um eitt afmarkað hlaup eða einstakan viðburð, heldur um heildarsýn á tækifæri íbúa til hreyfingar, virkni og heilsueflingar.

Við viljum að lýðheilsa verði leiðarljós í öllum ákvörðunum sem teknar eru í samfélaginu og hafi raunveruleg áhrif á daglegt líf fólks. Skipulag göngustíga og gangstétta er lýðheilsa. Græn svæði, útsýni og aðgengi að náttúru er lýðheilsa. Staðir eins og bókasöfn, listasöfn, tónleikastaðir og önnur menningar- og samfélagsrými, og hvernig við skipuleggjum þau, eru líka lýðheilsa.

Einn af þeim þáttum sem hefur ekki verið nefndur er landbúnaður, af þessu leiðir að Borgarbyggðarlistinn lítur á landbúnaðarland sem hluta af grunninnviðum samfélagsins, ekki síður en vegi, stíga eða veitukerfi. Sveitarfélagið býr yfir einstökum náttúrulegum kostum, frjósömu ræktunarlandi, góðu aðgengi að heitu vatni, hagstæðu loftslagi til ræktunar og ríkulegum ferskvatnsauðlindum. Þessi samsetning skapar veruleg tækifæri til að efla innlenda matvælaframleiðslu, auka ylrækt, þróa akuryrkju og byggja upp fjölbreyttara og sjálfbærara atvinnulíf í sveitum Borgarbyggðar og Skorradalshrepps.

Lýðheilsa snýst einnig um fæðuöryggi, loftslag og gæði þess matar sem við höfum aðgang að. Með því að styðja við ræktun og vinnslu í nærsamfélaginu drögum við úr innflutningi, minnkum kolefnisspor og tryggjum ferskari og hollari vöru fyrir íbúa – sem er bein fjárfesting í heilsu samfélagsins. Sama á við um skógrækt, endurheimt vistkerfa og vernd líffræðilegs fjölbreytileika, þar sem sveitarfélagið hefur alla burði til að vera leiðandi í á landsvísu.

Þessi vinna verður þó aðeins farsæl ef hún er unnin í samráði við bændur og heimamenn. Því leggur Borgarbyggðarlistinn áherslu á að frumkvæði að breytingum, svo sem í skipulagi fjallskila eða annarri þjónustu við landbúnað, komi alltaf frá þeim sem þekkja landið best og byggi á skýrum vilja þeirra sem málið varðar.

Við erum því miður að upplifa það að sauðfé og kúm fækkar, einnig eru þónokkur kúabú í viðbót á undanþágu og ekki víst hvort þau verði starfrækt áfram þegar henni lýkur. Mörg gróðurhús hafa skipt um hlutverk og hýsa nú hjólhýsi og tjaldvagna. Erum við virkilega komin á þann stað að það hérað sem hýsir Deildartunguhver, vatnsmesta hver Íslendinga, sé að dragast saman í ræktun? Þessu þarf við breyta, þarna eru sóknarfæri!

Í Covid var mikið talað um fæðuöryggi Íslendinga, er það bara gleymt? Hefur fæðuöryggi bara minnkað, eða ætlum við að vera háð innflutningi á grænmeti sem við getum auðveldlega ræktað á Íslandi? Vissulega erum við háð leyfum og kvótum sem koma frá ríkinu og ekki á okkar höndum, en við á Borgarbyggðarlistanum höfum þá skoðun að þetta sé ekki landi og þjóð til framdráttar í stóra samhenginu. Við höfum góða tengingu inn í ríkisstjórn Íslands og teljum að við getum haft þar áhrif. Við viljum með íbúum sveitarfélagsins leggja í þá vinnu að breyta þessu, skapa atvinnu, spara innflutning og minnka kolefnisspor.

Sterk tengsl milli íbúa og bænda eru einnig mikilvæg fyrir þekkingu og virðingu fyrir landbúnaði. Með fræðslu, opnum dögum á bæjum, samstarfi við skóla og auknum tækifærum til að kaupa beint frá býli má efla skilning á mikilvægi innlendrar framleiðslu og styrkja samfélagslega samstöðu. Landbúnaður byggir á traustum innviðum og því eru góðir vegir, öruggt rafmagn, fjarskipti og vatnsbúskapur forsendur þess að bændur geti sinnt störfum sínum og tryggt stöðuga framleiðslu. Uppbygging innviða er því ekki aðeins þjónusta við bændur heldur grunnforsenda fyrir öflugu og góðu samfélagi.

Sveitarfélagið býr yfir landgæðum og mikilli reynslu sem við getum nýtt mun betur, ekki aðeins til hagsbóta fyrir sveitarfélagið heldur fyrir alla landsmenn. Það myndi skila sér í ferskari vöru og meiri gæðum afurða í landbúnaði. Það er sannarlega hluti af lýðheilsu að hafa þvílíkan munað við bæjardyrnar!

Ágæti sveitungi úr Borgarbyggð og Skorradalshreppi, tökum saman höndum og förum í sókn fyrir okkur öll, það skiptir okkur miklu máli.

Setjum x við A laugardaginn 16. maí í Borgarbyggð og Skorradalshreppi!

*Hermann er lýðheilsufræðingur og skipar 2. sæti á A lista í sameinuðu sveitarfélagi Borgarbyggðar og Skorradalshreppi. Melkorka er búvísindamenntuð og skipar 9. sæti á A lista í sameinuðu sveitarfélagi Borgarbyggðar og Skorradalshreppi.*

# Fráleitar hugmyndir um einkavæðingu RARIK og Landsnets


Jóhann Páll Jóhannsson.

Upp á síðkastið hefur borið nokkuð á umræðu um einkavæðingu orkufyrirtækja. Sjálfstæðisflokkurinn hefur sett slíkar hugmyndir á dagskrá með tillögum um að ríkið selji 40% hlut í Landsneti og 40% hlut í RARIK. Núverandi formaður Sjálfstæðisflokksins talaði jafnframt fyrir því á síðasta kjörtímabili að ráðist yrði í sölu á stórum hlut í Landsvirkjun til einkaaðila. Vegna þessarar umræðu er fullt tilefni til að hnykkja á nokkrum atriðum.

Landsnet er ekki hefðbundið fyrirtæki á samkeppnismarkaði heldur grunninnviðafyrirtæki í náttúrulegri einokunarstöðu. Það er burðarás raforkukerfisins á Íslandi sem við höfum treyst fyrir uppbyggingu samfélagslegra innviða sem eru forsenda búsetu, atvinnuuppbyggingar og raforkuöryggis um allt land. Fram undan er tímabil gríðarlegra fjárfestinga í flutningskerfi raforku. Einkavæðing og stífari kröfur um skjótfenginn arð munu óhjákvæmilega leiða til stórfelldra gjaldahækkana á notendur um allt land.

Sömu sjónarmið gilda um RARIK, fyrirtæki sem á rætur í farsælum ákvörðunum fyrri kynslóða um að rafvæða sveitir landsins. Dreifikerfi RARIK nær til Vestur-, Norður-, Austur- og Suðurlands og 50 þéttbýliskjarna víðsvegar um landið. Fyrirtækið veitir grundvallarþjónustu í umhverfi sem markast af strjálbýli, erfiðum rekstrarskilyrðum og augljósum markaðsbrestum. RARIK hefur gjarnan haldið aftur af gjaldskrárhækkunum í dreifbýli á samfélagslegum forsendum og alla jafna ekki fullnýtt tekjuheimildir sínar. Það er erfitt að ímynda sér að þetta yrði áfram raunin með innreið einkafjárfesta og stífari kröfum um arðsemi.

Líklegasta niðurstaðan af einkavæðingu RARIK er aukinn orkukostnaður íbúa í þeim tugum sveitarfélaga sem njóta þjónustu fyrirtækisins. Ef markmið okkar er byggðajöfnuður, þjónustuskuldbinding á dreifbýlum svæðum og hófleg gjaldskrá er opinbert eignarhald skynsamlegasti kosturinn.

Sala á hlutum ríkisins í Landsvirkjun er líka afspyrnuvond hugmynd. Fyrirtækið er í markaðsráðandi stöðu og í raun með einokun á stýranlegu afli í raforkukerfinu. Það er grundvallarkrafa að arðurinn sem slík aðstaða skapar renni til almennings. Fyrirséð er að arðsemi Landsvirkjunar muni aukast töluvert á næstu árum eftir því sem stórar virkjanir verða fullafskrifaðar. Að selja eign á slíkum tímapunkti jafngildir því að gefa frá sér framtíðartekjur fyrir skammtímagróða. Slíkt væri ábyrgðarleysi gagnvart samfélaginu og komandi kynslóðum.

Raforka er ekki venjuleg vara. Hún er forsenda heimilishalds, atvinnulífs og uppbyggingar samfélagsins. Einkaaðilar gegna mikilvægu hlutverki í raforkukerfinu okkar og munu gera það áfram, en einkavæðing á fyrirtækjum í markaðsráðandi stöðu eða náttúrulegri einokunarstöðu er uppskrift að hagsmunaárekstrum, hærra verði og verri þjónustu. Það er gæfa Íslands að við höfum byggt upp orkukerfi í þágu samfélagsins alls. Leyfum engum að eyðileggja þessa sérstöðu okkar.

*Höfundur er umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.*






## Reykholt í Biskupstungum:

# Aldarafmæli fagnað

**Reykholt í Biskupstungum er einn af byggðakjörnum Bláskógabyggðar en þar fer íbúum stöðugt fjölgandi. Það stendur mikið til miðvikudaginn 20. maí því þá verður haldið upp á 100 ára afmæli þorpsins.**

Ásborg Arnþórsdóttir, íbúi í Reykholti og fyrrverandi ferðamálafulltrúi, er ein af þeim sem eru að undirbúa hátíðarhöldin.

„Þetta byrjaði allt með grúski og verkefni, sem gekk út á það að koma upp fræðsluskiltum um sögu þorpsins og minnast frumbyggjanna sem lögðu grunninn að því sem við njótum góðs af í dag, þeirra sem höfu garðyrkju og búskap í Reykholti og beisluðu Reykholtshver,“ segir Ásborg.

Upphaf byggðar í Reykholti má í raun rekja til þess að vinnumaðurinn Jón Halldórsson gaf Biskupstungnahreppi land og fé til að byggja barnaskóla við Reykholtshver. Í heimildum kemur fram að þessi gjafagjörningur hafi átt sér stað þann 20. maí 1926 og því þótti vel við hæfi að afhjúpa söguskiltin á þessum degi og halda hátíð.

„Þarna var kominn afmælisdagur Reykholts og gaman að rifja upp söguna og miðla. Að baki verkefninu er áhugahópur heimamanna, eða sögunördar má segja. Aðalhvatamaðurinn er Sveinn Sæland á Espiflöt sem leiðir verkefnið. Svo koma að þessu með myndarlegum hætti fleiri fulltrúar stóru garðyrkjustöðvanna hér, áhugasamir íbúar, fyrirtæki og sveitarfélagið Bláskógabyggð,“ segir Ásborg.

### Fjölmenningarsamfélag

Um 500 íbúar búa í Reykholti í dag og er staðurinn sannkallað fjölmenningarsamfélag. „Ég hef ekki tölu á húsunum enda spretta þau upp eins og gorkúlur þessa dagana og heilu göturnar verða til. Ef maður bregður sér til Reykjavíkur er komið nýtt hús þegar komið er til baka,“ segir Ásborg hlæjandi.

Dagskráin 20. maí hefst klukkan 16:00 þar sem skiltunum hefur verið komið fyrir, en þar verður klippt á borða. Börn úr Reykholtsskóla syngja fyrir gesti og Bjarni Harðarson flytur tölu. Þá verður söguganga um nágrennið með leiðsögn og að lokum boðið upp á kaffiveitingar í Aratungu.

### Garðyrkja og ferðaþjónusta

Ásborg segir að allt snúist um garðyrkju og ferðaþjónustu í Reykholti. „Já, þetta er öflugasta ylræktarsvæði á landinu. Hér eru mjög stórar garðyrkjustöðvar og enn meiri uppbygging er í farvatninu. Stöðvarnar sérhæfa sig í ákveðnum tegundum og eru þær stærstu á landsvísu hver á sínu sviði. Friðheimar eru stærsta tómataræktunarstöðin, Espiflöt er stærst í ræktun afskorinna blóma, Gufuhlíð er stærst í gúrkuræktun, Jarðarberjaland er stærst í framleiðslu jarðarberja og Kvistabær er stór skógarplöntuframleiðandi,“ segir Ásborg.

„Ferðaþjónustan er líka mjög mikilvæg í Bláskógabyggð og þar með talið í Reykholti, hér er fjölbreytt gæðaþjónusta við ferðamenn og heimamenn njóta sannarlega líka góðs af því. Hátt þjónustustig eykur lífsgæði íbúa og skapar fjölbreytt störf. Í Reykholti eru t.d. fjórir veitingastaðir en það eru Restaurant Mika, sem eru sérfræðingar í súkkulaði, Friðheimar með matarupplifun í gróðurhúsi, Vínstofa Friðheima með veitingar og viðburðadagskrá og Reykholt Hub fish & chips. Svo eru fjölbreyttir gistimöguleikar og verslun með allt sem þarf.“ */mhh*


## Kompaní fyrirtækjasala kynnir til sölu:
## VGH jarðvinnuvélaverktakar
## - öflugt verktakafyrirtæki

**Fyrirtækið selst með tækjum og húsnæði á frábærum stað í Mosfellsbæ.**

Um er að ræða rótgróið og vel búið verktakafyrirtæki sem starfar á sviði jarðvinnu og tengdra verkefna.
Fyrirtækið hefur yfir að ráða öflugum og nýlegum tækjaflota sem gerir því kleift að taka að sér fjölbreytt verkefni á sviði framkvæmda og jarðvinnu.

Með rekstrinum fylgir **700 m² húsnæði á góðum stað í Mosfellsbæ,** sem samanstendur af rúmgóðri vélageymslu, verkstæði, þvottastöð og íbúð.

Íbúðin hefur nýlega verið endurgerð og er með brunastiga út.
Hana má nýta áfram sem íbúð til útleigu
eða breyta í skrifstofuaðstöðu fyrir reksturinn.

Tækjakostur fyrirtækisins er flottur og að mestu leyti nýlegur, sem skapar góða rekstrarstöðu og möguleika til áframhaldandi vaxtar.

Boðið er upp á sveigjanlega kaupmöguleika:

- **Tækjafloti eingöngu**
- **Húsnæði sér**
- **Heildarsala á rekstri, tækjum og húsnæði**

Þetta er frábært tækifæri fyrir verktaka eða fjárfesta sem vilja eignast vel búið fyrirtæki með öflugan tækjaflota og gott húsnæði sem styður við áframhaldandi rekstur.

**Allar nánari upplýsingar veitir Guðlaugur í síma 821-1000**
**Netf: gudlaugur@kompani.is**

BORGIR
VGH Mosfellsbæ
VERKTAKI SÍÐAN 1968
896-9443 896-2279
ÞAÐ SEM TIL ÞARF
KOMPANÍ
FYRIRTÆKJASALA




# Framtíð sveitarstjórnarstigsins – ný sveitarstjórnarlög

## – seinni hluti


Eyjólfur Ármannsson.

Nú á vorþingi mælti ég fyrir frumvarpi til nýrra sveitarstjórnarlaga. Megintilgangur þess er að styrkja og styðja við sveitarstjórnarstigið, og tryggja að sveitarfélög séu öflug, sjálfbær og geti tekist á við verkefni sín og tryggt íbúum faglega og skilvirka grunnþjónustu.

Í fyrri hluta fór ég yfir helstu efnisatriði frumvarpsins. Þar er fjármálakaflinn endurskoðaður til að styrkja fjárhagslegan grundvöll sveitarfélaga og breyting á fjárhagslegu áhrifamati á sveitarfélög vegna laga og reglna. Skerpt er á reglum sveitarstjórnarlaga um samvinnu sveitarfélaga og settar skýrari reglur um byggðasamlög, m.a. hvað varðar stjórnskipulag og lýðræðislegt umboð, reglur um framsal á valdi, reikningshald, skipulag og lýðræðislegt umboð og fleira.

Í þessari grein fjalla ég um framtíð sveitarstjórnarstigsins og mikilvægi þess að sveitarfélög séu öflugar stjórnsýslueiningar og hafi burði til að sinna lögbundnum skyldum sínum á sem hagkvæmasta hátt íbúum sínum til hagsbóta.

### Íbúafjöldi sveitarfélaga 1 janúar 2026

| | Sveitarfélag | Íbúafjöldi | | Sveitarfélag | Íbúafjöldi | | Sveitarfélag | Íbúafjöldi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Reykjavíkurborg | 139.804 | 22. | Rangárþing eystra | 2.142 | 43. | Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 667 |
| 2. | Kópavogsbær | 40.286 | 23. | Fjallabyggð | 1.969 | 44. | Grímsnes- og Grafningshreppur | 658 |
| 3. | Hafnarfjarðarkaupstaður | 32.398 | 24. | Rangárþing ytra | 1.966 | 45. | Dalabyggð | 653 |
| 4. | Reykjanesbær | 22.697 | 25. | Dalvíkurbyggð | 1.925 | 46. | Skaftárhreppur | 651 |
| 5. | Garðabær | 20.724 | 26. | Sveitarfélagið Vogar | 1.896 | 47. | Vopnafjarðarhreppur | 633 |
| 6. | Akureyrarbær | 20.284 | 27. | Snæfellsbær | 1.669 | 48. | Langanesbyggð | 543 |
| 7. | Mosfellsbær | 13.772 | 28. | Þingeyjarsveit | 1.471 | 49. | Svalbarðsstrandarhreppur | 517 |
| 8. | Sveitarfélagið Árborg | 12.671 | 29. | Bláskógabyggð | 1.453 | 50. | Sveitarfélagið Skagaströnd | 450 |
| 9. | Akraneskaupstaður | 8.440 | 30. | Húnabyggð | 1.352 | 51. | Strandabyggð | 422 |
| 10. | Múlaþing | 5.235 | 31. | Sveitarfélagið Stykkishólmur | 1.300 | 52. | Grýtubakkahreppur | 373 |
| 11. | Fjarðabyggð | 5.228 | 32. | Vesturbyggð | 1.290 | 53. | Kjósarhreppur | 319 |
| 12. | Seltjarnarnesbær | 4.609 | 33. | Eyjafjarðarsveit | 1.206 | 54. | Ásahreppur | 305 |
| 13. | Vestmannaeyjabær | 4.518 | 34. | Húnaþing vestra | 1.190 | 55. | Reykhólahreppur | 243 |
| 14. | Skagafjörður | 4.361 | 35. | Mýrdalshreppur | 1.004 | 56. | Súðavíkurhreppur | 219 |
| 15. | Suðurnesjabær | 4.232 | 36. | Bolungarvíkurkaupstaður | 1.003 | 57. | Eyja- og Miklaholtshreppur | 119 |
| 16. | Borgarbyggð | 4.082 | 37. | Hörgársveit | 937 | 58. | Kaldrananeshreppur | 117 |
| 17. | Ísafjarðarbær | 3.987 | 38. | Hrunamannahreppur | 912 | 59. | Fljótsdalshreppur | 115 |
| 18. | Hveragerðisbær | 3.344 | 39. | Grundarfjarðarbær | 857 | 60. | Skorradalshreppur | 72 |
| 19. | Norðurþing | 3.017 | 40. | Grindavíkurbær | 819 | 61. | Árneshreppur | 60 |
| 20. | Sveitarfélagið Ölfus | 2.907 | 41. | Hvalfjarðarsveit | 805 | 62. | Tjörneshreppur | 54 |
| 21. | Sveitarfélagið Hornafjörður | 2.631 | 42. | Flóahreppur | 741 | | **Alls** | **394.324** |

### Framtíð sveitarstjórnarstigsins – hagkvæm þjónusta

Kjarninn í frumvarpinu er að skapa forsendur fyrir öflug og sjálfbær sveitarfélög. Rannsóknir sýna að þjónusta við íbúa er almennt betri og skilvirkari í fjölmennari sveitarfélögum.

Í dag eru 62 sveitarfélög í landinu. Fjölmennasta sveitarfélagið, Reykjavík, er með 140.000 íbúa. Átta sveitarfélög eru með yfir 10.000 íbúa. Fjörutíu sveitarfélög eru með undir 2000 íbúa, tuttugu og sex með undir 1000 íbúa og þrettán undir 500 íbúa.

Stærðarhagkvæmni er óumdeilanleg þegar kemur að rekstri grunnþjónustu sveitarfélaga. Framtíð sveitarstjórnarstigsins á Íslandi felst því í stærri stjórnsýslueiningum með fleiri en einum byggðakjarna.

Það er engin tilviljun að hagsmunasamtök fatlaðs fólks hafa í umsögnum sínum kallað eftir stærri og sjálfbærari einingum, enda er það forsenda þess að sveitarfélögin geti veitt þá sérhæfðu og mikilvægu þjónustu sem þessi hópur þarf á að halda. Þetta rímar við það markmið sem Alþingi hefur þegar samþykkt, að lágmarksíbúafjöldi skuli að jafnaði ekki vera undir 1.000.

Ég vil árétta að tilgangurinn með þeirri breytingu var ekki að öll sveitarfélög ættu að hafa 1.000 íbúa, heldur var horft til þess að sveitarfélögum myndi fækka, helst niður í 30 eða færri.

Rannsókn sem unnin var árið 2020 leiddi í ljós að sveitarstjórnarstig með 30 sveitarfélögum fæli í sér hagræðingu upp á 3-5 milljarða árlega fyrir sveitarstjórnarstigið í heild sem gæti nýst í betri þjónustu eða lækkun á álögum á íbúa.

Hefði frumvarp um það verið samþykkt á þeim tíma, má áætla að um 20 milljarðar króna, að teknu tilliti til verðlags, hefðu getað nýst sl. fimm ár á sveitarstjórnarstiginu í t.d. betri þjónustu við íbúa eða lækkun á álögum.

Um risavaxið hagsmunamál íbúa þessa lands er að ræða og því hljóta allir að fagna sem tala fyrir hagkvæmni í opinberum rekstri.

Sterk rök mæla með sameiningu sveitarfélaga og felur frumvarpið í sér ákvæði sem stuðla að stærri sveitarfélögum.

Markmiðið er skýrt: Að hér á landi starfi öflugt og hagkvæmt sveitarstjórnarstig, þar sem lýðræðið er virkt.

### Ábyrgð á þjónustu sveitarfélags

Íbúar eiga rétt á að fá að kjósa sveitarstjórnarfulltrúa sem bera raunverulega ábyrgð á þjónustunni, en ekki milliliði sem hafa það eina hlutverk að semja við nágrannasveitarfélög um að leysa verkefnin fyrir sig.

Helstu tillögur frumvarpsins hvað þetta varðar snúa að breytingum á reglum um samvinnu sveitarfélaga.

Þó sveitarfélögum verði áfram heimilt að sinna lögbundnum verkefnum í samvinnu, á það að vera undantekning fremur en regla, því slíku fyrirkomulagi fylgir lýðræðishalli.

Frumvarpið gerir því ríkari kröfur til samstarfsverkefna til að tryggja lýðræðislegt aðhald og koma í veg fyrir að stærri sveitarfélög niðurgreiði þjónustu fyrir þau minni.

### Þjónusta fámennustu sveitarfélaga landsins

Í samræmi við ákvæði gildandi sveitarstjórnarlaga fór innviðaráðuneytið eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar fram á að tíu sveitarfélög með færri en 250 íbúa skiluðu áliti um getu þeirra til að sinna lögbundnum verkefnum og um kosti sameininga.

Þar kom fram að ekkert af tíu fámennustu sveitarfélögum á landinu sér um velferðarþjónustu við íbúa upp á eigin spýtur og aðeins þrjú þeirra ráku sjálf grunn- og leikskóla.

Mun algengara er að viðkomandi sveitarstjórnir hafi samið við sveitarstjórn annars sveitarfélags um veitingu þjónustunnar eða tekið sig saman með öðrum sveitarstjórnum um veitingu hennar í gegnum byggðasamlag.

### Skilgreining á sveitarfélagi og lágmarksþjónusta

Hvað er sveitarfélag? Hugtakið sveitarfélag er ekki skilgreint í sveitarstjórnarlögum. Segja má að sveitarfélag sé stjórnsýslueining sem sinnir grunn- og nærþjónustu við íbúa sína. Í dag féllu nokkur sveitarfélög utan þessarar skilgreiningar, þar sem þau sinna sjálf ekki slíkri þjónustu.

Ég lít svo á að það sé stjórnsýslueining sem getur sinnt meirihluta lögbundinna verkefna sinna sjálft.

Sveitarfélag sem framselur öll sín verkefni til nágranna sinna getur vart talist sjálfbært sveitarfélag – um það hljótum við að vera sammála. Hvert er hlutverk sveitarstjórnarfulltrúa í slíku sveitarfélagi? Um hvað eru






íbúar í slíku sveitarfélagi að kjósa í sveitarstjórnarkosningum ef ekki fulltrúa til að fara með lögbundið hlutverk sveitarfélags?

Íbúar sveitarfélaga, sem geta ekki sinnt verkefnum sínum sjálf, eru í raun sviptir þeim lýðræðislega rétti að hafa áhrif á útfærslu þeirrar þjónustu sem þeim ber að fá samkvæmt lögum.

Ég tel ástæðu til að nefna að við undirbúning frumvarpsins var skoðaður ítarlega sá möguleiki að skilgreina í lögunum lágmarkshlutverk sveitarfélags eingöngu út frá veitingu lágmarksþjónustu.

Niðurstaðan var sú að slík nálgun hefði getað skapað ranga hvata fyrir sveitarfélög til að halda úti óhagkvæmri þjónustu, sem þjónar ekki hagsmunum íbúanna, eingöngu til að uppfylla lagaskilyrði um tilvist sína.

Skýrasta dæmið um þetta væru hvatar til að starfrækja afar fámenna grunnskóla, jafnvel með einungis 1–2 nemendur, þar sem faglegt og félagslegt umhverfi barnanna væri ekki tryggt, í stað þess að leita hagkvæmari og betri lausna með sameiningu.

Sú leið að miða við ákveðinn lágmarksfjölda íbúa, með sérstökum undantekningum, því skynsamlegri leið til að skilgreina sveitarfélag en að skilgreina í lögum hvaða lágmarksþjónustu sveitarfélag verður að veita.

### Lágmarksfjöldi íbúa í sveitarfélagi

Ég tel mikilvægt að árétta að markmið laganna um að íbúafjöldi sveitarfélags verði ekki undir 1.000 stendur óbreytt, þó ákvæðið sem kynnt var í haust um að lögfesta lágmarksíbúafjölda við 250 sé ekki að finna í frumvarpinu.

Mér var ljóst að ákvæðið var umdeilt, sérstaklega að veita ráðherra heimild til að koma á sameiningum sveitarfélaga með færri en 250 íbúa.

Ég er enn þeirrar skoðunar að sveitarstjórnarstigið þarfnist breytinga, sveitarfélögin þurfa að verða stærri og öflugri til að geta sinnt þeim lögbundnu skyldum sem þeim er falið í lögum.

Ég hyggst því skipa þverpólitíska þingmannanefnd til að fjalla um sveitarstjórnarstigið og leiðir til að stuðla að framþróun sveitarfélagastigsins. Mikilvægt er að Alþingi fjalli um þetta mikilvæga mál, því hver annar ber ábyrgð á gangi mála og skipulagi hins opinbera í þingræðisríki?

Sé vilji nefndarinnar, og þar með þingsins, að stíga slík skref er ég og ráðuneyti mitt reiðubúin að vinna með þinginu að útfærslu lagaákvæða sem stuðla að því sameiginlega markmiði að sveitarstjórnarstigið þróist áfram í rétta átt.

Hér er til mikils að vinna fyrir íbúa landsins og gríðarlegt hagsmunamál fyrir landsbyggðina að þar séu öflug sveitarfélög, sem hafi burði til að sinna lögbundnum skyldum.

### Fjölkjarnasveitarfélög og heimastjórnir

Í ljósi þeirrar framtíðarsýnar sem ég hef farið hér yfir um að sveitarfélög verði öflugar einingar með marga byggðakjarna, tel ég grundvallaratriði að tryggja minni byggðarlögum vettvang og rödd innan stærri eininga.

Með það í huga óskaði ég eftir því að Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri rannsakaði tilraunaverkefni Múlaþings um heimastjórnir og reynsluna af því. Niðurstöður greiningarinnar voru skýrar. Helstu kostir heimastjórnakerfisins reyndust vera sú formfesta sem skapast hefur, skilgreind ábyrgð og völd, skýrt umboð fulltrúa og vel afmörkuð verkefni. Rannsóknin sýndi byggt á reynslunni að halda ætti áfram á sömu braut og almennt var mun meiri ánægja með heimastjórnir en t.d. hverfisráð, sem eru nefndir fyrir hluta sveitarfélags sem ekki hafa valdheimildir.

Frumvarpið tekur mið af þessum sjónarmiðum og er lagt til að hugtakið heimastjórn verði skilgreint í lögum ásamt þeim lágmarksvaldheimildum sem slíkar stjórnir þurfa að hafa, bæði til að einfalda sveitarfélögum að koma á fót heimastjórnum og festa í sessi skýra merkingu hugtaksins.

Jafnframt er lagt til nýtt ákvæði sem veitir íbúum í byggðakjörnum rétt til að krefjast þess að skipuð verði nefnd um málefni svæðisins, að uppfylltum skilyrðum um 250 íbúa lágmark og 10 km fjarlægð frá stærsta kjarna.

Það verður þó áfram í höndum sveitarstjórnar að ákveða valdheimildir slíkrar nefndar

### Öflug og sjálfbær sveitarfélög

Frumvarpið tekur á grunngerð sveitarstjórnarstigsins, fjármálum þess, samstarfsformum og lýðræðislegu aðhaldi með sveitarfélögum.

Allar þessar breytingar miða að einu og sama markmiði: Að styrkja sveitarstjórnarstigið.

Við erum að búa til öflugri og sjálfbærari einingar, tryggja að fjármálareglur styðji við sjálfbærni sveitarfélaga, tryggja að samvinna þeirra sé lýðræðisleg og auka traust íbúa á stjórnsýslunni.

Með frumvarpinu stígum við skref að nútímalegra og skilvirkara sveitarstjórnarstigi sem er betur í stakk búið til að takast á við verkefni framtíðarinnar, íbúum sínum til hagsbóta.

*Höfundur er innviðaráðherra.*




Kynntu þér húsabæklinginn okkar á www.akur.is og fáðu verðáætlun í húsið þitt

Trésmiðjan Akur

65 ára 1959-2024 Íslensk hönnun & framleiðsla

Smiðjuvellir 9 300 Akranes 430 6600 akur@akur.is

AKURSHÚS

Fljótlegur og hagkvæmur kostur

Íbúðar- og frístundahús afhent óuppsett í einingum eða uppsett á byggingarstað - allt eftir þínum óskum





## Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

RANGÁRÞING EYSTRA

*Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt eftirfarandi skipulagslýsing að deiliskipulagi:*

**Breytt vegtenging við Suðurlandsveg NV Hvolsvallar – Deiliskipulagslýsing**
Um er að ræða deiliskipulagslýsingu sem tekur til breyttrar aðkomu Sólheima, L164188, Kornvalla, L164171 og Öldugarðs, L164463.
Núverandi aðkomur eru frá Suðurlandsvegi og mæta ekki kröfum Vegagerðarinnar.
Deiliskipulagslýsingin gerir ráð fyrir að ný aðkoma verði tengd við Ofanbyggðarveg.

Ofangreinda lýsingu er hægt að kynna sér á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt HMS og á viðtalstíma hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli.

Umsagnar- og athugasemdarfrestur lýsingarinnar er frá **11. maí til og með 8. júní 2026.**
Athugasemdum skal skila skriflega í gegnum Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

*Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi:*

**Miðtún – Nýtt deiliskipulag**
Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir nýjum byggingarreit við Miðtún, L164184.
Heimilt verður að byggja allt að 350 m² íbúðarhús með sambyggðum bílskúr, 250 m² skemmu, 100 m² gróðurhús og tvö 100 m² gestahús.

Ofangreinda tillögu er hægt að kynna sér á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt HMS og á viðtalstíma hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli.

Umsagnar- og athugasemdarfrestur lýsingarinnar er frá **13. maí til og með 25. júní 2026.**
Athugasemdum skal skila skriflega í gegnum Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra
**Þóra Björg Ragnarsdóttir**
**Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs Rangárþings eystra**










Lífrænt hreinsivirki!

NÚTÍMA ROTÞRÓ

- Fyrir sumarhús, heilsárshús, hótel o.fl.
- Yfir 90% hreinsun – hreinsigeta PIA vottuð
- 3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn
- Engar siturlagnir – fyrirferðarlítil
- 10 ára reynsla á Íslandi
- Þýsk gæði – CE merkt
- Stærðir 2-600 persónueiningar
- Tankar fyrir háa vatnsstöðu

HVAMMSHÓLAR

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI +354 660 4085 SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

# Hjörtun sem slá í Garðyrkjuskólanum


Bryndís Björk Reynisdóttir.

Nokkuð hefur borið á fréttum um dapurt ástand á hluta skólabygginga Garðyrkjuskólans á Reykjum og fækkun starfsfólks vegna fjárskorts. Sú umræða má hins vegar ekki skyggja á það starf sem fer fram, í eina skóla landsins sem menntar garðyrkjufólk, því mikill metnaður starfsmanna, sem býr yfir áratuga reynslu og þekkingu, er að skila faglegum, fróðum og vel undirbúnum einstaklingum út í stéttina. Að því sögðu er enginn betur til þess fallinn að ræða starfið en hjörtun sem slá í Garðyrkjuskólanum eða þeir nemendur sem hafa setið á skólabekk undanfarin ár og eru við það að útskrifast eða þegar komnir út á vinnumarkaðinn í sínu fagi.

Til að veita lesendum innsýn í starfsemi Garðyrkjuskólans voru nokkrir núverandi og fyrrverandi nemendur spurðir út í reynslu þeirra af náminu og hvaða áhrif það hafði á þá einstaklinga, faglega og persónulega.

**Árný Guðfinnsdóttir** var fjarnemi á skrúðgarðyrkjubraut og eftir útskrift árið 2024 skráði hún sig í kjölfarið á braut skógar og náttúru. Í dag starfar hún sem garðyrkjustjóri Hveragerðisbæjar en í náminu lærði hún flest það sem viðkemur umhirðu trjáa og runna, grænna svæða, fjölærra plantna og sumarblóma ásamt „gráa“ hlutanum sem samanstóð af hellulögnum og hleðslum sem og umhirðu þeirra. Námið var mjög gefandi og ýtti henni út fyrir þægindarammann sem jók sjálfstraustið verulega. Það sem hjálpaði til var hvatning frá kennurum og stuðningur frá samnemendum. Að hennar mati var verklegi hluti námsins skemmtilegastur þar sem nemendum er ekki hlíft og þeim er leyft að gera mistök sem hægt er að draga lærdóm af.

Það sem kom Árnýju mest á óvart var hversu mikla og djúpa innsýn námið veitti og að uppgötva styrkleika sína. Eftirminnilegt er hversu mikil áhersla er lögð á að nemendur útskrifist úr skólanum sem fagmenn og hagi vinnubrögðum sem slíkir.

Nemendahópurinn varð mjög samrýndur og er enn, en tengslamyndun innan greinarinnar er gífurlega mikilvæg. Nemendaráð skipuleggur viðburði og tengir nemendur saman. Hún segir kennara yndislega og þeir séu mjög greiðviknir.


Árný Guðfinnsdóttir.

**Ísak Karel Viðarsson** er staðarnemi sem stefnir á útskrift í vor 2026 sem skógtæknir og garðyrkjufræðingur af braut skógar og náttúru. Hann hefur starfað í greininni undanfarin ár og vegna áhuga langaði hann að auka hæfni sína með því að skrá sig í nám í Garðyrkjuskólanum. Eftir tveggja ára nám stendur upp úr hjá honum hversu dýrmæt verklega kennslan og verklegar æfingar voru. Að ná að samþætta bóklegt og verklegt nám veitir gífurlega mikla dýpt þekkingarlega séð og eykur sjálfstraustið þegar komið er út í atvinnulífið.

Honum fannst námið fjölbreytt, fróðlegt og skemmtilegt og kom virkilega á óvart hversu mikinn áhuga námið náði að vekja á málefnum sem voru áður utan hans áhugasviðs. Góð tenging í geirann og atvinnulífið hafi myndast og kemur það til með að nýtast honum í framtíðinni. Atvinnumöguleikarnir sem skógtæknir og garðyrkjufræðingur og má meðal annars nefna störf hjá skógræktarfélögum og ríkinu, sjálfstæður verktaki og við úrvinnslu afurða. Félagsskapurinn var samsettur af fjölbreyttu og skemmtilegu fólki sem hefur sama áhugasvið og mismunandi lífs- og starfsreynslu en hefði viljað sjá fleiri í staðarnámi.

**Ingólfur Þór Jónsson** hóf nám við skrúðgarðyrkjubraut í staðarnámi árið 2024 til að öðlast meiri þekkingu á því sem hann hefur verið að vinna við hingað til og til að vera sterkari á atvinnumarkaði. Námið hefur verið fjölbreytt og skemmtilegt og mun umfangsmeira en starfið sem hann hefur verið í. Það sem honum finnst best við námið er að það er alltaf eitthvað nýtt að læra. Í skólanum er skemmtilegt fólk og góð tenging myndast við aðila í námi og faginu víðs vegar um landið. Hann hafði gert sér ákveðnar hugmyndir um námið en það kom honum virkilega á óvart hversu fræðilegt og djúpt námið er og hversu áhugaverður „græni“ hluti námsins er.

Eftir námið upplifir hann sig öruggari við að taka sjálfstæðar ákvarðanir en finnst þó alltaf eins og hann sé að læra meira og meira. Tenging sem myndast hefur á milli fólksins í skólanum er traust en hann nefnir, eins og Ísak, að meiri stemning hefði verið ef fleiri nemendur hefðu verið í staðarnámi. Hann sér atvinnumöguleika í umhirðu og hellulögnum hjá einkafyrirtækjum og sveitarfélögum sem og möguleika á verktöku á eigin vegum.


Tinna Bjarnadóttir.


Gunnar Þorbjörnsson.


Jóhanna Íris Hjaltadóttir.


Ingólfur Þór Jónsson.

**Elínborg Erla Ásgeirsdóttir** rekur eigin garðyrkjustöð í dag en hún skráði sig í nám sem leggur áherslu á ræktun matjurta með lífrænum aðferðum. Þá hafði hún fest kaup á jörð í sinni heimasveit þar sem hún hugðist byggja upp starfsemi byggðri á lífrænni grænmetisræktun. Hún getur heilshugar mælt með náminu þar sem það sé vel úthugsað varðandi innihald og framsetningu. Námið og samfélagið tengt skólanum veitti henni þekkingu og sjálfstraust til að stofna eigið fyrirtæki þó svo nauðsynlegt sé að fylgjast með framþróun.

Það sem kom Elínborgu helst á óvart var hversu fjölbreytt garðyrkja getur verið og hversu víða við hún kemur, allt frá hönnunarverkefnum til matvælaframleiðslu.

Starfsemi og þekking lífræns bónda er mikilvæg þegar kemur að sjálfbærri matvælaframleiðslu, loftslagsmálum og matvælaöryggi en eins getur þekkingin reynst verðmæt fyrir sveitarfélög, fyrirtæki og aðra sem höndla með lífrænan úrgang. Henni þykir augljóst að mikil vinna hafi verði lögð í að móta námið að þörfum atvinnulífsins enda gífurlega mikilvægt fyrir nýliðun í greininni og að garðyrkja sé stunduð af fagmennsku.

Hún segir að námið sé ákaflega gagnlegt en félagsskapurinn og tengslanetið sé ekki síður verðmætt. Hún hvetur alla sem áhugasamir eru um garðyrkju að sækja um skólavist og ábyrgist gagn og gaman.

**Tinna Bjarnadóttir** lærði blómaskreytingar í Garðyrkjuskólanum og fékk hún afhent hvatningarverðlaun garðyrkjunnar árið 2026. Tinna er eigandi 1905 Blómahúss á Selfossi og sérhæfir sig í blómaskreytingum hvers konar. Á blómaskreytingarbraut eru kenndar uppbyggingar skreytinga og blómvanda frá grunni þannig að blómin nýtist og endist sem best ásamt því að farið er yfir helstu stíla, tækni og efnivið í blómaskreytingar.

Það sem Tinnu fannst skemmtilegast var að vera í félagsskap fólks sem hafði sömu ástríðu og hún, skiptast á hugmyndum og læra hvert af öðru með aðgengi að hráefni í bakgarði skólans. Frelsi og svigrúm til sköpunar gerði hana að sterkari blómalistamanni fyrir vikið.

Námið undirbýr einstaklinga vel undir atvinnulífið, hver sem starfsvettvangurinn er. Tæknileg atriði sem mikilvæg eru við gerð skreytinga og mjög góð þekking á efninu sem blómaskreytar vinna með er dýrmætur grunnur.

Samfélagið á Reykjum er sterkt, öflugt nemendafélagsstarf sem gefur mikið af sér og tækifæri sem birtast í ferðum og verkefnum með samnemendum.

**Jóhanna Íris Hjaltadóttir** er nemandi á skrúðgarðyrkjubraut en hefur þegar lokið námi á garð- og skógarplöntubraut. Hún segist brenna af áhuga fyrir garðyrkju og ræktun og upplifði sig því „komna heim“ í samfélaginu sem Garðyrkjuskólinn samanstendur af. Hún finnur fyrir valdeflingu, auknu sjálfstrausti ásamt viðamikilli færni eftir námið.

Námið segir hún faglegt þar sem afburðakennarar miðla þekkingu og reynslu til nemenda. Fræðin séu mun meiri en hún gerði sér grein fyrir. En það sem stendur upp úr séu námsferðirnar.

Stærsti og besti parturinn sé þó tengingin sem myndast milli nemenda, starfsfólks og fagfólks innan greinarinnar.

**Gunnar Þorbjörnsson** útskrifaðist 2024 sem ylræktarfræðingur frá Garðyrkjuskólanum og starfar í faginu í dag. Það sem heillaði hann við ylræktarbrautina var að geta unnið í hlýju og björtu umhverfi við garðyrkju allt árið um kring. Námið var fjölbreytt og krefjandi á jákvæðan hátt en samanstóð ekki bara af ræktun heldur grunni í jarðvegs-, plöntulífeðlis- og grasafræði ásamt næringarþörf plantna. Nemendur fá góða innsýn í tækni og búnað sem notaður er í ylrækt.

Gunnar var í staðarnámi og fannst flestir áfangarnir mjög skemmtilegir en það sem stóð upp úr voru verklegu æfingarnar þar sem hann náði að tengja bóklegu og verklegu hlutina saman. Fjölbreytni námsins kom honum á óvart þar sem hann var ekki eingöngu að læra að hámarka uppskeru í gróðurhúsum heldur einnig að öðlast betri skilning á náttúrunni og nærumhverfinu.

Eftir námið öðlaðist hann meira sjálfstæði, sjálfsöryggi og færni í verkum. Einnig jókst gagnrýnin hugsun og metnaður til að skila af sér vönduðu verki. Nemendur tókust á við raunveruleg verkefni í skólanum og heimsóknir í garðyrkjustöðvar gáfu honum góða innsýn og skilning á faginu.

Góð vinátta hefur skapast á milli nemenda þvert á brautir eftir veruna í Garðyrkjuskólanum.

*Höfundur er brautarstjóri garðyrkjuframleiðslu Garðyrkjuskólans á Reykjum FSu.*




# Landbúnaður og lífskraftur Grafnings


Friðrik Guðmundsson.

Ég flutti í samfélagið í Grímsnes- og Grafningshreppi fyrir rúmum tíu árum, á uppvaxtarbæ eiginkonu minnar í Grafningi. Lífið í þessum hluta hreppsins er hægara og rólegra en víða annars staðar, sem skapar einstök lífsgæði. Þótt þessi hluti sveitarfélagsins standi stundum utan við uppbyggingu og erli nágrannasvæða felast í því jafnframt verðmæt tækifæri til að varðveita sérstöðu svæðisins og efla samhug íbúa. Grafningur einkennist af stórum bújörðum, víðfeðmu dreifbýli og miklum möguleikum til framtíðaruppbyggingar.

Betri stuðningur við bændur og aðra sem vilja stunda búskap á svæðinu er lykilatriði, enda er landbúnaður undirstaða byggðar, atvinnu og menningar í héraðinu. Með markvissum aðgerðum og auknum skilningi stjórnvalda má tryggja að greinin dafni áfram. Einfaldara regluverk og stuðningur sem tekur mið af sérstöðu dreifðra byggða getur skapað betri rekstrarskilyrði og hvatt til nýliðunar.

Jafnframt þarf að tryggja íbúum gott aðgengi að nauðsynlegri innviðaþjónustu, svo sem öruggum samgöngum, áreiðanlegum veitum og skýru skipulagi. Úrbætur í veitumálum skipta þar miklu, sérstaklega á köldum svæðum, og fela jafnframt í sér tækifæri til að nýta umhverfisvænar orkulausnir. Með því að styðja íbúa við innleiðingu sjálfbærra orkugjafa getur samfélagið orðið leiðandi í grænum lausnum.

### Innviðir og þarfagreining dreifbýlisins

Dreifðari byggðir verða oftar en ekki út undan í uppbyggingu. Þeir sem kjósa að byggja afkomu sína áfram á hefðbundnum landbúnaði finna sér ekki alltaf hillu í núverandi þróun. Það hlýtur að vera markmið sveitarfélagsins að sameina þessa þætti í byggðaþróun framtíðarinnar. Hefðbundinn landbúnaður þarf að geta þróast og þrifist samhliða nýlundu í nýtingu bújarða, þar sem nýsköpun, fjölbreytt landnýting og virðing fyrir umhverfinu fara saman. Með því móti má skapa öflugt og sjálfbært samfélag til framtíðar.

En án góðra samgangna þrífst ekki landbúnaður. Þetta má heimfæra á Grafning. Neðri Grafningur hefur því miður dottið út af vegaáætlun, sem kallar á tafarlausar úrbætur. Umferð um svæðið hefur aukist verulega á síðustu árum, meðal annars vegna ferðamannaumferðar á þröngum og viðkvæmum vegum. Vegurinn er víða aðeins um ein og hálf akreinarbreidd, auk þess sem þungaflutningar auka álag og slysahættu. Með markvissum úrbótum, reglulegu viðhaldi og skýrari merkingum má stórbæta öryggi og samgöngur.

### Atvinnusköpun og jafnvægi í uppbyggingu

Of stór hluti tíma, athygli og fjármagns fer oft í uppbyggingu þéttbýlis, á meðan tækifæri í dreifbýli fá síður notið sín. Slíkt getur dregið úr þrótti þeirra svæða sem byggja á landbúnaði, ferðaþjónustu, smærri rekstri og annarri verðmætasköpun sem skiptir samfélagið miklu máli. Sveitarstjórn þarf að hlúa markvisst að atvinnusköpun á öllum svæðum hreppsins og skapa skilyrði fyrir fjölbreytt atvinnulíf.

Skýran vilja þarf til að taka tillit til breiðs hóps íbúa og þeirra ólíku atvinnuskapandi þátta sem samfélagið stendur á. Ákvarðanir um skipulag, innviði og fjárfestingar þurfa að endurspegla heildarhagsmuni sveitarfélagsins, ekki aðeins þar sem uppbygging er mest hverju sinni. Með auknu samráði og virku samtali við íbúa og atvinnurekendur má skapa sterkari stoðir undir atvinnulíf, fjölga tækifærum og efla byggð í öllum hlutum hreppsins.

*Höfundur er búsettur í Grímsnes- og Grafningshreppi.*


Vatnshitarar fyrir sumarhús



Ýmsar gerðir af vatnshiturum sem hita vatnið um leið og skrúfað er frá vatninu, spenna 230v til 400v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur.
Verð frá kr. 27.200.- til 262.000.-
Gólf / ofna hitakerfi frá kr. 240.000.-

Varmás
Markholt 2
Mosfellsbæ
sími 566 8144

GÁMATJÖLD
GÁMATJÖLD
EINFÖLD LEIÐ TIL AÐ AUKA PLÁSS



- Sterkt tjald sem festist á gáma
- Norsk uppskrift, þykkur dúkur og öflug grind
- CE og brunavottun
- Yfir 15 ára reynsla á Íslandi
- Festist á 20" eða 40 feta gáma
- Breidd á milli gáma 8, 10 eða 12 metrar
- Engin fasteignagjöld
- Tjöld vítt og breitt um landið
- Hægt að einangra
- Hægt að setja í glugga

Upplýsingar: gamatjold@gmail.com – 660 6707
Gámatjöld

Segðu **BLESS** við óværuna!




YKKAR
pest control
BANINN SEM VIRKAR
-fæst í öllum betri landbúnaðar- og byggingavöruverslunum

VATNSVIRKINN



LÍFRÆN SKOLP
HREINSISTÖÐ



- Stöðin kemur samsett og tilbúin til uppsetningar
- Hátt hreinsunarstig
- Lyktarlaus
- Einföld uppsetning
- Ekki þörf á siturlögnum
- Möguleiki á fjartengingu við upplýsingakerfi

vatnsvirkinn@vatnsvirkinn.is - Sími 510 1400 - www.vatnsvirkinn.is

Sagnaþáttur:

# Sumar, vetur, von og haust



Kristján B. Jónasson
kbjonasson@gmail.com

Það var á þessum tíma árs, rétt eftir sumarbyrjun, að horfellirinn lét harðast til skarar skríða. Heyin fyrir sauðféð uppurin, ekki tugga aflögu á næstu bæjum og blotinn sem vonast var eftir lét á sér standa – eða það sem verra var – hann snerist í norðanhríð og gadd og hélt sér þannig dögum, jafnvel vikum saman. Sumarið áður hafði verið óþurrkasamt og heyin sem þó náðust voru léleg; féð illa fóðrað eftir því. Kannski hafði strax í vetrarbyrjun tekið fyrir jörð og skepnurnar varla náð að kroppa neitt mánuðum saman. Nú réðist á næstu dögum hvernig færi. Myndi tíðin batna gæti þetta kannski blessast. Annars yrði einfaldlega að taka því sem að höndum bæri: fellinum.

Svo voru það hrossin. Stóðin gengu úti og fengu ekki tuggu. Það var samt ótrúlegt hve lengi hrossin gátu lengi þraukað á hólum og börðum sem stóðu upp úr hjaranum. Gömlu mennirnir sem höfðu lifað ótal svona vor kunnu ráð til að láta þau tóra á nánast engu. Aðalatriðið var víst að láta þau ekki leggjast. Um leið og þau lögðust var allt búið. Það þurfti að nudda við þeim, fá þau á lappir og þannig gat þetta kannski blessast þessa daga fram að blota og fyrstu grösum. Svo komu tímar þegar það var ekki einu sinni nóg. Sigurður Jónsson á Brún segir frá því í ættarsögu hrossanna frá Stafni í Svartárdal í Austur-Húnavatnssýslu að Jón Gunnarsson á Stafni hafi dáið Móðuharðindavorið 1784 „úr ófeiti" þótt hann hafi bæði átt jarðir og fé, en þá lifðu aðeins þrjú hross af miklu stóði hans. „Það var seigt í þeim," segir Sigurður því ekkert hafi verið gert til að gera þeim lífið léttara.



„Benedikt nefnir í þingræðu sinni að 100 fjár hafi drepist á Mývatnsöræfum þetta vor, að virðist gemlingar og geldfé sem hafði verið sleppt um sumarmál til að létta á fóðrunum á bæjunum."

### Hvað heitir hordauðinn?

Þessum dapurlegu vorverkum fylgdi orðaforði sem engum er lengur tamur. Orð eins og „fariskinn": húðir af hordauðum skepnum, notaðar í ýmislegt smálegt eins og bryddingar á skó. Horskrokkarnir hétu svo „farihræ" og til er ágætur frasi úr málsháttasafni Guðmundar Ólafssonar sem um miðja 17. öld dundaði sér úti í Svíþjóð við að tína saman visku alþýðunnar heima: Ei falla hrafnar af farihræi. Eymdin mátti vera mikil svo hrafninn þraukaði ekki.

Eitt orðið enn var lýsingarorðið „reisa". Skepnurnar, bæði hross og sauðfé, voru reisa, sagði fólk. Í fjórða bindi Höllu og heiðarbýlisins, skáldsögu Jóns Trausta, talar hann um að „reistir gemlingar" liggi á báðar hendur þegar nálgast er kotin í heiðinni; þar var sum sé á ferð hordautt fé.

Og svo var það „horlopinn". Skepnurnar fengu bjúg af næringarskorti sem kom skýrast fram þegar þær komust í fyrstu grös. Hann sást á kindum eins og þær hefðu fengið hes, húðin slapti á kjálkum og hálsi. Horlopinn birtist áþekkt í hrossum en líka þannig að þau sýndust fremur pattaraleg, vatn safnaðist í vefina og þótt þau væru við dauðans dyr virtust þau í góðum holdum, séð úr fjarska. Annað kom svo á daginn ef tekið var á þeim.

Horplopinn gat líka lagst á fólk. Þeir kölluðu það líka „vatnlopa", annað orð yfir bjúginn sem núna er svo mikið í tísku og allir segjast vera að vinna á bug. En nú er bjúgurinn venjulega eitthvað sem tengist of miklu áti. Sú var tíð að bjúgurinn birtist þegar fólk hafði ekki étið neitt og líkaminn hafði gjöreytt öllum fituforða sínum. Þá fór skrokkurinn að ganga á prótínið svo vökvi myndaðist milli frumna og hinn ófeiti líkt og blés upp. Þegar þetta gerist hefur líkaminn sóað algerlega snefilefninu kalín svo fólk verður máttlaust og slappt og það verkjar í fætur og liði. Sama gildir um skepnur. Þess vegna skipti svo miklu að ganga í hagann og stjaka við horlopa útigönguhrossunum svo þau stæðu í lappirnar.

### Forðagæsla

Þegar Alþingi kom saman sumarið 1897 steig Benedikt Sveinsson, þá þingmaður Norður-Þingeyinga, í pontu í neðri deild þingsins og greindi frá því að þá um vorið hefði fé fallið úr hor á Norðurlandi. Þótt ekki væru allir sammála honum um alvarleika horfellisins var ástandið þetta vor greinilega vont. Blöðin greina frá norðanáhlaupi í byrjun maí 1897 sem kom ofan á heyleysi og langvinn jarðbönn. Í Steingrímsfirði á Ströndum tók fyrir jörð strax eftir fyrsta vetrardag og menn voru algerlega heylausir þegar áhlaupið kom um vorið. Vondar fréttir bárust einnig frá Dalasýslu. Þar voru bændur heylausir og hræddust hvað tæki við í kjölfarið á vonda veðrinu. Benedikt nefnir í þingræðu sinni að 100 fjár hafi drepist á Mývatnsöræfum þetta vor, að virðist gemlingar og geldfé sem hafði verið sleppt um sumarmál til að létta á fóðrunum á bæjunum. Ekki beint horfellir þar á ferð, en dæmi um þann skaða sem áhlaupið hafði valdið.

Þingið ræddi þá landbúnaðarmál einu sinni sem oftar. Umræðuefnið var meðal annars endurskoðun á eldri lögum um forðagæslu, orð sem þá var raunar ekki komið inn í lagamálið því enn hétu lögin „horfellislög".

Þessi lög höfðu tekið gildi 1884 og í þeim fólst að horfellir og ill fóðrun voru gerð saknæm. Sá bóndi sem staðinn var að því að drepa skepnur úr hor eða eiga svo lítil hey að horfellir blasti við skyldi greiða allt að 20 krónur í sekt til sveitarsjóðs. Átti það að vera verk hreppstjóra að fylgjast með slíku. Á þessari eftirlitsskyldu var síðan hnykkt þegar lögunum var breytt árið 1897. Skyldi nú hreppstjóri tilnefna tvo menn, sem farið var að nefna forðagæslumenn, og skyldu þeir rannsaka ástand á skepnum á bæjum í hreppnum og beina því til bænda að skera niður ef í óefni stefndi. En fyrst og síðast bar yfirvaldinu í hverjum hreppi að brýna fyrir bændum að setja skynsamlega á, gæta þess að eiga næg hey á haustin fyrir skepnurnar og vera undir veturinn og hugsanlega hart vor búnir.

Eins og sést af nefndaráliti neðri deildar þingsins í aðdraganda lagasetningarinnar 1884 voru lögin ekki sett af praktískum ástæðum fyrst og síðast, heldur siðferðilegum. Markmiðið var „að glæða og efla siðferðislega meðvitund og siðferðislegan kraft landsbúa og meðvitund um helgi skepnanna og þann hag, sem það veitir að fara vel með þær", rita nefndarmenn, þar á meðal fyrrnefndur Benedikt Sveinsson. Andi dýraverndar fór um samfélagið og þrátt fyrir að níundi áratugur 19. aldar hefði boðið upp á mörg hörð vor fannst þingmönnum samt ástæða til að láta þau ekki verða til þess að horft væri í gegnum fingur sér með að láta skepnur horfalla. Á næstu áratugum gengu forðagæslumenn í hreppum landsins heim á bæi á vorin og kíktu eftir því hvernig ástandið var, því áfram komu hörð vor og norðanáhlaup sama hvað eftirlitinu leið.

### Heimspeki gemlinganna

Það var á einu þessara hörðu vora upp úr aldamótunum 1900 sem Jóhannes Kristjánsson á Krossi í Óslandshlíð í Skagafirði tók á móti forðagæslumönnum í Hofshreppi. Jói var þekktur fyrir snaggaraleg og hugvitssamleg tilsvör, hin sígildu vopn alþýðumannsins í stríði hans við andstæð öfl samfélags og náttúru. Þetta var á hörðu vori, haglaust og heyin voru búin. Forðagæslumenn gengu í húsin og litu eftir og sannast best sagna hafði stabbinn minnkað svo að gjöfin myndi varla endast lengi, en fullorðnu kindurnar höfðu þó einhver strá að kroppa í.

Litið var til með hrútunum og eitthvað höfðu þeir látið á sjá blessaðir en stóðu þó allir uppi. Hins vegar var það ekki raunin þegar farið var í kofann til gemlinganna. Þegar forðagæslumenn opnuðu inn í króna lágu þeir allir, reistu ekki einu sinni haus. Kom nú svipur á menn en þeir spurðu Jóa þó í fullri kurteisi hvað hér væri á ferð. „Blessaðir gemlingarnir. Þeim finnst svo gott að liggja og spegúlera," sagði Jóhann.

Tveimur dögum síðar hlánaði og með það voru gemlingarnir dregnir út. Eins og títt er um fé sem kemst í fyrstu grös eftir langvarandi hor sást á þeim horlopinn en reistir voru þeir ekki.

## Leiðrétting

Í síðasta sagnaþætti misritaðist því miður bæjarnafnið Suður-Vík í Mýrdal. Bærinn heitir svo en ekki Syðri-Vík. Lesendur eru beðnir velvirðingar á mistökunum.


# Kjósahreppur
## Skipulagsauglýsing

*Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:*

**1. Deiliskipulag íbúðabyggðar í landi Álfakots L224886**
Tillagan nær til 7,9 ha svæðis og gerir ráð fyrir sex nýjum íbúðarlóðum. Austanmegin á landinu er nú þegar íbúðarhús og hlaða sem tilheyra upprunalandi og verða á lóð númer 1.

*Samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar eftirfarandi breytingar á deiliskipulögum*

**2. Deiliskipulag Eyjar 1**
Breytingin felur í sér stækkun lóðarinnar Eyjatún 27, ásamt stækkun byggingarreits.
Það land sem lagt er til við lóðina kemur úr jörðinni Eyjum I. Núverandi stærð lóðarinnar er 1.512 m² en samkvæmt fyrirliggjandi tillögu verður hún 15.218,9 m².

**3. Deiliskipulag í landi Eyja svæði A**
Breytingin fjallar um sameiningu lóða Eyjavíkur 6, 12 og 16 Skráð stærð Eyjavíkur 6 er 2.300 m², Eyjavík 12 er skráð 1.400 m², en engin stærð er skráð fyrir Eyjavík 16.
Samkvæmt fyrirliggjandi hnitsetningu verður sameinuð lóð 5.767,9 m².

**4. Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Brekkna**
Í breytingunni felst að skilgreindur er nýr byggingarreitur fyrir aukahús (bílskúr) á lóð nr. 8. Jafnframt er hámarksbyggingarmagn á lóðinni aukið úr 69 m² í 140 m².
Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu Kjósarhrepps, Ásgarði, á skrifstofutíma sveitarfélagsins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.kjos.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Mál 1. er í auglýsingu frá 11. maí 2026 með athugasemdarfresti til og með 22. júní 2026.
Mál 2-4 eru í kynningu frá 11. maí 2026 með athugasemdarfresti til og með 8. maí 2026.

Virðingarfyllst,
Skipulagsfulltrúi Kjósarhrepps

# Vísnahornið

**Jósep Húnfjörð** var vel þekktur á sinni tíð, hér lýsir hann vori:

*Anga viðir, brosa blóm,*
*blær í laufi þýtur.*
*Ljúft er að hlusta á lóuhljóm,*
*lífið söngsins nýtur.*

**Ívar Björnsson** frá Steðja í Flókadal orti þessar næstu tvær sem lausar eru við alla kerskni og hégóma:

*Svefns og drauma sæluhlýja*
*seiðimögnuð hrífur þá,*
*sem í vöku verða að flýja*
*veruleika sínum frá.*

*Angurværi óðurinn,*
*er mér kær og góður.*
*Hljómgrunn fær þar muni minn*
*með og bærist hljóður.*

Heldur kveður við annan tón í næstu vísu, sem sagt er að **Þorsteinn frá Gilhaga** hafi ort í stríðni til konu sinnar:

*Anna mín er leiðinleg,*
*lumpin mjög og gæðatreg.*
*Gjálífis hún gekk á veg,*
*og glæptist enginn nema ég.*

Fyrir hönd stúlku orti Þorsteinn þessa vísu, á ástandsárunum:

*Áður var ég engum háð,*
*æskurjóð og fögur.*
*Nú er ég orðin Bretabráð*
*barnshafandi og mögur.*

Sagt er þessa vísu hafi ort **Gísli Konráðsson**, um Skagfirðing sem var á leið í ver og gisti eina nótt á Óspakseyri við Hrútafjörð, en barnaði í ógáti vinnukonu þar á bæ:

*Á Óspaksstöðum át hann ket,*
*óspakur að neðan.*
*Óspakur í óspaks- lét*
*-akurinn - sinn á meðan.*

Þessa vísu orti **Ingibjörg Sigfúsdóttir** sem fædd var 1909 að Forsæludal í Vatnsdal. Eitthvað hefur hún talið að skorti upp á kveðskapinn á sinni tíð:

*Nú má kaupa þessi þjóð,*
*þrykkt og gyllt í sniðum,*
*í gerviskinni gerviljóð*
*af gerviljóðasmiðum.*

**Skáld-Rósa** hlýtur að hafa ort þessa vísu að vorlagi, kannski á fardögum, þegar hún hefur kvatt sína æskuslóð. En hún mun hafa fæðst í Hörgárdal:

*Bestan veit ég blóma þinn*
*blíðu innst í reitum;*
*far vel Eyjafjörður minn*
*fegri öllum sveitum.*

Vel má vera að einhverjir sjái í þessum vísum Rósu tvíræðni, en aðrir fegurð:

*Birtstu fljótt við bæinn minn,*
*bjarta nótt með vorilminn,*
*andans þrótt og unaðinn*
*oft ég sótti á fundinn þinn.*

*Vektu líf í vonasal*
*vektu líf um hæð og dal*
*vektu líf hjá vífi og hal*
*vektu líf, er blessast skal.*

*Umsjón: Magnús Halldórsson*
*mhalldorsson0610@gmail.com*


CONSENSA
INNKAUPAÞJÓNUSTA
Við veitum viðskiptavinum okkar innkauparáðgjöf og innkaupaþjónustu og tökum að okkur framkvæmd útboða, óháð tegund innkaupa
• • •
www.consensa.is - consensa@consensa.is




SAGTÆKNI EHF
GÆÐI – ÞEKKING – ÞJÓNUSTA




VIÐ SÉRHÆFUM OKKUR Í:
- Steypusögun
- Kjarnaborun (stór og lítil göt)
- Múrbrot og niðurrif
- Hurða- og gluggagöt
- Stálbitauppsetning
- Burðarþolsstyrkingar
- Fjarlægum skorsteina

38 ÁRA REYNSLA

HAFÐU SAMBAND Í DAG!

Sími: 567 4262 - sagtaekni@sagtaekni.is - sagtaekni.is - Bæjarflöt 8e, Reykjavík

Rafmögnuð gæði þegar mest á reynir




Öruggt varaafl skiptir sköpum í nútíma landbúnaði

AJ Power býður öflugar og áreiðanlegar rafstöðvar sem henta íslenskum aðstæðum og krefjandi rekstri í landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði.

Öruggur rekstur með AJ Power.

Hafðu samband við **Sigurð Vilhjálmsson** í **825 5792** eða **sv@klettur.is** og fáðu ráðgjöf um rafstöð sem hentar þínum rekstri.

KLETTUR

www.klettur.is — 590 5100




Berðu saman verðin
áður en þú festir kaup annars staðar.
Það á eftir að koma þér skemmtilega á óvart!

Fast Parts ehf.
Sími: 788 8893
Email: pantanir@fastparts.is
www.shop.fastparts.is

FAST PARTS

# Mennska skáldsins sigrar

**Hrifla** | **Þröstur Helgason**
throstur@bondi.is

„Það sem er svo hræðilegt við þennan sjúkdóm, þunglyndi og yfirgnæfandi kvíða, er að hann er ósýnilegur,“ segir Gyrðir Elíasson í nýrri bók sinni, Ótíð í víti, og hann bætir við að þessi sjúkdómur sé ekki bara ósýnilegur „þeim sem horfa á manneskjuna úti á götu eða annars staðar þar sem þeir hitta hana, heldur er hann líka ósýnilegur þeim nútíma vísindum sem reyna að skyggnast sem dýpst inn í alla líkamsvefi til að finna hvað sé að“.

Þannig hefur þetta auðvitað lengi verið. Ef marka má Gyrði gengur læknavísindunum ekki nægilega vel að greina veikindi af þessu tagi og finna lækningu. Og raunar er bók hans að nokkrum hluta ansi hörð gagnrýni á þá sem meðhöndla geðsjúkdóma í heilbrigðiskerfinu. Læknar og sálfræðingar virðast til dæmis ekki bara eiga erfitt með að sjá það sem að er heldur eiga þeir líka bágt með að hlusta á sjúklinginn og heyra hvað hann segir. Þegar átt er við ósýnilega sjúkdóma mætti ætla að hlustun skipti meira máli og jafnvel öllu.


„Þetta hófst allt með Vilhelm Moberg,“ segir Gyrðir í fyrstu málsgrein bókarinnar.
Mynd / Nökkvi Elíasson.

### Að kæla sig út úr veröldinni

Undirtitill bókarinnar er Lífsreynslusaga og sú reynsla sem Gyrðir lýsir er á margan hátt átakanleg. Hann hlífir sér hvergi þar sem hann lýsir vanlíðan sem leiðir til þess að hann reynir þrívegis að svipta sig lífi árið 2022, fyrst þar sem hann gengur út í Miðnesheiðina með það að markmiði að verða úti, kæla sig út úr veröldinni eins og hann kallar það sjálfur.

Inn í vanlíðan hans fléttast inntaka á hjartalyfjum, sem sjúklingnum finnst alls ekki henta sér þótt lítið sé hlustað á það, og svo inntaka á skáldskap sem sjúklingnum finnst eiga upptökin að veikindum sínum. „Þetta hófst allt með Vilhelm Moberg,“ segir í fyrstu málsgrein bókarinnar. Gyrðir var nefnilega að hlusta á Vesturfarana, sögu Mobergs um fólk sem fluttist búferlum frá Svíþjóð og vestur um haf á miðri nítjándu öld og bjó þar við erfiðar aðstæður í ókunnugum og að mörgu leyti fjandsamlegum heimi.

Sjónvarpsþættir, sem gerðir voru eftir bókum Mobergs og sýndir voru í Ríkissjónvarpinu þegar Gyrðir var barn, segir hann að hafi „ýtt undir taugaveiklunareinkenni sem [hann] varð gripinn strax í bernsku“. En Gyrðir gerir sér samt ekki grein fyrir því þegar hann hlustar á upplestur á verkinu í aðdraganda veikinda sinna að hann var „að sigla inn í einhverja skelfilegustu bók sem nokkurntíma hefur verið skrifuð“, eins og hann segir, og að hún væri háskaleg fyrir sig.

Úr verður æsileg frásögn af því hvernig skáldskapur Mobergs og veruleiki Gyrðis fléttast saman. Mörkin þar á milli virðast þurrkast út þegar tilviljanir taka að fá óvænta merkingu. Þetta er snemma bókar og lesandanum finnst eins og hann viti hvað hann eigi í vændum enda skáldskapur Gyrðis oft og tíðum leikandi á óljósum mörkum. En síðan tekur frásögnin á rás inn í harðsvíraðan veruleika hins þunglynda og kvíðafulla höfundar.

### Hin harða glíma

Geðsúkdómar eru ósýnilegir, eins og Gyrðir bendir á, en bækur eins og þessi gera þá sýnilegri. Óhætt er að halda því fram að Gyrðir vinni ákveðið afrek með Ótíð í víti. Bókin veitir lesendum innsýn inn í heim sem fæstir hafa aðgang að. Og það er ekki hægt að gera nema skrifa texta sem opnar lesendum dyr inn í innstu króka sálar og einkalífs. Til þess þarf hugrekki, einbeitta og afdráttarlausa einlægni, andlegan þrótt og aga.




Bókin minnir að ýmsu leyti á Darkness Visible: A Memoir of Madness (Sýnilegt myrkur: Frásögn um vitfirringu í íslenskri þýðingu, 2010) eftir bandaríska rithöfundinn William Styron sem kom út árið 1990 og vakti gríðarlega athygli. Þessa bók nefnir Gyrðir í bók sinni ásamt ýmsum öðrum sem skrifaðar hafa verið um geðsjúkdóma. Í bókinni lýsir Styron eigin reynslu af djúpu og lífshættulegu þunglyndi sem náði hámarki árið 1985 þegar hann var sextugur og á hátindi ferils síns. Bókin byrjar einmitt í París þar sem hann sækir viðurkenningu fyrir ævistarf sitt en fær á sama tíma að reyna hratt versnandi andlegt ástand. Hann gerir skýran greinarmun á hversdagslegri depurð og þunglyndi í bókinni en sjúkdómnum lýsir hann með sterku myndmáli eins og því sem finna má í titli bókarinnar. Hann er sóttur til Miltons og vísar til myrkurs sem er alltumlykjandi og áþreifanlegt tilvistarlegt ástand.

Það sem bækurnar eiga einkum sameiginlegt er lýsingin á hinni hörðu glímu við þunglyndi og kvíða, reynslunni af misjöfnum heilbrigðisstofnunum og læknum. Báðir reyna höfundarnir að skilja hvað það er sem sækir á þá en Styron gengur lengra í því að greina og skilgreina. Báðir standa þeir þó aflvana frammi fyrir veikindunum. Tilfinningin sem lesandinn fær í lok bókanna er sú að þótt þeir séu ekki sigraðir menn þá standi þeir frammi fyrir ofurefli.

### Von um betri tíð

Bókin á vafalítið eftir að hafa áhrif á umræðuna um geðsjúkdóma og það hvernig þeir eru meðhöndlaðir innan íslensks heilbrigðiskerfis. Bókin er að ýmsu leyti harður áfellisdómur um þetta kerfi. Gyrðir fer heldur ekkert í grafgötur með það að læknarnir sem hann hefur þurft að eiga við eru æði misjafnir. Margir þeirra virðast bugaðir af álagi og glíma við það með því að loka sjónum jafnt sem hlustum þegar þeir hitta sjúklinga. Í bókinni eru frásagnir sem hreinlega benda til þess að mennskuna skorti í þetta kerfi.

Bókin er vissulega átakanleg á köflum en Gyrðir grípur líka í húmorinn, jafnvel á augnablikum þar sem allt virðist svart. Og bókin endar í von. Eftir ferð ofan í dýpstu myrkur vítis horfir höfundur fram á veg með von um betri tíð. Mennska skáldsins sigrar að lokum.







Bændablaðið www.bbl.is



Langflestir gestanna sem skoða Landnáms- og Egilssýninguna eru erlendir ferðamenn. En þó koma við oft íslenskir skólahópar og fjölskyldur í heimsókn.

# Landnámssetrið 20 ára

**Miðvikudaginn 13. maí eru 20 ár liðin frá opnun Landnámssetursins í Borgarnesi og af því tilefni er íbúum Borgarbyggðar boðið í afmæliskaffi og köku frá kl. 15:30-17:30. Einnig gefst gestum kostur á að skoða sýningarnar um Landnámið og Egils sögu sér að kostnaðarlausu.**

Aðalflaggskip Landnámssetursins eru sýningarnar um landnámið og Egilssögu en við opnunina var einnig frumsýndur einleikur Benedikts Erlingssonar, Mr. Skallagrímsson, sem átti eftir að slá rækilega í gegn. Sýningarnar urðu hátt í 300 og Benedikt fékk Grímuverðlaun sem besti leikari í aðalhlutverki og fyrir besta handrit. Auk þess var sýningin tilnefnd sem besta leiksýning ársins. Leikstjóri var sænski leikstjórinn Peter Engkvist.

Allar þessar sýningar eru til húsa í gömlu pakkhúsi sem gert var sérstaklega upp af þessu tilefni. Kjallarinn var grafinn út og þar er Egilssýningin – Landnámssýningin er á miðhæðinni en leiksýningarnar sem nú skipta tugum eru á pakkhúsloftinu sem kallast Söguloft. Byggð var glæsileg tengibygging milli Pakkhússins og veitingastaðarins Búðarkletts en þetta eru elstu húsin í Borgarnesi.

Í fréttatilkynningu frá setrinu segir að langflestir gestanna sem skoða Landnáms- og Egilssýninguna séu erlendir ferðamenn. En þó komi við oft íslenskir skólahópar og fjölskyldur í heimsókn. Farið er í gegnum sýningarnar með hljóðleiðsögn sem til er á 15 tungumálum auk sérstakrar barnaleiðsagnar á íslensku.
















## Smjör:

# Gjaldmiðill Íslands og gull



**Sigrún Pétursdóttir**
sigrunpeturs@bondi.is

**Saga smjörs á Íslandi er samofin lífsbaráttu þjóðarinnar og ristir mun dýpra en sem einfalt viðbit á brauð.**

Hún er í raun saga þjóðarinnar sjálfrar, allt frá því að landnámsmenn fluttu með sér þá kunnáttu að strokka rjóma og þar til nútímafólk fór að hamstra smjörstykki í skorti síðari ára. Í margar aldir var smjörið raunverulegt gull bænda og þjónaði sem einn mikilvægasti gjaldmiðill landsins. Landskuldir, skattar og tíundir voru oft greiddar með smjöri fremur en silfri eða seðlum. Sá bóndi sem átti ríkulegar birgðir af vel söltuðu eða súru smjöri var efnaður maður og gat treyst því að smjörið héldi verðmæti sínu mun betur en flest annað sem framleitt var á bænum. Sögusagnir segja að vellauðugir bændur hafi einhverjir haft hauga af viðbiti annaðhvort fyrir utan hús sitt eða innan, marga, nokkuð óásjálega og oft loðna af myglu …


Verzlun Björns Þòrðarsonar
Aðalstræti 6 Reykjavík
hefir ætíð nægar birgðir af margskonar
Nauðsynjavörum
ásamt fleiru. Vörurnar eru svo vel vandaðar sem mögulegt er, og svo ódýrar, að engin verzlun í Reykjavík getur selt ódýrara sömu vörutegundir.
Gott íslenzkt smjör
er ætíð tekið í verzluninajafngildandi sem peningaborgun.
Sveitamenn ættu ekki síður en Reykvíkingar að verzla í þessari verzlun, því það er viðurkent, að allir sem þekkja til kaupa helzt í verzlun
Björns Þórðarsonar
Aðalstræti 6

Sá siður að nota smjör sem gjaldmiðil var reyndar enn við lýði um síðustu aldamót, samanber auglýsingu frá Verslun Björns Þórðarsonar, Aðalstræti 6 í Reykjavík, frá árinu 1902, en þar segir: *„Gott íslenskt smjör er ætíð tekið í versluninni jafngildandi sem peningaborgun.“*

### Súrt smjör – hollt og ljúffengt

Smjör Íslendinga fór reglulega fyrir brjóstið á gestum landsins þótt það þætti mesta hnossgæti hérlendis. Ólíkt mörgum öðrum löndum var salt af skornum skammti á Íslandi og smjörið því látið sýrna náttúrulega til þess að geymast. Þetta gaf smjörinu þannig dýpra bragð og aukið geymsluþol í köldum búrum.

Hefðbundnu íslensku smjöri var lýst sem beittu, súru og sterku á bragðið – en til samanburðar er evrópskt smjör, t.d. franskt, yfirleitt borðað ferskt og léttsaltað.

Í hinni vel kunnu „Ferðabók Eggerts“ er súrt smjör dásamað, og bent á, að öfugt við saltað smjör sem einungis geymist í ár með góðu móti, geti súrt smjör haldið gæðum sínum í tuttugu ár og jafnvel lengur. *....“Þegar smjörið hefur geymst um missiris skeið, fær það súrkeim, verður þétt í sér og smám saman hvítleitt. Það er hollt og ljúffengt öllum þeim sem því venjast, einkum þó á vetrum, því að þegar harðfiskur er tugginn með því, gefur það öllum líkamanum jafnan, hægan hita og greiðir betur fyrir útgufun líkamans en salt smjör ...“* segir í bókinni.

Ekki virtust þó erlendir gestir landsins okkar á sama máli og má nefna Henry nokkurn Holland sem gaf út bókina „Dagbók í Íslandsför“, árið 1810. Þar lýsir hann hryllingnum þegar boðið var upp á ósaltað smjör og harðfisk … „Við gátum ekki með neinu móti sagt nokkurt lofsyrði um smjörið,“ skrifaði Holland. „Það var í ótal litbrigðum, og var útlit þess síður en svo meðmæli með því, og bragðið réttlætti fyllilega þær hugmyndir sem útlitið gaf tilefni til.“




**Danski kaupmaðurinn Sören Kampmann kunni ágætis ráð við smjörleysi eftirstríðsáranna - óskýr texti auglýsingarionnar er svohljóðandi;** *„Á þessum tímum þegar ómögulegt er að fá smjör ættuð þér að smyrja brauðið með hreinu dönsku hunangi frá Sören Kampmann."* Mynd / Timarit.is

Rétt er að taka fram að súrt smjör gat geymst í trékirnum eða krúsum í allt að 20 ár. Reyndar þótti það oft ekki fullgott fyrr en það var orðið vel súrt og jafnvel farið að þrána örlítið á nútímamælikvarða.

Ef huganum er hvarflað frá söltu og súru smjöri er skemmtilegt að segja frá því að munurinn á framleiðslu þessa væna viðbits eftir árstíðum var öllum ljós í íslensku sveitasamfélagi. Sumarsmjörið var gult og mjúkt, ríkt af karótíni og vítamínum úr fersku grasinu, en haustsmjörið var ljósara og harðara þegar kýrnar voru farnar að gæða sér á heyinu. Laglegu og þekku fólki var jafnan lýst, að það væri á hörund eins og sumarsmjör ... eins og lesa má til dæmis í Brekkukotsannál eftir Halldór Laxness.

### Smjörslagsmál

Jæja, ef við færum okkur aðeins framar í tímann þá líðu landsmenn smjörskort á árunum um og eftir seinni heimsstyrjöldina. Einn margra dramatískra kafla í sögu íslenska smjörsins átti sér akkúrat stað á eftirstríðsárunum, því þótt stríðið sjálft hefði fært þjóðinni tekjur, þá kláraðist gjaldeyrisforðinn fljótt og ríkisstjórnin greip til strangra innflutningshafta og skömmtunar. Smjör varð skyndilega munaðarvara sem nánast ómögulegt var að nálgast ... til viðbótar við víðtækar skammtanir á öðrum varningi á borð við kaffi, sykur og fatnað, sem var aðeins selt gegn skömmtunarseðlum.

Á því herrans ári 1943 var t.a.m. grípandi fyrirsögn á forsíðu Alþýðumannsins, „Baráttan um smjörið“, en þar fjallaði greinarhöfundur um atferli annars siðprúðs fólks sem vílaði ekki fyrir sér að lenda í slagsmálum í smjörbúðum bæjarins, en smjör var af skornum skammti um þær mundir. Segir svo í fréttinni: *„Undanfarna laugardagsmorgna hefir gefið að sjá óvenjulega sjón hér í þessum friðsama bæ. Fyrir framan búðir þær, sem smjör hefir verið selt í þessa morgna, hafa staðið stórir hópar fólks, þar sem hver hefir olnbogað sig áfram að búðardyrum eftir bestu getu. Og inni í búðunum hefir verið hreinn SLAGUR um þessa nú sjaldgæfu vöru. Eftir stutta stund hefir svo smjörið verið uppselt, og meiri hluti þess fólks, sem hefir ætlað að ná sér í smjör, hefir snúið heim án þess að fá nokkuð – og ekki allir blessandi yfir þá stofnun, sem útdeilir þessum lífsins gæðum á svona óvenjulegan hátt.Þegar sendingar bárust loks í verslanir í Reykjavík, mynduðust langar biðraðir og lýsa frásagnir úr dagblöðum þess tíma bókstaflega „smjörslagsmálum“ við búðarborðið þar sem handalögmál urðu jafnvel að lögregluafskiptum.“*

Þótt Ísland væri landbúnaðarland, annaði framleiðslan nefnilega ekki alltaf eftirspurninni. Smjör varð því tákn um forréttindi; fólk þurfti að keppast um smjörið og stundum mynduðust biðraðir eða mögulega svartamarkaðsbrask með vöruna.

Í dagblaðinu Verkamanninum síðar sama ár vill greinahöfundur einmitt meina að KEA standi í smjörbraski, flytji kassa með skipinu Hrímfaxa að norðan – til Reykjavíkur – sem merktir eru „Aðrir ostar“ en eru í raun smjör ... ætlað „höfðingjum“ í Reykjavík.

Einnig kemur fram að heimamenn hafi beðið vikum saman úti fyrir dyrum smjörsölubúðanna og hafa þar margir hlotið ómjúk olnbogaskot án þess að hafa haft nokkuð fyrir vikið. Menn hafi leitt að því ýmsum getum hvers vegna slík smjörþurrð ríki og komist að þessum niðurstöðum. Jafnvel þó sama þurrð eigi sér stað í höfuðborginni.

Segir í fréttinni: *„Fyrir viku síðan, eða sl. laugardag, vill svo til, að verkamenn, sem voru að vinna að fermingu skipsins Hrímfaxa“, verða þess áskynja að smjör var í að minnsta kosti tveimur kössum, sem K. E. A. sendi höfðingjum í Rvík og hefir blaðið heyrt að innihald kassanna hafi verið skrásett undir nafninu: „annar ostur“(!!) og að 6 kassar hafi verið merktir nafni þessarar nýju „osta-tegundar“.*

### Mikilvægasta viðbitið

Svo hefur þetta jafnað sig auðvitað svolítið allt saman. Smjörið þannig ferðast í gegnum sögu okkar frá því að vera grundvöllur efnahagskerfisins yfir í að vera tilefni götuslagsmála, en það hefur alltaf haldið sínum sessi sem mikilvægasta viðbit þjóðarinnar.

Fyrir þá sem hafa áhuga á að reyna sig við smjörgerð eru hér nokkuð einfaldar leiðbeiningar frá öðrum matgæðinga Bændablaðsins. „Þeyta rjóma þangað til hann skilur sig. Hella vökvanum (áfir) frá. Setja í ískalt vatn og kreista restina af áfunum úr. Salta ef á að geyma, 1–2% af þyngd smjörsins. Passa að það getur slest út um allt þegar rjóminn skilur sig. Ekki henda áfunum. Hægt að nota í alls konar bakstur og eldamennsku. Þau hörðustu drekka óblandað.“ Njótið vel!



**Hið eina sanna „gull bóndans“ varð um stund að verðmæti sem varla fékkst fyrir peninga.**

## Brúarland, Eyjafjarðarsveit – auglýsing aðal- og deiliskipulastillögu

Eyjafjarðarsveit

Sveitastjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 13.11.2025 að auglýsa breytingu á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 vegna Brúarlands og breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar Brúnagerðis, áfanga A og B skv. 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Aðalskipulagsbreytingin felst í því að meginhluti tveggja af þremur íbúðarsvæðum að Brúarlandi (ÍB15) yrðu skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði en áformað er að á svæðinu verði rekin gistiþjónusta.

Deiliskipulagsbreytingin felst í að skipulagssvæðið, sem nú er skilgreint sem íbúðarbyggð, yrði skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði þar sem 13 lóðir af 15 yrðu nýttar til reksturs gistiþjónustu.
Skipulagssvæðið yrði þannig allt skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði að undanskildum lóðum nr. 1 og 15 sem yrðu áfram íbúðarhúsalóðir.

Skipulagstillögurnar eru aðgengilegar á sveitarskrifstofu Eyjafjarðarsveitar, Skólatröð 9, á heimasíðu sveitarfélagsins, www.esveit.is og á vef Skipulagsgáttar, www.skipulagsgatt.is undir málsnúmerum 333/2025 (aðalskipulagsbreyting) og 1107/2025 (deiliskipulagsbreyting).

Hægt er að skila inn athugasemdum við skipulagstillögurnar til **20. júní nk.** og skulu þær berast inn á Skipulagsgátt.
Frekari upplýsingar má nálgast hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is.

Skipulags- og byggingarfulltrúi



Blóm mánaðarins:

# Sumarblóm í hengipottum – úr ýmsu að velja



Ingólfur Guðnason.

Pottaplöntur heimilisins hafa vonandi komið vel undan vetri en þá er hægt að beina huganum að öðrum tegundum blóma. Biðin eftir vorinu getur verið strembin fyrir þá sem vilja prýða heimilisgarðinn með litríkum sumarblómum. Þau láta lítið yfir sér í fyrstu en ná að fanga athyglina þegar blómskrúðið kemur í ljós í sumarbyrjun. Mikill fjöldi tegunda er ræktaður í gróðrarstöðvum sem fara að bjóða þær til sölu nú þegar slakna fer á vetrar- og vorkuldanum. Gróðursett er í beð af öllu tagi, einnig í stærri og smærri blómaker.

### Hengiblóm í garðinum

Skemmtileg leið til að prýða heimilisgarðinn er að hafa sumarblóm í hengipottum. Þeim má koma fyrir á ólíkum stöðum, td. á svalahandrið, veggi sólpalla, á grindur sólskála eða bara hvar sem er. Valdar eru tegundir sem eiga það sameiginlegt að vera gróskumiklar, blómríkar, vindþolnar og ekki sakar ef þær geta þolað nokkurn þurrk öðru hvoru. Allar eiga sameiginlegt að njóta sín best á sólríkum stað. Í garðplöntustöðvum er hægt að fá hengipottablóm sem góð reynsla er komin á hér á landi og þar er líka hægt að sjá nýjar tegundir í ræktun og aukið litaúrval í þeim eldri.

Ræktun hengiblómanna hefst síðla vetrar í gróðrarstöðvunum. Sumar tegundir eru ræktaðar af fræi, öðrum er fjölgað með græðlingum. Takast þarf á við ýmisleg atriði í uppeldinu. Sáning getur verið vandasöm, sömuleiðis þarf að taka græðlinga af móðurplöntum á réttu stigi eða notast við innflutta græðlinga þegar það á við. Ræktandinn þarf að hafa góða stjórn á hitastigi í gróðurhúsinu til að fá fram þéttar og blómmiklar plöntur á réttum tíma. Sömuleiðis getur þurft að halda aftur af lengdarvextinum með því að stytta greinar, jafnvel oftar en einu sinni. Plöntur í hengipottum eru yfirleitt ræktaðar í fremur stórum pottum, um 15 cm í þvermál. Vökvun er nákvæmnisatriði þar sem pottarnir hanga á vírum í gróðurhúsinu en ekki á venjulegum ræktunarborðum, nema fyrri hluta vaxtartímans. Flestir framleiðendur notast við sérstakt dropavökvunarkerfi til að stýra vökvuninni.

### Umhirðan er einföld

Hengipottablómin eru notuð sem einærar plöntur því þær þola fæstar frost. Margar tegundir eru á markaðinum og það sem einkennir þær er hversu lengi þær blómstra og breiða úr sér, halda blómskrúði sínu jafnvel fram á haust. Sumar þeirra mætti færa inn í garðgróðurhús eða garðskála þegar haustar og lengja líftímann þannig. Til að halda blómskrúðinu sem mestu er ágætt ráð að fjarlægja þau blóm sem tekin eru að sölna, þannig fáum við lengri blómgunartíma. Fylgjast þarf vandlega með vökvun hengipotta því þeir eiga til að þorna hratt. Vökvað er með daufum blómaáburði fram eftir sumri.

### Fjöldi tegunda og yrkja fæst í gróðrarstöðvunum

Fallegar, sterkar og blómríkar tegundir eru til dæmis hengitóbakshorn (Petunia x hybrida ´surfinia´), betlehemsstjarna (Campanula isophylla), snædrífa (Sutera diffusa), sólboði (Osteospermum x hybridum), hengibegonía (Begonia boliviensis), blómahorn (Calibrachoa ´Million bells´), hengibrúðarauga (Lobelia erinus ´pendula´), skjaldflétta (Tropaeolum majus), borgardís (Diascia barbarae) og garðaslæða (Gypsophila muralis).

Engin leið er að lýsa blómfegurðinni með orðum. Best er að kynnast þessum fallegu blómum með því að heimsækja garðplöntustöðvarnar, dást að allri dýrðinni og fá þar faglegar upplýsingar um þarfir hverrar tegundar fyrir sig.

*Höfundur er kennari við garðyrkjuskólann, Reykjum/FSu.*


Stífluþjónusta Sævars Selfossi
Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com
Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.
Yfir 20 ára reynsla




Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi með eða án rekstrar.
Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.
Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali,
s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is
Eignatorg Syðsta-Mörk, 861 Hvolsvöllur









# Steikt grálúða, villigrjón, grænmetis- og pintóbaunaragú



**Hafliði Halldórsson**
haflidi@icelandiclamb.is



Grálúða er verðmætasti flatfiskurinn við Íslandsstrendur, hún líkist lúðu sem við flest þekkjum. Hún er ýmist dökkbrún, dökkgrá eða rauðgrá á hægri hlið sem snýr upp en grá eða ljósrauðgrá á vinstri hlið sem snýr niður. Þær finnast einnig hvítar og rauðgular. Grálúða er sjaldséður fiskur á borðum Íslendinga og í raun höfum við bara stundað grálúðuveiðar í tæp 60 ár og eftir minni bestu vitund er allur aflinn fluttur úr landi þar sem t.d. Japansmarkaður er afar mikilvægur. Grálúða finnst nánast um allt Norður-Atlantshaf frá Svalbarða niður megnið af Noregsströndum, við Færeyjar, Hjaltland, Ísland og yfir til Norður-Ameríku að ógleymdu Grænlandi. En hún er á ensku kennd við Grænland (e. Greenland Halibut). Í Norður-Kyrrahafi finnst hún líka, á svæðinu á milli Alaska, Rússlands og niður til Japans. Sennilegt er talið að hún skiptist i nokkra undirstofna eftir svæðum.

Grálúða er botnfiskur sem er oftast að finna á leirbotni á djúpsævi og hefur fundist allt í kringum landið en er algengust við landið vestanvert þar sem hún hrygnir á um og yfir 1.000 metra dýpi, en er einnig algeng norðan- og austanlands. Hún flækist einnig mikið upp í sjó og virðist vera sú tegund flatfiska sem er minnst háð því að dvelja á botninum.

Grálúða sem matfiskur er lítið kynnt hér heima enda ófáanleg á almennum markaði fyrir neytendur og veitingahús en hún er sannarlega sælkerahráefni sem fleiri mættu gefa gaum og væri viðeigandi að sjá á íslenskum veitingahúsum. Grálúðan er afar fiturík og inniheldur tæplega 13% fitu sem gerir hana mjög holla og áhugaverða, til samanburður er lúða um 6% feit.

***Villihrísgrjón***

***2 bollar villihrísgrjón***
***vatn***
***2 msk smjör***
***salt***

Byrjið á að sjóða villigrjónin, sem tekur lengstan tíma. Skolið grjónin vel í köldu vatni og setjið svo í pott með nægu vatni, smjöri og salti. Sjóðið þar til eru orðin mjúk og passið að hafa nóg af vatni á suðutímanum sem getur verið allt frá 20 til 50 mínútur.

Villihrísgrjón eru sko alls ekki hrísgrjón en eru notuð á svipaðan hátt, plantan er skyldari höfrum en hrísgrjónum og á uppruna sinn að rekja á svæðið við vötnin miklu í Norður-Ameríku. Vex í grunnu vatni rétt eins og hrísgrjón og frumbyggjar hafa nýtt plöntuna í árþúsundir en hún er í dag ræktuð í bæði Kanada og Bandaríkjunum auk þess að vaxa villt.

***Steikt grálúða***

***4 bitar af grálúðu, um 200 g stk.***
***2 msk. matarolía***
***50 g brúnað smjör, til steikingar***

Hitið pönnu og saltið fiskinn á báðum hliðum, steikið í í olíu og smjöri á stórri pönnu á meðalhita þar til fiskurinn er nánast eldaður í gegn. Snúið þá og eldið áfram í örstuttan tíma og takið af pönnunni.

***Grænmetisragú með pintóbaunum***

***1 laukur***
***2 hvítlauksrif***
***1 eldpipar***
***3 msk. matarolía***
***½ sæt kartafla***
***1 dós tómatar***
***½ brokkólí***
***1 dós pintóbaunir***
***1 sítróna***
***salt***
***pipar***
***chili-duft***

Flysjið og skerið lauk, hvítlauk og eldpipar, svitið í potti á meðalhita og hrærið reglulega. Skerið sætar kartöflur í teninga og bætið saman við ásamt tómötum. Skrælið börkinn af sítrónunni og setjið í pottinn ásamt ögn af vatni. Sjóðið þar til sætu kartöflurnar eru soðnar í gegn og bætið skornu brokkólíi og baunum við og sjóðið í 2-3 mínútur. Smakkið til með kryddinu og sítrónusafa og berið fram.

## KROSSGÁTA



| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 264 | STRÍÐNI | ÓHLJÓÐI | VERÐ-SKULDUÐ | ÖFUG RÖÐ | ■ | MULDRA | FISKUR | FLJÓT-FÆRNI | ■ |
| | | | | | LOSTÆTUR | | | | | | | | | SKAKKT |
| | | | | | STÆLIR | | | | | MJÖG / RUSL | | | | |
| | | | | | TJARA / Í RÖÐ | | | | HASTA / ÖNUG-LYNDI | | | | | |
| ■ | ↓ | EFNI | RÚN | TVEIR EINS / NART | | | LOKAÐI / ÁHERSLU | | | | | | MÓTA | |
| SVIPUR | | | | | | ÞURRKA / SKRÁMA | | | | | | Í RÖÐ / BRESTA | | |
| ÓVÆTTUR | | | | | SEFA / Í RÖÐ | | | | | | FÚI / TJÚTTA | | | |
| ÖFUG RÖÐ | | | BAND / SKJÓTAST | | | | | NEÐAN / LIÐ-LANGAN | | | | | | AÐGÆSLA |
| STÍGUR | | | | SIGRAR / FLÖKTI | | | | | | EYÐA / LYKT | | | | |
| FJALLS-NÖF | | | | | EFTIRSÓKN / AÐ-KALLANDI | | | | RAÐTALA / FUGLAR | | | | | |
| ■ | | MEGIN / STUND | | | | | VOPN / YFIRGEFA | | | | | | FLÆDDI | |
| LÍNA | | | | | | GRÍPA / GORGEIR | | | | | | NÓTA / BÓK | | |
| SPIL | | | | RÍKI / SKYLDIR | | | | | | | HRAKTI / FEN | | | |
| HERKVÍ | | | | | | | | SNÚINN | | | | | | |
| FUGL | | | | | HRIKT | | | | | ÁGENGNI | | | | |

## Lausn á krossgátu í síðasta blaði



| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 263 | FORA | RÍKI | ÍÞRÓTTA-FÉLAG | ÓMERKI-LEGT | SKOTT | ■ | GRÍN | HNAPPUR | ■ |
| | | | | | TEPPAST | S | T | Í | F | L | A | S | T | AÐ VÍSU |
| | | | | | MATJURT | P | Ú | R | R | A | SAMSTÆÐA / HRIST-INGUR | P | A | R |
| | | | | | ÖFUG RÖÐ | O | N | MÆLA BÓT / STIKLA | A | F | S | A | K | A |
| | | | | | GRIND / ÁKVEÐIÐ | R | I | S | T | STÆKKUÐU / Í RÖÐ | J | U | K | U |
| ■ | ↓ | RÖGGSÖM | GRUNA | ÞÉTT | F | A | S | T | GOÐ / TÓFA | R | E | G | I | N |
| TRJÁ-TOPPUR | K | R | Ó | N | A | ■ | FISKUR / SVIPAÐIR | U | F | S | I | BLÓK | SKAMMIR | A |
| LEIÐSLA | R | Ö | R | HLJÓÐFÆRI / PLANTA | S | E | L | L | Ó | FLINK / KAFFI-BRAUÐIÐ | K | L | Á | R |
| MEÐ | Á | S | A | M | T | ÁHRIFA-VALD / ÖFUG RÖÐ | Í | T | A | K | MÁLMUR / GLÓÐAR | Á | L | DÍNAMÓR |
| TVEIR EINS | K | K | UNNA / HLJÓÐ-FÆRIS | E | L | S | K | A | GRAMAR / EINBLÍNA | A | R | G | A | R |
| ■ | U | HLEMMUR / ÞEFA | H | L | E | R | I | UPPKAST / ÓGEÐ-UGUR | S | K | I | S | S | A |
| FLJÓT | S | N | Ö | G | G | ÓLMAST / STILLTUR | R | Ó | T | A | S | T | SKRÁ | F |
| MÖGLAR | K | U | R | R | A | R | HÁTÍÐA-SÖNGUR / FLUGA | K | A | N | T | A | T | A |
| ÆSA | E | S | P | A | ÓÞOLANDI | Ó | B | Æ | R | MEGIN-HLUTI | A | Ð | A | L |
| FRÍR | L | A | U | S | SKERÐA | R | Ý | R | A | ÍÞRÓTT | R | A | L | L |

www.bbl.is

# HUGARÍÞRÓTTIR

| | | |
|---|---|---|
| | **Norður**<br>♠ K5<br>♥ KJ<br>♦ AK632<br>♣ AK102 | |
| **Vestur**<br>♠ J1032<br>♥ A832<br>♦ J8754<br>♣ | | **Austur**<br>♠ AQ64<br>♥ Q9754<br>♦<br>♣ J754 |
| | **Suður**<br>♠ 987<br>♥ 106<br>♦ Q109<br>♣ Q9863 | |



Liðsmenn Norðurlands eystra voru kampakátir á Flúðum eftir að þeir urðu landsmeistarar kjördæma árið 2026. Mynd / BSÍ

## Góður sigur strjálbýlisins



Björn Þorláksson.

Helstu stórveldin í briddsheiminum, Reykjavík og Reykjanes, urðu að lúta í lægra haldi fyrir tveimur sterkum landsbyggðasveitum um helgina þegar kjördæmamótið í sveitakeppni í bridds fór fram í félagsheimilinu á Flúðum.

Hátt í 200 keppnisbriddsspilarar tókust á og þegar upp var staðið hafði sveit Norðurlands eystra unnið öruggan sigur með 474 stig. Sveit Vestfjarða náði silfrinu með 423 stig. Reykjavík varð að láta sér duga þriðja sætið og lið Reykjaness (sem margir töldu sigurstranglegt) endaði í fjórða sæti. Ísak Örn Sigurðsson-Gunnlaugur Karlsson unnu „butlerinn“ í mótinu. með 1.56 í 108 spilum.

Eitt rosalegasta spil mótsins, spil 10, kom fyrir í lokaumferðinni. Austur gefur, NS á hættu. (Sjá stöðumynd)

Sigurliðið græddi 17 impa á tveimur borðum af fjórum í þessu spili og munar um eyðurnar tvær fyrir AV. 20 spilarar skoruðu 600-660 í grandsamningi. Fmm pör í AV spiluðu doblaða hjartasamninga og uppskáru 790- 1070. Hér skipti sköpum að geta opnað á fjöldjöfli í austur eða stelast til að opna á einu hjarta.

Áhugavert er að þar sem norður var sagnhafi í þremur gröndum án þess að AV létu í sér heyra og lítið hjarta kom út á ás vesturs, þá fann enginn framhaldið sem hefði banað samningnum á svipstundu. Lyfta spaðagosa. En þegar hjartagosinn birtist í ásinn er gisk hvort norður hóf leik með KG eða DG í hjarta. Spennandi spil, bridds.

*Umsjón: Björn Þorláksson,*
*bjornthorlaksson@gmail.com*

## Landsmótið í Ólafsvík



Gauti Páll Jónsson.

Landsmótið í skólaskák fór fram í Ólafsvík í ár. Þetta er merkilegt landsmót fyrir þær sakir, að gamla kjördæmaskipanin var nánast alveg endurvakin, eftir margra ára hlé. Eftirfarandi svæði sendu keppendur til leiks í ár: Reykjavík, Kraginn, Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland, Suðurland. Við þessi ánægjulegu tímamót þarf að bretta upp ermar og tryggja það að mótið lendi ekki aftur í þeirri lægð sem það lenti í, um tíma. Enda hefur það sýnt sig að krökkunum þykir þetta eitt skemmtilegasta skákmótið sem þau sækja.

Teflt var á laugardegi og sunnudegi í félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík. Þar er einnig Taflfélag Snæfellsbæjar til húsa. Aðstæður til taflmennsku eru frábærar og á Sigurður Scheving frá Taflfélaginu sérstaklega þakkir skildar fyrir utanumhald. Krakkarnir tefldu í þremur aldursflokkum, 1.-4. bekk, 5.-7. bekk og 8.-10. bekk og voru tólf í hverjum flokki. Mótið var æsispennandi og þurfti að tefla úrslitakeppni í tveimur flokkum. Örvar Hólm Brynjarsson, Lindaskóla, var hins vegar öruggur sigurvegari í flokki 8.-10. bekkjar. Örvar virðist vera að leggja metnað í skákina um þessar mundir og er í greinilegri framför.



Einvígi Dags og Helga Fannars. Mynd / Tómas Tandri

Hins vegar þurfti að tefla einvígi í flokki 1.-4. bekkjar og 5.-7. bekkjar, þar sem tveir keppendur í hvorum flokki komu jafnir í mark. Einvígi Helga Fannars Óðinssonar úr Norðlingaskóla og Dags Sverrissonar úr Vesturbæjarskóla var afar spennandi. Dagur vann það í bráðabanaskák en Helgi stóð sig afar vel, hann er í 2. bekk og á því tvö ár eftir í flokknum. Dagur er í 4. bekk, og komst inn í mótið gegnum boðssæti eftir að þrír forfölluðust, þannig að sigur hans var í gegnum mikla krókaleið, auk þess sem þetta var hans síðasti séns að næla sér í peðsbikarinn fyrir yngsta stig.

Einvígi Péturs Úlfars Ernissonar úr Langholtsskóla og Karma Halldórssonar úr Grunnskólanum á Ísafirði endaði með öruggum sigri Karma. Karma vann yngsta flokkinn á Akureyri 2024 og Pétur vann yngsta flokkinn á Ísafirði 2025 þannig að þetta voru tveir ungir menn sem eru vanir að vinna. Nú var það Karma sem fékk miðstigsriddarann, sem fylgt hefur mótinu allt frá upphafi þess árið 1979. Áfram landsmót í skólaskák!




Það var djúp undiralda í miðtaflinu í skák Örvars og Guðrúnar. Hvítur stóð betur eftir uppskipti á e3 og annar léttu manna fellur hjá svörtum. Hins vegar hefði 19. … Ha8! 20. Db7 Bc6 21. Dxe7 Bxe3 22. Hxe3 Dxc2 gefið svörtum góð færi.

*Umsjón: Gauti Páll Jónsson*
*Gauti.pj@hotmail.com*



Erfinginn:

## Máni

**Nafn**: Máni Lucien Gyðuson Jourde.

**Aldur**: 4 ára.

**Stjörnumerki**: Ljón.

**Búseta**: Reykjavík.

**Skemmtilegast í skólanum**: Að lita.

**Áhugamál**: Að byggja legó og skemma það.

**Tómstundaiðkun**: Fimleikar, en ég er hættur í júdó.

**Uppáhaldsdýrið**: Dreki.

**Uppáhaldsmatur**: Djús og kartafla og sjeik.

**Uppáhaldslag**: Væb.

**Uppáhaldslitur**: Blár.

**Uppáhaldsmynd:** Jurassic Park.

**Fyrsta minningin:** Þegar ég fékk gat á hausinn.

**Hvað ertu ánægð/ánægður með í fari þínu:** Hvað ég á mikið af legó.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert:** Borða páskaegg.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór:** Allt með bolta.

JURASSIC PARK

**Viltu taka þátt? Hafðu samband. sigrunpeturs@bondi.is**

# SUDOKUÞRAUTIR

Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | 7 | 6 | 4 | | | 9 | |
| 3 | 9 | 8 | 7 | | | | | |
| | | | 8 | | | 5 | | 2 |
| 8 | | 4 | | 7 | 6 | | | |
| | 6 | | | 2 | 5 | 7 | | |
| 7 | 2 | | | | | 6 | 3 | |
| | 7 | | 5 | | 3 | | 6 | 8 |
| | | 3 | 4 | 6 | | | | 1 |
| 6 | | 1 | | | 8 | 3 | 5 | |

Miðlungs

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | 4 | | | | 3 | | |
| 9 | 3 | | | | | | | |
| | | | | 9 | | 8 | | |
| 4 | 1 | | | | | | | 2 |
| 2 | | | 3 | | | | 4 | |
| | | | 7 | 2 | | | | |
| | | 6 | | | | | | 1 |
| | 5 | | 9 | | | | 6 | |
| 7 | | 8 | 6 | 1 | | | 5 | |

Þung

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | | 2 | 6 | | | 3 |
| | | | | 9 | | | | 7 |
| | 6 | | | | | | | 8 |
| | 3 | | 2 | | | 6 | | |
| 9 | | | | | 8 | | 4 | 1 |
| | | | 4 | | 7 | | | |
| | | 1 | | | 2 | | 8 | |
| 5 | | 7 | | | | | | |
| 3 | | | | | 5 | | | |

Þyngst

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | | 1 | 7 | | | |
| | | | 2 | | | | 5 | 8 |
| | | | | | 8 | 4 | | |
| | | 7 | 1 | | 9 | 3 | | |
| | 6 | | | | | 1 | | |
| 2 | | | | | | | | 9 |
| 4 | 1 | | | 7 | | 5 | | |
| | 3 | | | | 4 | 6 | | |
| | | | 5 | | | | | |

**Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

## Stjörnuspá

**Vatnsberinn** finnur fyrir óvæntri spennu og sköpunarkrafti í kringum sig þessa dagana. Framtíðarsýn hans skerpist til muna og ný tækifæri í fjármálum gætu skotið upp kollinum, en gæta þarf þó að, að varfærni er nauðsynleg áður en stór skref eru tekin. Í ástarmálum þarf vatnsberinn að sýna meiri næmni og huga vel að þörfum annarra, stórum jafnt sem smáum. Happatölur: 3, 37, 99

**Fiskarnir** eru í andlegu jafnvægi og geta horft bjartsýnir fram á veginn, enda er erfiðum kafla í lífinu senn að ljúka og nýtt upphaf bíður. Peningamál þróast hægt en örugglega í rétta átt, ástin blómstrar sem aldrei fyrr og fjölskyldu- og vinabönd styrkjast verulega, sérstaklega þegar fiskurinn deilir tilfinningum sínum af hreinskilni. Hann þarf þó að muna að nýta innsæið til að lesa rétt í aðstæður. Happatölur: 1, 22, 65

**Hrúturinn** kemur kraftmikill inn í þetta tímabil eftir mikilvæga sjálfsvinnu. Nú er ekki tíminn til að hika, skref fram á við skila meiru en stöðugar vangaveltur. Í samböndum, bæði við sjálfan sig, vini eða ástvini, þarf hann að vera alveg hreinskilinn, bæði við sjálfan sig og aðra, svo að enginn misskilningur eigi sér stað. Það er kannski kominn tími til. Happatölur: 5, 17, 88

**Nautið** hefur farið í gegnum töluverðar sveiflur undanfarið en nú er mikilvægt að anda djúpt og trúa á ferlið. Það þarf að vinna í sínu innra æðruleysi þegar óróleiki bankar upp á og ekki gefast upp þótt á móti blási, hvort sem er í vinnu eða einkalífi. Það eru mun fleiri sem standa með því en það telur. Opinn faðmur vina og vandamanna kemur á óvart. Happatölur: 1, 18, 24

**Tvíburarnir** finna mikla þörf fyrir félagsleg samskipti og nýjar hugmyndir streyma til þeirra. Þetta er frábær tími til að tengjast nýju fólki eða endurnýja gömul kynni, en að dreifa kröftum sínum þó ekki of víða. Einbeiting á eitt verkefni í einu mun skila mestum árangri. Í einkalífinu gæti óvænt uppákoma komið skemmtilega á óvart og hresst upp á tilveruna. Happatölur: 7, 14, 32

**Krabbinn** þarf að huga vel að heimili sínu og innri líðan þessa vikuna. Hann gæti fundið fyrir aukinni næmni fyrir umhverfi sínu, sem gerir það að verkum að ró og næði verða að vera í dagsskipulaginu. Krabbinn þarf ekki að vera hræddur við að setja mörk og segja nei, enda allar tengingar í samböndum aukast ef hann leyfir sér að vera berskjaldaður og sýna raunverulegar tilfinningar. Happatölur: 4, 19, 44

**Ljónið** þarf að horfa einbeittum augum á langtíma markmið sín. Erfið vinna undanfarinna vikna fer loksins að skila sýnilegum árangri og uppskeran eftir því. Ljónið má þó ekki gleyma að hlúa að eigin áhugamálum sem andleg hvíld frá daglegu amstri. Útivist eða önnur samvera með fjölskyldunni mun einnig veita nauðsynlega endurnæringu. Happatölur: 8, 27, 51

**Meyjan** þráir eitthvað nýtt og skemmtilegt í líf sitt. Lykilatriðið er að vera óhræddur og alveg maður sjálfur, segja sína skoðun á hlutunum og njóta þess að vera til. Bjartsýni og gleði meyjunnar er smitandi, svo ekki sé talað um hláturinn, en hún á í eðli sínu auðvelt með að draga að sér jákvætt og skemmtilegt fólk. Happatölur: 6, 21, 39

**Vogin** leitar eftir jafnvægi og sátt í öllu sem hún tekur sér fyrir hendur. Samskipti við aðra ganga einstaklega vel um þessar mundir og hún átt auðvelt með að miðla málum þar sem ágreiningur ríkir. Í ástarmálum þarf vogin að muna svolítið að rækta rómantíkina og gleyma ekki litlu hlutunum sem gleðja þann sem henni þykir vænt um. Happatölur: 2, 11, 29

**Sporðdrekinn** finnur fyrir miklum innri styrk og einbeitni, meira en tilbúinn að takast á við erfið verkefni sem aðrir veigra sér við. Leyndarmál gætu litið dagsins ljós svo sporðdrekinn þarf að vera tilbúinn að horfast í augu við raunveruleikann og þekkja sína stöðu þar. Fjármálin eru á uppleið, eina sem sporðdrekinn þarf að gæta að er andlegt álag. Muna að sofa svolítið. Happatölur: 9, 13, 77

**Bogmaðurinn** er nú í sínu besta formi þegar kemur að skipulagi og nákvæmni. Hann mun ná góðum árangri ef einstakir hæfileikar hans til að greina flóknar aðstæður fá byr en skal gæta þess að vera ekki of gagnrýninn á sjálfan þig eða aðra; smá sveigjanleiki getur gert kraftaverk. Happatölur: 12, 45, 82

**Steingeitin** geislar af sjálfstrausti en nú er kjörinn tími til að klára mál sem hafa verið í biðstöðu. Passa þarf að einstrengingsháttur eða stífni skemmi ekki fyrir góðum samstarfsvilja, ekki endilega frá steingeitinni sjálfri en þeim sem hún á í samskiptum við. Í fjármálum er ráðlegt að hugsa til lengri tíma og hvernig þau mál snerta fjölskylduna. Kvöldstund með ástvinum mun gefa steingeitinni hlýju í hjartað. Happatölur: 18, 54, 22

Tíska:

# Kvartbuxur – tímalaus klassi

**Eftir nokkra útlegð í tískuheiminum hafa Capribuxurnar, þessi dæmigerði einkennisklæðnaður Y2K-tímabilisins, snúið aftur á stóra sviðið.**

En hvernig fóru þessar buxur, sem enduðu á miðjum kálfa úr því að vera tákn um „tísku-stórslys" yfir í að vera eftirsóttasta flíkin á pöllum Parísar og í götutísku Reykjavíkur árið 2026?





### Nostalgía í algleymingi

Capri- eða kvartbuxurnar eiga sér rætur langt fyrir aldamótin. Þær voru hannaðar árið 1948 af þýska hönnuðinum Sonju de Lennart og kenndar við ítölsku eyjuna Capri, þar sem hún naut sín í fríum. Á fimmta og sjötta áratugnum urðu þær samnefnari fyrir fágaðan evrópskan glæsileika, bornar af stjörnum á borð við Audrey Hepburn og Marilyn Monroe.

Hins vegar var það um árið 2000 sem buxurnar tóku á sig nýja og djarfari mynd. Y2K-tímabilið endurskilgreindi kvartbuxnastílinn með lágu mitti, gallaefnum og skrautlegum beltum. Poppstjörnur eins og Jennifer Lopez og Britney Spears gerðu buxurnar að skyldueign auk áhrifavalda á borð við Paris Hilton. Á þessum tíma voru þær gjarnan paraðar við magaboli og litlar „baguette" töskur – útlit sem margir millenials horfa til baka á með blöndu af nostalgíu og hryllingi.

### Fágaðri útfærsla

Tískan er hringrás eins og allir vita og á síðustu tveimur árum höfum við séð kvartbuxurnar ryðja sér leið aftur inn í fataskápa okkar. En það er mikilvægur munur á útgáfunni sem við sáum árið 2004 og þeirri sem við sjáum í dag. Nútímaútgáfan er nefnilega betur sniðin og heildarlúkkið mun fágaðra.

Helstu tískuhús heims hafa öll kynnt kvartbuxur í nýjustu línum sínum. Þar má finna góð dæmi þess að í stað þess að vera eingöngu frjálslegur klæðnaður, gefa buxurnar nú fyrirheit um klassískara og heildstæðara útlit. Fyrirsætur og áhrifavaldar hafa verið í fararbroddi þessarar endurkomu, oft með því að para þær við stóra jakka og fínlega hæla til að skapa fágaðra útlit.



### Af hverju núna?

Að hluta til má rekja þetta til hinnar miklu Y2K-bylgju sem hefur tröllriðið tískuheiminum undanfarið. Hins vegar skiptir hagkvæmni líka máli ef við lítum á þá hlið málsins. Kvartbuxur eru nefnilega hinn fullkomni millivegur þegar það er of heitt fyrir hefðbundnar buxur en of svalt fyrir stuttbuxur – ástand sem við þekkjum vel hérlendis.

### Hvernig á að klæðast kvartbuxum árið 2026?

Fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í slíkum buxum er ýmislegt sem hafa þarf í huga.

Ef buxurnar eru þröngar, er gott að nota víðari topp eða stóran jakka til að skapa rétt hlutföll. Reyndar, ef ákveðið er að vera í háum hælum gefur þröng múndering að ofan fallega línu. Sami litur getur einnig gefið, ef klæðst er í sama tón frá toppi til táar.

Vegna þess að buxurnar enda á miðjum kálfa, virka þær best með fínlegum skóm, gjarnan ballerínuskóm svokölluðum eða kitten heels, sem eru í miklu uppáhaldi hjá tískuelítunni í dag.

Ágætt er að sleppa öllum tilraunum til að endurskapa tískuna frá 1995 þó margir telja sig unga í anda. Miss Sixty – mittislágar útgáfur eru ekki málið heldur er lykillinn að nútímavæðingu kvartbuxnanna vönduð efni og hreinar línur.

### Vörumerkin sem mótuðu goðsögnina

Til að skilja þetta æði til fullnustu verður að líta á þau vörumerki sem réðu lögum og lofum á Y2K-tímabilinu. Þetta var tímabil þar sem ákveðin lógó á afturvasanum eða mittisstrengnum sögðu allt sem segja þurfti um stöðu buxnaeigenda í tískustiganum.

Juicy Couture var ef til vill áhrifamesta merkið þegar kom að því að gera „frjálslegan lúxus" vinsælan. Þótt fyrirtækið sé hvað þekktast fyrir flauelsgallana sína, voru kvartbuxur úr, jú akkúrat flaueli, með „Juicy" skreytt í steinum á afturendanum einkennisklæðnaður stjarna á borð vivð Paris Hilton.

Í denim-heiminum voru það merki eins og Miss Sixty, Diesel og Baby Phat sem áttu markaðinn. Miss Sixty sérhæfði sig í ofurlágu mittissniði og framúrstefnulegum þvotti á gallabuxum sem gerðu kvartbuxurnar þeirra að eftirsóttasta fatnaði unglingsstúlkna um allan heim. Fyrir þá sem vildu heldur meira ögrandi útlit var merkið Baby Phat í algjörum sérflokki, en merkið sameinaði hip-hop menningu þess tíma og háklassa á vegu sem enginn hafði gert áður.

Svo má ekki gleyma Von Dutch og Ed Hardy, sem kynnti yfirspenntum neytendum skreytingar, kristalla og „tattoo-list" á buxnaskálmarnar. Þessi vörumerki seldu ekki bara fatnað heldur lífsstíl sem snerist um að vera sýnilegur, djarfur og óhræddur við að brjóta hefðbundnar reglur um „smekklegheit". Í dag eru þessi sömu merki að upplifa gríðarlega endurreisn á síðum eins og Depop og Grailed, þar sem ný kynslóð tískuunnenda leitar uppi upprunalegu hönnunina frá því fyrir tveimur áratugum.

Kvartbuxurnar eru ef til vill umdeildar í hugum margra, en þær eru komnar til að vera. Hvort sem við elskum þær eða hötum – þá bjóða þær upp á fjölbreytta möguleika sem erfitt er að hunsa í sumar. */sp*

Kvenna
athvarf

Opið allan sólarhringinn, sími 561 1205.
Húsaskjól og aðstoð fyrir konur sem búa við ofbeldi í nánu sambandi. Einnig er boðið upp á ráðgjafaviðtöl fyrir konur.

## Vísnagáta

Viðurnefni varla hrós
veislumatur upp úr dós,
fæ minn dag í febrúar
flýt í glasi – veitingar.

Lausnin er eitt nafnorð með fjórar mismunandi merkingar.
Lausnin verður birt á vef Bændablaðsins, www.bbl.is, mánudaginn 18. maí. Lausnarorð síðustu gátu var **dós.**

Umsjón: Guðbjörn Sigurmundsson
Gudbjorn.Sigurmundsson@mk.is

# Smáauglýsingar

**Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni:** www.bbl.is/smaauglysingar

**Verð:** Textaauglýsing kr. 3.200 m/vsk (innan við 140 slög) og kr. 7.500 m/vsk. - texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.



Infrarauður klefi, 150x120x200 sm. (BxDxH)
Er með halogenljósum, bæði að utan og innan ásamt útvarpi m/blátannartengingu, m/fjarstýringu, kolefnahitaplötum og hreinsibúnaði.
Viður er þöll (hemlock).
Klefinn er mjög auðveldur í samsetningu.
Orkunotkun er 2.100w.
**Verð aðeins kr. 260.000**

**GODDI.IS** Auðbrekku 19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550

## Heitir Pottar



**Sex manna heitir pottar með einn legubekk og fimm sætum.**

**Fjöldi vatns- og loft nuddstúta. Ljós inni í pottum og að utan og með wifi tengingu. Lok, trappa og sía fylgir.**

**Verð kr. 850.000**

**GODDI.IS** Auðbrekku 19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550

## Lok á heita potta



**Fjórar stærðir af lokum á lager, m/rúnuðum hornum, 1 cm svuntu, fjórum festingum, og þrem styrktarbitum. Þykkt 12 cm. Verð kr. 85.000 Til í tveim litum.**



**GODDI.IS** Auðbrekku 19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550



Ástjörn, sumarbúðir fyrir 6-12 ára og 13-15 ára. Strákar og stelpur í öllum flokkum. Verð rúmlega kr. 11.000 pr. / sólarhring. Systkinaafsláttur. Ástjörn er nálægt Ásbyrgi og Hljóðaklettum á Norðausturlandi. Bátar og leiksvæði. Upplýsingar í s. 462-3980 - astjorn.is - facebook, instagram, youtube.



Óska eftir grind eða hjóli af gerðinni Honda MB-50. Allar ábendingar vel þegnar. Elvar s. 866-7814.



Sóló eldavél til sölu. Tilboð óskast. Allar nánari upplýsingar í s. 867-1750.




Verkið lofar meistarann — ræktun lands er ræktun þjóðar. Átt þú erindi í AMPM-námið við Háskólann í Reykjavík? www.ru.is/en/mpm



Slöngubátar fyrir alhliða veiði. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Hreinsitækni ehf. leitar að öflugum starfskrafti á starfsstöð á Selfossi. Við leitum að duglegu og áreiðanlegu fólki til starfa á á dælubíl og í önnur tilfallandi verkefni. Kostur er að umsækjandi hafi meiraprófsréttindi. Um er að ræða dagvinnu sem er frá kl.08:00–16:00. Verkefnin eru fjölbreytt og yfirvinna í boði á álagstímum. Tímabundið og framtíðarstarf er í boði. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknir og fyrirspurnir: Vinsamlegast hafið samband með því að senda tölvupóst á selfoss@hrt.is




Skúlagata 14, 310 Borgarnes. Um er að ræða fallegt og mikið uppgert steinsteypt hús á tveimur hæðum með tveimur íbúðum. Íbúð á neðri hæð er 67,4 fm og íbúð á efri hæð 101,9 fm að stærð. Ásett verð kr. 105.000.000. Nánari upplýsingar veitir Þórarinn Halldór Óðinsson lögg. fasteignasali, í s. 497-0040 eða 865-0350, tölvupóstur thorarinn@fastnes.is.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Desjamýri 14, Mosf. s. 894-5111 Opið 13-16.30 www.brimco.is



Claas Arion 550 C-matic - árgerð 2022, 3.200 vinnust. Fjaðrandi framhásing, frambúnaður PTO, ámoksturstæki, tvöföldun að aftan getur fylgt. Vel með farinn, verð kr. 15.500.000 +vsk. Uppl í s. 868-6113.



Gróðurhús fyrir matjurtarækt, liggjandi yfir beði eða standandi. Dúkurinn er úr ljósgrænu pe. plasti með styrkingarþræði og sterkum rennilásum. Eigum einnig mjög falleg fuglahús til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is / hak@hak.is



Bændur og búalið ath. Plast í fjárhús, hesthús, fjós og girðingar. Dren og básamottur, jarðvegsgrindur. Gúmmíhellur, útileiktæki, járnrimla-girðingar, gervigras . Heildarlausnir á leik og íþróttasvæðum. Jóhann Helgi & Co. jh@johannhelgi.is S. 565-1048.




Dísilhitari 5kw 12,24 og 220v með 4l eldsneytisgeymi. Öll þjónusta. Verð kr. 58.900. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.

**Jesús sagði:**
„Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar."
*Matt. 28.20*
biblian.is

www.velaval.is - Alltaf opið
**VÉLAVAL**
- Sendum um land allt -



GÁMASLISKJURNAR KOMNAR, GOTT VERÐ.
VÍR OG LYKKJUR EHF
772-3200






**Hársnyrtistofan Topphár**
**Dverghöfða 27, 110 Reykjavík**
**Bændur og búalið og allir hinir hjartanlega velkomin**
**Opið 8-17 virkar daga og 10-16 á laugardögum**
**Engar tímapantanir bara mæta!**

## Bókhald, uppgjör og skattaráðgjöf fyrir rekstraraðila

Accountant ehf. hefur veitt almenna bókhalds- og ráðgjafaþjónustu frá árinu 2002.
Við aðstoðum lítil og meðalstór fyrirtæki með bókhald, uppgjör, skattskil og faglega ráðgjöf þegar flækjustig eykst.

**www.accountant.is - Sími 554-1400**

***Accountant.is**



**John Deere 6115M.**
Árgerð 2014. Notkun 5.900 klst.
Ámoksturstæki og skófla.
Verð kr. 7.900.000+vsk.



**Valtra N114 E.**
Árgerð 2022.
Notkun 2410 klst.
Ámoksturstæki og skófla.
Verð kr. 10.500.000 +vsk.



**JCB 145W.**
Árgerð 2016. Notkun 12.900 klst.
1.600mm skófla fylgir.
Verð kr. 7.500.000+vsk.



**Claas Arion 460.**
Árgerð 2015. Notkun 7.500 klst.
Ámoksturtæki og skófla. Nýsmurð.
Verð kr. 7.600.000 +vsk.



**JCB 536-60.**
Árgerð 2018. Notkun 5.800 klst.
Skófla og gafflar fylgja.
Verð kr. 7.200.000+vsk.



**Manitou MLT 625-75H.**
Árgerð 2021. Notkun 5.500 klst.
Snúningsgafflar.
Verð 6.700.000 +vsk



**JCB 538-60AGS.**
Árgerð 2020. Notkun 2.600 vst.
Gafflar og skófla.
Verð kr. 8.900.000- án/vsk.

VÉLFANG
**www.velfang.is**
**velfang@velfang.is**
**Gylfaflöt 32, Reykjavík**
**Óseyri 8, Akureyri**
**Sími: 580-8200**



Vindrafstöð 600w 12 eða 24v Verð kr. 59.900.- Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104, Reykjavík. S. 888-1185.



Solis 90 dráttarvél og vagn. Dráttarvéliner árgerð 2022. Keyrð 755 tíma. Vagninn er árgerð 2016. Staðsett á Patreksfirði. Nánari upplýsingar í s. 864-5123.



Heilsárs moltutunnur frá Great Green Systems. Framleitt í Bretlandi. Vortilboð, verð kr. 34.990 m/vsk. Takmarkað magn. Nánari upplýsingar hjá Einar Á einara@einara.is s. 557-3900.



Iveco daily 2016. Með sturtupalli. Ekinn 152.000 km. 3,5 tonn. Minnaprófsbíll, kílómetragjald kr. 6.95. Nýlegir diskar og klossar hringinn. Nýjar kúplingsdælur. Nýskoðaður til ágúst 2027. Bíllinn er í Hveragerði. Verð kr. 3.900.000 +vsk. S. 792-0551.




Steinullarbíllinn. Blásum steinull í loft, hólf og gólf. Blástur þýðir minni kuldabrú. Minnkaðu hitatap, lækkaðu kyndikostnaðinn. Blásum í ný og einnig gömul hús, förum um allt land, erum við símann 577-4444.



Scania R480, með JOAB krókheysi - 2011 árg. - Ekinn 498.000 km. Pallur með vör og gafli frá '23 - Skoðaður til 10.26 - Ásett verð kr. 9.300.000 +vsk. Upplýsingar í s. 847-1536 (Baldur).



Lambheldu hliðgrindurnar. 420 x 110. Möskvar 10 x 15. Verð frá kr. 31.900 til 36.300 +vsk. Lamasett kr. 4.400 +vsk. S. 669-1336 og 899-1776, Aurasel.



Fláaskófla 1,4 m3 - S-80 tengi - ónotuð 780 kg. Stærð: 280 cm toppur og 70 cm botn. Fláí 75 cm/100 cm samkvæmt reglugerð. Verð kr. 1.490.000 +vsk. Uppl. í s. 698-0098.



Til sölu LandCruiser 70, árgerð 1986, dísil. Sumar- og nagla 31'dekk á felgum. Er í Borgarfirði. Smurbók, tveir lyklar, skoðun 2028. S. 861-5019. Verð kr. 1.800.000/Tilboð.



Lancer 150 05/22 ekinn 136.000 km. Verð kr. 9.600.000. S. 894-8620.






Hilux sjálfskiptur, ekinn 250.000 km. 3/21. Verð kr. 6.300.000. S. 894-8620.



MF 7480 6/12. Notaður 5.000 vst. Verð kr. 8.600.000 +vsk. S. 894-8620.



Sprinter, tuttugu manna rúta árgerð 2023. Verð kr. 11.900.000 +vsk. S. 894-8620.



Vario húsbíll árgerð 1996. Stráheilt boddí. Verð kr. 3.600.000. S. 896-001.



MAN krókheysi árgerð 2017. Verð kr. 4.900.000 +vsk. S. 894-8620.



Scania G490 2017 4x4á grind. Skemmd á hlið. Verð kr. 2.000.000 +vsk. S. 894-8620.



Kangoo sjálfskiptur, 2024 ekinn 50.000 km. Verð kr. 3.800.000 +vsk. S. 894-8620.




Eigum til frábæru verkfæraskápana okkar sem selst hafa vel um allt land. Fullbúinn skápur með öllum helstu verkfærum. Toppgæði og góð verkfæri. Sjá nánar á www.tologtaeki.is eða í s. 661-7743.



Fisléttu fjárgrindurnar. Krækt saman án aukahluta. Breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 11.900 til 13.900 +vsk. S. 669-1336 og 899-1776. Aurasel.



Pro Country rafskutla keypt í maí 2025. Mjög lítið notuð. Staðsett á Selfossi. Lengd 140 cm. Breidd 68 cm. Hæð undir lægsta punkt 13 cm. Tveir rafgeymar 75 AH. Hámarkshraði 15 km. Kemst 50-54 km á hleðslunni. Verð kr. 500.000. S. 893-0830.





Doka borð í góðu ástandi til sölu(geymd inni). Staðsett á Akureyri. Seljast á hálfvirði kr. 50 stk. 50x300 cm. nývirði kr. 12.980 seljast á kr. 6.500 stk. 60 stk. 25x300 cm. nývirði kr. 6.500 seljast á kr. 3.250 kr. stk. Upplýsingar í s. 820-1540. (Viggó)



M Benz 814D, árgberð 1992, mjög mikið endurnýjaður og mjög vel búinn. Myndir og frekari upplýsingar hjá Bílakjarnanum og hjá Sigurði í s. 822-3650.



Glansandi góður Suzuki S-CrossGLX árg 2016: Nýskoðaður í fínu lagi, fallegur bíll. Lipur og kraftmikill, góður í snjó. Ekinn 203.000 km. Verð kr. 1.450.000. Upplýsingar í s. 699-3210.




Skiptibíll: Til sölu Jeep Compass S,4x4, bensín/rafmagn, árgerð 2021, sjálfskiptur, ekinn 106.000 km. Verð kr. 3.290.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Yfir hundrað sortir af sláttuvélum fyrir dráttarvélar og fjórhjól. Þessi er 5 metra breið og hæfir traktorum 160hp+. Nýtt blað á www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – S. 555-6520.



Til sölu Toyota Land Cruiser 200, árgerð 2010, nýskráður 30.12.2010. Ekinn 143.000 km. Dísil 35" breyttur af Artic Trucks þegar hann var nýr. Mjög góð dekk. Bíll í toppstandi. Verð kr. 9.690.000. S. 847-4090.



Grand Vitara árgerð 2014, ekinn 171.000 km. Þarfnast lagfæringar á afturdrifi, sem kostar um kr. 200.000 á verkstæði. Bíllinn selst á kr. 550.000. Uppl í s. 692-3457.






Mercedes Benz 814 4x2 körfubíll (1997) til sölu. Ekinn 58.390 km. Ruthmann krani, hámarks vinnuhæð 28 metrar. Heildarþyngd 7.550 kg. Gott tæki á nýjum dekkjum og í góðu lagi. Verðhugmynd kr. 3.000.000 m/vsk. Upplýsingar í s. 790-1020 eða malarar@simnet.is




Ný og ónotuð Cummins 62,5 kVA rafstöð í veðurheldri hýsingu. Full sjálfvirk með 100A skiptirofa. Tilbúin sem vararafstöð á hvaða bæ sem er. Verð kr. 1.870.000 +vsk. Staðsett á Íslandi, síðasta óselda vélin. Nánari uppl í s. 661-7743 - Axel. www.tologtaeki.is



Taðklær. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð - 120 cm kr. 220.000 m/vsk. 140 cm kr. 310.000 m/vsk. 160 cm kr. 335.000 m/vsk. s 180cm kr. 345.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Argo-Watt) Með AVR spennujafnara eða án hans. AVR tryggir örugga keyrslu á öllum rafbúnaði. Mjög mörg, stór kúabú eru með þennan búnað. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Minnkum áhættu á sinubruna og pössum umhverfið. Stubbahús - Stubbastandar, frístandandi eða veggfestir. Verð frá kr. 22.940 til kr. 49.600 m/vsk. Upplýsingar á oskar.thorm@gmail.com og í s. 842-2535.



Steinaskóflur frá Camion með ásoðnum Euro festingum Breidd 140 cm - Verð kr. 173.000 +vsk. Breidd 170 cm - Verð kr. 209.000 +vsk. Breidd 210 cm - Verð kr. 253.000 +vsk. Breidd 250 cm - Verð kr. 306.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Brettagafflar 2,5 tonna burðargeta. Ásoðnar Eurofestingar. Með handfærslu, kr. 160.000 +vsk. Með glussafærslu kr. 225.000 +vsk. H.Hauksson ehf. S. 588-1130.



Langir gámarampar, fyrir 10 tonn. Heitgalvaniserað stál. Heildarlengd: 2.400 mm. Lengd á láréttum fleti: 1500 mm. Lengd á hallandi fleti: 900 mm. Breidd: 2.200 mm. Passa fyrir venjulega vörugáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 Netfang: jhh@hak.is











Drenbarkaplógur fyrir þrítengisbeisli vinnuvéla og dráttarvéla með slönguhjóli. Drendýpt og halli er fínstillt af með 125/63 mm vökvatjakk. Verð kr. 1.533.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 868-6186.




Stauraborar fyrir borvélar, SDS Max, SDS + og Hexagonal. Stærðir frá 40 mm upp í 300 mm. Massífur öxull. Borarnir passa einnig á margar gerðir af vélknúnum stauraborum. Steinborar: 40 mm x 1000 mm. Brotskóflur í SDS Max og Hexagonal. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is Heimasíða: www.hak.is



Plastgrindur í fjárhúsgólf. Þýsk hönnun og framleiðsla. Stærð 800 x 600 mm. Möskvastærð 14 x 60 mm. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Sliskjur úr áli, fyrir lyftara og brettatjakka. Fyrir lyftara: L 100 cm og 150 cm x B 42 cm par. Burðargeta á par: 7.200 kg. Fyrir brettatjakka: L 100 cm og 150 cm. x B 70 cm. 1 stk. Burðargeta: 2.000 kg. Hákonarson ehf. s. 892-4163. netfang: hak@hak.is www.hak.is



Þriggja metra breiður Jykeva H30 veghefill / flaghefill með tveimur vökvatjökkum, stuðningshjólum og endaplötum. Þyngd 1,1 tonn. Verð kr. 1.100.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130




Flórsköfur, vélkústar, stálburstar og auðvitað kústar fyrir liðléttinga. Hér er hljóðlátur kústur með góðri hleðsluendingu alveg hreint. Verð kr. 295.000 +vsk. Nýtt blað á www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – S. 555-6520.




Skiptibíll: Til sölu Ford Ranger Wildtrak, 4x4, dísil, árgerð 2020, sjálfskiptur. Verð kr. 7.390.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Fjárhúsmottur/járnristar á tilboði. Verð áður kr. 12.900 m/vsk. - Tilboð kr. 11.610 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130 - hhauksson@hhauksson.is



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager- 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól úr kopar og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Gólfhiti, gólffræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus gólfhitafræsing, verð á fermetra frá kr. 4.500 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á https://www.golffraesing.is s. 892-0808 - Oliver.



Gámarampar á lager. Heitgalvaníserað stál. Burðargeta- 8.000 kg. Stærð- 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163. www.hak.is

HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísilvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í S. 527-2600.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól ofl. Lengdir- 1,6 m,-2 m-2,1 m-2,5 m-3 m-3,5 m-4 m-4,5 m-5 m. Burður fyrir par 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163. www.hak.is



Sólarsella 600w Tvíglerja 23% nýtni. Verð kr. 39.900.- Orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163 hak@hak.is



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Sjálfsogandi neyðardælur (Trash) 2", 3",4". Öflugur búnaður með mikla dælugetu, fyrir mjög óhreint vatn og einnig skolp, soghæð allt að 8 m, dæluhæð allt að 30 m. Þessar dælur henta mjög vel til að eiga sem neyðardælur ef von er á miklum vatnsveðrum með tilheyrandi flóðum í kjallara ofl. Tilvalinn búnaður fyrir sveitarfélög, slökkvilið, hjálparsveitir, verktaka o.fl. Getum skaffað dælubarka á góðu verði. Vélarnar eru af gerðinni Honda með smurolíuöryggi. Framleiðandi: Koshin í Japan. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is, www.hak.is



Dísilhitarar til ísetningar með öllum aukahlutum. 5kw 12 og 24 volt. Öll þjónusta. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari: 680 kg. og 1500 kg. CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 / netfang- hak@hak.is



Básamottur. Drenmottur. Gúmmíhellur. Plast girðingarstaurar. Plast prófílar í fjárhús, fjós og hesthús. Jarðvegsgrindur fyrir plön, gerði og garða. Gervigras. Útileiktæki og heildarlausnir. jh@johannhelgi.is S. 565-1048.






Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is




Skiptibíll: Til sölu SsangYong Rexton, 4x4, dísil, árgerð 2020, sjálfskiptur, ekinn 99.000 km. Verð kr. 6.390.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

## Einkamál

**BÆNDER** Langar þig að taka þátt í einum skemmtilegasta stefnumótaleik landsins? Hafðu samband f. frekari upplýsingar: sigrunpeturs@bondi.is

Hæ, vildi láta alla vita að nokkur laga minna eru komin á Spotify og YouTube. Sigurlaugur Oddur Jónsson.

Óska eftir að giftast myndarlegum, tilfinningaríkum og yndislegum manni úr Þykkvabænum, helst kartöflubónda. Nr 1: Hafa gaman í lífinu og lifa lífinu lifandi. Áhugasamir hafi samband í s. 695-4228 kv. Bestust.

## Gefins

Málning fæst gefins. Málningarþjónusta sem staðsett er á Kjalarnesinu þarf að losa af lager alls konar málningu, um tvö bretti. Þeir sem geta nýtt efnið fá það frítt. Hafið samband við Stefán í s. 660-0222.

## Húsnæði

Fjögurra manna fjölskylda í leit að sumarbústað nálægt Reykjavík til leigu. S. 847-6269.

## Húsnæði

43 ára kvk. íslensku- og þýskukennari flytur aftur heim og leitar að íbúð til langtímaleigu á höfuðborgarsvæðinu frá 1. eða 15. júlí. Er með mjög góð meðmæli frá fyrri leigusala og heiti öruggum greiðslum. Er mjög reglusöm, róleg, reyklaus og á ekki gæludýr. S. 869-2981 (Loftur, bróðir minn svarar og sér um samskipti).

## Óska eftir

Skoða og kaupi: Vínylplötur, frímerki, gömul póstkort, og alls kyns mynt og seðla. Ef þið eigið eitthvað sem er að rykfalla uppi í skáp þá endilega hafið samband í s. 834-5100 eða sendið tölvupóst á gislith@internet.is

Kaupi vínylplötur, CD diska, frímerki, gömul póstkort, mynt og seðla. Safna alls kyns tónlistarefni. Óli s. 784-2410.

## Til sölu

Húsbíll til sölu, Ford E350. Góð innrétting, kæliskápur, gaseldavél, örbylgjuofn, tvö hjónarúm, salerni. Allt sem þarf í útilegu fylgir: sængur, teppi, pottar, leirtau, áhöld, borð, stólar o.fl. Góð sæti, vatnsdæla, rafmótor 220v/32v bensínvél (í lagi). Bíllinn er óskoðaður og hefur verið í geymslu. Leifur - s. 837-4568.

Sláttuorf, bensín, lítið notað og annað gamalt rafmagns. Riffill 22cal. Toz, ónotaður. Upplýsingar í s. 698-9504.

Til sölu BFgoodrich heilsársdekk 285-65-r18, lítið notuð. Uppl. í s. 846-4774.

## Þjónusta

Geymslutiltekt og skipulag. Þarft þú á aðstoð að halda með að koma á skipulagi og tiltekt í geymslunni, eða á heimilinu? Þá erum við sérfræðingar í því. Við erum staðsettar á höfuðborgarsvæðinu, en getum auðveldlega farið út á land. Flokkum og förgum. Verum hress, ekkert stress, bless bless. tiltekt@hotmail.com S. 866-0158.

Þakmálun. Mála þök. Sprauta og pensla. Brött og há þök engin fyrirstaða. sendið tölvupóst á algjormalari@gmail.com

Bændablaðið
www.bbl.is

# ALVÖRU VERKFÆRI
# ALVÖRU TILBOÐ

Milwaukee

ALLAR MILWAUKEE VÖRUR!



Milwaukee
## BÍLARNIR
ERU Á FERÐINNI UM LANDIÐ! PRUFAÐU ALLT ÞAÐ NÝJASTA OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

Sjáðu dagskránna og hvenær Milwaukee bílarnir eru nálægt þér.

## HAPPDRÆTTI!
VERSLAÐU MILWAUKEE VÖRUR DAGANA 11. MAÍ TIL 16. JÚNÍ OG ÞÚ FERÐ Í POTT.

## KAUPAUKAR
VERSLAÐU VALDAR MILWAUKEE VÖRUR OG FÁÐU FRÁBÆRA KAUPAUKA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.

Milwaukee
## HÁTÍÐIR!
KOMDU OG PRUFAÐU ALLT ÞAÐ NÝJASTA! GEGGJUÐ KLUKKUTILBOÐ, HAMBORGARAR o.fl.

| 21. MAÍ REYKJANESBÆ Fitjabraut 2 | 28. MAÍ AKUREYRI Óseyri 4 | 4. JÚNÍ REYKJAVÍK Síðumúla 9 | 16. JÚNÍ KÓPAVOGI Dalvegi 32a |
|---|---|---|---|

## VERKFÆRASETT
GEGGJAÐ ÚRVAL AF FLOTTUM VERKFÆRASETTUM.



Milwaukee AUTHORISED DISTRIBUTOR

Sjáðu öll tilboðin í netverslun.

RUBIX

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALVEGI 32a, KÓPAVOGI • FITJABRAUT 2, REYKJANESBÆ • ÓSEYRI 4, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

# AFLVÉLAR

# Sumartilboð Valtra!

## 3 ára

**verksmiðjuábyrgð**
**fylgir seldum vélum í sumar***

MADE IN FINLAND



**VALTRA S LÍNAN 280-425 HÖ**

S línan er öflug, sterk og áreiðanleg. Mikið tog og framúrskarandi þægindi fyrir ökumanninn.



**VALTRA A LÍNAN 75-135 HÖ**

A línan er lítil vél, létt og lipur. Gott pláss fyrir ökumanninn.



**VALTRA G LÍNAN 105-135 HÖ**

G línan er fyrsta vélin í 5. kynslóðinni, frábær vél fyrir ámoksturstæki. 5,7fm gler í húsi veitir gott útsýni.



**VALTRA N LÍNAN 135-201 HÖ**

N línan er öflug og lipur og er kölluð "lipri vinnuhesturinn" í VALTRA fjölskyldunni.



**VALTRA T LÍNAN 155-271 HÖ**

T línan er vinnuhestur með 6 strokka vél og getur unnið með öll tæki. Mikið afl.



**VALTRA Q LÍNAN 230-305 HÖ**

Q línan er draumur ökumannsins. Fullkomið jafnvægi milli krafts, nákvæmni og afkasta. Q stendur fyrir gæði (Quality).

*samningsbundið skv. skilmálmum til 01.09.26. Upplýsingar hjá sölumönnum.

**SELFOSSI | AKUREYRI | GARÐABÆ | sími 480-0000 | www.aflvelar.is**

Framúrskarandi fyrirtæki 2018-2025